

Þjóðarbúskapurinn

Vorskýrsla 2009

Þjóðhagsspá
fyrir árin 2009–2014



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

EFNISYFIRLIT

Helstu niðurstöður	3
Yfirlit þjóðhagsspár	4
Rammagrein 1: Fráviksspá vegna fyrirhugaðra álversframkvæmda	9
Alþjóðleg efnahagsmál	13
Rammagrein 2: Endurreisn lánveitinga í alþjóðafjármálakerfinu	15
Þjóðarútgjöld	17
Rammagrein 3: Aðgerðir stjórnvalda í efnahagsmálum	19
Rammagrein 4: Eiginfjárlutfall íbúðareigenda	21
Rammagrein 5: Fjárfesting hins opinbera	23
Utanríkisviðskipti	25
Atvinnuvegir	28
Vinumarkaður	31
Rammagrein 6: Þjóðhagsstærðir og vinnuafli	33
Laun og ráðstöfunartekjur	36
Verðlag og gengi	38
Fjármál hins opinbera	40
Rammagrein 7: Sjálfbærni skulda ríkissjóðs	42
Rammagrein 8: Um hagsveifluleiðrétta tekjuafkomu	45
Peningamál	48
Innlendur fjármálamarkaður	50
Viðauki 1 Bókhald Reiknilíkans fyrir opinber fjármál	52
Viðauki 2 Um stofnanaumgjörð hagstjórnar	54
Töfluviðauki	59

Þjóðarbúskapurinn – vorskýrsla 2009

12. maí 2009

Þjóðhagsspáin sem hér birtist er byggð á upplýsingum sem lágu fyrir 4. maí 2009

© 2009 Fjármálaráðuneytið

ISSN 1670 - 1968

Prentsmiðja: Gutenberg

Umbrot: Fjármálaráðuneytið

Forsíða: Kristján E. Karlsson, Kraftaverk

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Í þessari skýrslu er fjallað um framvindu og horfur helstu þátta efnahagsmála á árunum 2009-2011 á grundvelli nýrrar þjóðhagsspár fjármálaráðuneytisins auk framreikninga til ársins 2014. Helstu niðurstöður eru þessar:

- Við hrun íslensku bankanna haustið 2008 í alþjóðlegri fjármálakreppu varð grundvallarbreyting á íslensku efnahagslífi. Stór hluti af fjárhagslegum auði landsmanna þurrkaðist út, gengi krónunnar hrapaði, vextir hækkuðu og fjármálastarfsemi fór í uppnám. Sú þróun hefur framkallað djúpan samdrátt í innlendri eftirspurn, aukin gjaldþrot fyrirtækja og fjöldaatvinnuleysi.
- Stjórnvöld hafa brugðist við vandanum með margþættum aðgerðum samkvæmt efnahagsáætlun sem lögð var fram í nóvember 2008 í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Markmiðið er að endurreisa bankakerfið, opna á gjaldeyrismarkaðinn og treysta stöðir opinberra fjármála. Auk þess hefur verið gripið til margvíslegra aðgerða til að draga úr áhrifum áfallsins á heimili og fyrirtæki sem miðast við að endurheimta jafnvægi, bjartsýni og hagvöxt. Útlit er fyrir að næstu skref efnahagsáætlunarinnar gangi vel fyrir sig og að á komandi misserum taki efnahagslífið smám saman við sér.
- Áætlað er að landsframleiðslan hafi aukist um 0,3% árið 2008 þegar mikill samdráttur varð í innlendri eftirspurn en viðsnúningur í utanríkisviðskiptum vóg upp á móti. Árið 2009 er áætlað að landsframleiðslan dragist saman um 10,6% þegar þjóðarútgjöld lækka um fimmtung en jákvæð breyting á utanríkisviðskiptum vegur upp helming lækkunarinnar. Spáð er að hagvöxtur verði 0,5% árið 2010, þegar fjárfesting í stóriðju vex á meðan aðrir eftirspurnarliðir dragast áfram saman en af minnkandi þunga. Árið 2011 er spáð að hagvöxtur verði um 5% þegar einkaneysla og fjárfesting í öðrum atvinnuvegum taka við sér og fara að aukast á ný.
- Vegna snaraukins halla á þáttatekjujöfnuði í kjölfar bankahrunsins er áætlað að viðskiptahalli hafi verið 34,6% af landsframleiðslu árið 2008. Árið 2009 er reiknað með að hallinn verði 2,0% af landsframleiðslu þegar afgangur verður á vöru- og þjónustujöfnuði, en alþjóðleg verðsamkeppnisstaða íslenskra framleiðenda er með besta móti um þessar mundir. Smávægilegur afgangur verður á viðskiptajöfnuði árið 2010 en 1,1% halli árið 2011.
- Fram eftir árinu 2008 var atvinnuleysi lítið en hefur stórukist og verður að meðaltali 9,0% af vinnuafli árið 2009 og 9,6% árið 2010 en 7,5% af vinnuafli árið 2011. Mikill framleiðsluslaki í hagkerfinu minnkar þegar fram í sækir.
- Verðbólga jókst mikið þegar líða tók á árið 2008 í kjölfar gengislækkunar krónunnar og nam 12,4% að meðaltali það ár. Eftir að gengi krónunnar styrktist hefur dregið úr verðbólgu og er áætlað að hún nemi 10,2% í ár en minnki hratt og verði 1,6% árið 2010 og 1,9% árið 2011. Gert er ráð fyrir að stýrivextir lækki hratt árið 2009 og verði 11,8% að meðaltali það ár, en 4,3% árið 2010 og 4,8% árið 2011.
- Í lok ársins 2008 tóku tekjur ríkissjóðs að dragast hratt saman og útgjöld að aukast og nam tekjuhalli 1,2% af landsframleiðslu það ár. Árið 2009 mun hallinn aukast mikið og nema 12,6% af landsframleiðslu. Vegna aðgerða stjórnvalda er gert ráð fyrir að hallinn dragist hratt saman á komandi árum og að ríkissjóður verði með tekjuafgang árið 2013. Með niðurgreiðslu skulda verða stöðir ríkissjóðs treystar á komandi árum.
- Í framreikningum fyrir árin 2012-2014 er reiknað með hóflegum hagvexti á tímabilinu, eða um 2,6% á ári að meðaltali; að verðbólga verði lítil og stöðug, eða 2,5%, smávægilegur halli verði á viðskiptajöfnuði, eða 1,5% af landsframleiðslu og atvinnuleysi verði 4,1% af vinnuafli að meðaltali.
- Óvissuþættir í þjóðhagsspánni eru fjölmargir og miklir og tengjast endurreisn bankakerfisins, afnámi hafta á gjaldeyrismarkaði, gengi krónunnar, fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja, breytingum á alþjóðlegu samstarfi, frekari stóriðjuframkvæmdum og ástandi á vinnumarkaði.


Framvinda efnahagsmála árið 2008

Hrun bankanna batt endi á langvarandi uppsveiflu

Eftir mikið hagvaxtarskeið á árunum 2003-2007 sem drifið var áfram af innlendra eftirspurn urðu kaflaskil á síðasta ári. Framan af ári var þróunin þó áþekkt því sem verið hafði á síðari hluta ársins á undan, þar sem hagvöxtur átti að mestu uppruna sinn í vexti einkaneyslu. Á síðari hluta ársins varð hins vegar

mikið umrót á alþjóðlegum fjármálamarkaði sem framkallaði hrun íslenska bankakerfisins. Fyrir vikið dró hratt úr innlendra eftirspurn, en jákvæður viðsnúningur í utanríkisviðskiptum leiddi til þess að hagvöxtur var 0,3% á árinu.

Segja má að á árinu 2007 hafi hin alþjóðlega fjármálakreppa sem nú geisar verið að gerjast og grafa um sig á alþjóðlegum mörkuðum. Hafði sú þróun þau áhrif að áhyggjur af stöðu íslenska fjármálamarkaðarins tóku að aukast. Með örum vexti á alþjóðavettvangi á tímum lánsfjárgnægðar höfðu stóru viðskiptabankarnir þrír komið sér í þá stöðu að vera mjög háðir árferði á alþjóðamörkuðum og aðgengi að lánsfé. Áhyggjurnar snéru einkum að því að vegna vaxandi áhættufælni á mörkuðum gætu íslenskir



Mynd 1
Hagvöxtur, þjóðarútgjöld og viðskiptajöfnuður/VLF 1995–2011

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

bankar lent í erfiðleikum með endurfjármögnun, sér í lagi vegna takmarkaðrar getu Seðlabanka Íslands til að sinna hlutverki lánveitanda til þrautarvara í erlendra mynt. Þessar áhyggjur komu fram í háum skuldatryggingarálögum á íslensku bankana umtalsvert áður en bankarnir fóru í greiðsluþrot í október 2008. Strax í lok mars það ár fór að bera á því að erlendir markaðir væru að lokast íslensku bönkunum. Þetta birtist í því að vaxtamunur á gjaldeyris-skiptamarkaði hvarf vegna skorts á erlendu lánsfé. Í kjölfarið féll gengi íslensku krónunnar umtalsvert sem jók 12 mánaða verðbólgu úr 8,7% í mars í 11,8% í apríl og brást Seðlabankinn við með því að hækka stýrivexti um 1,75% í 15,5%.

Mikill framleiðslulaki hefur myndast í hagkerfinu

Mikil skerðing kaupmáttar launa og ráðstöfunartekna einkenndu árið 2008 ásamt því að eignaverð lækkaði að raunvirði. Staða heimilanna fór því versnandi yfir árið sem sést á því að á 2. og 3. fjórðungi síðasta árs dróst

Tafla 1 Yfirlit þjóðhagsspár 2008–2011

	Ma.kr. 2008	Magnbreytingar frá fyrra ári, %			
		Brb. 2008	Spá		
		2008	2009	2010	2011
Einkaneysla	793,8	-7,7	-24,7	-2,5	5,5
Samneysla	360,0	2,8	0,5	0,3	0,4
Fjármunamyndun	350,4	-21,8	-36,3	11,6	17,7
Birgðabreytingar ¹	3,3	0,1	0,5	0,0	0,0
Þjóðarútgjöld alls	1 507,6	-9,3	-21,3	0,7	6,4
Útflutningur vöru og þjónustu	655,1	7,1	0,5	1,6	3,0
Innflutningur vöru og þjónustu	697,6	-18,0	-27,9	2,4	6,1
Landsframleiðsla	1 465,1	0,3	-10,6	0,5	5,0
Þjóðartekjur	1 004,6	-28,9	21,7	2,4	5,6
Viðskiptajöfnuður	- 514,5
% af landsframleiðslu	.	-34,6	-2,0	0,2	-1,1

1. Hlutfallstölurnar sýna birgðabreytingar milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verði.


einkaneysla umtalsvert saman. Sama má segja um aðra eftirspurnarliði eins og fjárfestingu atvinnuveganna og íbúðafjárfestingu. Snarpur viðsnúningur í innlendri eftirspurn var hafinn áður en bankarnir fóru í þrot síðastliðið haust í þrengingum á alþjóðlegum fjármálamarkaði. Þegar bandaríski fjárfestingarbankinn Lehmann Brothers varð gjaldþrota um miðjan september, eftir að bandarísk stjórnvöld ákváðu að koma honum ekki til bjargar, varð allsherjar hrún. Í kjölfarið fylgdu gífurleg eignaverðslækkun og gengisfall og efnahags- og rekstrarreikningar heimila og fyrirtækja fengu á sig mikinn skell. Þannig dróst einkaneysla saman um 23,8% á síðasta fjórðungi ársins miðað við sama ársfjórðung á fyrra ári og um 7,7% á árinu í heild.

Þótt hagvöxtur væri mjög breytilegur eftir ársfjórðungum varð hann 0,3% fyrir árið í heild samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands. Mikill viðsnúningur í utanríkisverslun hafði meiri áhrif til að auka við landsframleiðsluna en árið 2007, eftir að hafa haft gagnstæð áhrif nokkur ár þar á undan. Þrátt fyrir það varð viðskiptahallinn meiri en nokkru sinni, eða sem nam 34,6% af vergri landsframleiðslu. Það skýrist af áætlun um stórlega aukinn halla á jöfnuði þáttatekna, sem nam 460 ma.kr. á árinu. Taka ber fram að mikil óvissa ríkir um þá áætlun. Mikil aukning atvinnuleysis undir lok ársins og það sem af er 2009 bendir til að sú framleiðsluspenna sem ríkti á árunum á undan hafi snúist hratt í mikinn framleiðsluslaka. Það dró merkjanlega úr launaþrýstingi á innlendum vinnumarkaði þegar leið á árið. Laun hækkuðu um 8,1% að meðaltali yfir árið miðað við launavísitölu Hagstofunnar og dróst kaupmáttur launa saman um 5,4% og var það megin skýring 6,5% lækkunar kaupmáttar ráðstöfunartekna á mann. Verðbólga var þó að meðaltali 12,4% og hefur ekki verið meiri í 19 ár en sú þróun réðist að mestu af þróun gengisins, sem var að meðaltali 28,9% veikara en á fyrra ári.

Í kjölfar hruns bankanna leituðu stjórnvöld eftir samstarfi við Alþjóðagjald-eyrissjóðinn (AGS) um að koma á stöðugleika í hagkerfinu og vinna úr afleiðingum hrunsins. Samkomulagið felur í sér um 2,1 milljarða bandaríkjadala lánveitingu frá sjóðnum og 3,3 milljarða dala lán frá öðrum þjóðum. Meginmarkmið samstarfsins eru þrjú, að endurreisa bankakerfið, að opna á gjaldeyrismarkaðinn á ný og vinna úr afleiðingum hrunsins á stöðu ríkissjóðs og tryggja að auknar skuldir hans verði sjálfbærar til frambúðar (sjá rammagrein 7). Í kjölfarið var gjaldeyrismarkaður opnaður en með gjald-eyrishöftum á fjármagnsflutninga og jafnframt voru stýrivextir hækkaðir í 18%.

Þau skörpu skil sem orðið hafa í ríkisfjármálum mótast af mikilli skuldsetningu vegna falls bankanna og endurfjármögnunar á bankakerfinu. Góð staða ríkissjóðs við upphaf áfallsins gerir aukna skuldsetningu og vaxtabyrði viðráðanlegri en ella hefði verið. Þá er fyrir séð að hallarekstur verði mikill á næstu árum, en í samkomulagi stjórnvalda við AGS er stefnt að því að ná böndum á hallareksturinn með umfangsmiklum aðhaldsaðgerðum.

Í uppsveiflunni jókst afkoman mikið og svigrúm til að auka útgjöld og lækka skatta var nýtt. Við núverandi aðstæður er komið fram mikið misvægi í opinberum fjármálum sem þarf að brúa. Ríkisfjármálin hafa sveiflujafnandi áhrif á þjóðarþúskaðinn árin 2008 og 2009 en líklegt er að þau muni frekar draga úr hagvexti árið 2010 þegar slaki er enn mikill. Því er afar mikilvægt að aðgerðir til að endurvekja hagvöxt með endurreisn bankakerfisins, auka fjárfestingu í hagkerfinu og treysta stoðir heimilanna gangi hratt og vel fyrir sig á komandi misserum.



Mynd 2

Hlutdeild ráðstöfunarpátta í hagvexti 2006–2011

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Hagvöxtur var lítillega jákvæður árið 2008 ...

... en breytilegur innan ársins

Aðgerðir miðast við að endurheimta stöðugleika

Afkoma ríkissjóðs var neikvæð í fyrsta sinn síðan 2003

Afkoma ríkissjóðs á þjóðhagsgrunni var neikvæð á síðasta ári um 16,9 ma.kr. eða um 1,2% af vergri landsframleiðslu. Er þetta í fyrsta sinn frá árinu 2003 sem afkoman er neikvæð.

Þrátt fyrir að þróunin á síðari hluta ársins sé afar neikvæð á flesta mælikvarða er að sjá mikinn sveigjanleika íslenska hagkerfisins sem jafnan hefur verið talinn einn helsti styrkur þess án þess að á hann hafi reynt í þeim mæli sem nú er raunin. Þetta kemur fram í miklum magnsamdrætti innflutnings í kjölfar hruns innlendar eftirspurnar á síðasta fjórðungi ársins, þar sem innflutningur dróst hlutfallslega mun meira saman en þjóðarútgjöld, eða um 47,1% á móti 18,8%. Þá er mikil lækkun raunlauna í þessu samhengi til marks um mikinn sveigjanleika á vinnumarkaði, þar sem lækkun raunlauna í kjölfar framleiðniskells er forsenda þess að vinnuveitendur sjái sér hag í að ráða til sín starfsfólk á nýjan leik þannig að dragi úr atvinnuleysi.

Efnahagshorfur 2009-2011

Horfurnar í efnahagsmálum á þessu ári eru dökkar. Atvinnulífið líður fyrir það að starfsemi fjármálakerfisins er ekki komin á fullt skrið þar sem endurskipulagning og endurfjármögnun kerfisins er ekki fullfrágengin. Þá ríkir enn mikil óvissa um endanlega skuldstöðu þjóðarþúsins og hins opinbera vegna óútkljáðra skuldbindinga við önnur ríki og kröfuhafa. Jafnframt ríkir óvissa um hvenær eða í hve miklum mæli gjaldeyrishöftum verður aflétt en það er að mörgu leyti háð því hvernig tekst að losa um stórar stöður erlendra fjárfesta í íslenskum verðbréfum.

Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er áætlað að samdráttur vergrar landsframleiðslu verði 10,6% árið 2009. Það kemur til vegna mikils samdráttar í heildareftirspurn í hagkerfinu en því er spáð að þjóðarútgjöld dragist saman um 21,3% að magni til á árinu. Stærstu áhrifin koma til vegna samdráttar í einkaneyslu en þjóðhagsspá gerir ráð fyrir 24,7% samdrætti á árinu. Það má rekja til 10,9% samdráttar í kaupmætti ráðstöfunartekna auk þess sem því er spáð að atvinnuleysi nái 9,0% yfir árið í heild. Þá er ljóst að þröng skilyrði vegna skuldsetningar heimila draga úr einkaneyslunni auk þess sem heimilin hafa aukið sparnað til að koma til móts við óvissuna sem ríkir í efnahagsmálum. Fjárfestingu er einnig spáð miklum samdrætti yfir árið eða um 36,3%. Áætlað er að fjárfesting í atvinnuvegum án stóriðju dragist saman um 37,9% yfir árið sem endurspeglar að mörgu leyti hrun bankakerfisins og þrönga stöðu fyrirtækja vegna hárrar skuldstöðu og minnkandi umsvifa. Því er spáð að fjárfesting í íbúðarhúsnæði dragist saman um 60,1% en fasteigna-

markaður varð fyrir verulegum skakkaföllum árið 2008 eftir mikla offjárfestingu árin á undan sem hefur skilið eftir sig mikið magn af ónýttu húsnæði. Húsnæðisverð hefur jafnframt tekið að lækka nokkuð hratt að nafnvirði sem gerir aðlögun fyrirtækja í mannvirkjagerð erfiðari.


Bjarta hliðin á árinu 2008 var áframhaldandi viðsnúningur á vöru- og þjónustujöfnuði og er búist við að sú þróun haldi áfram í ár. Þannig er gert ráð fyrir 27,9% samdrætti innflutnings vöru og þjónustu á árinu sem má rekja til minnkandi einkaneyslu og mikils samdráttar í innflutningi fjárfestingarvara, ef frá er talinn innflutningur tengdur stóriðju. Gert er ráð fyrir að útflutningur aukist um 0,5% á árinu. Verðsamkeppnisstaða

íslenskra útflytjenda hefur batnað verulega með gengislækkuninni. Þá er framleiðsluaukning vegna Fjarðaáls að mestu komin fram og ekki er fyrirsjáanleg aukning í útflutningi sjávarafurða. Hins vegar er gert ráð fyrir að annar útflutningur aukist eftir því sem hagkerfið lagar sig að hagstæðara gengi. Það sama á við um ferðaþjónustu en gert er ráð fyrir aukningu í þeim geira vegna gengisþróunar þrátt fyrir að efnahagssamdráttur á heimsvísu

*Djúp efnahagslægd
árið 2009*

*Þjóðarútgjöld hrapa og
atvinnuleysi eykst ...*

*... en áframhaldandi
jákvæður viðsnúningur í
utanríkisviðskiptum*



Mynd 3


Framleiðslu- og vinnumarkaðs- spenna og verðbólga 1997–2011

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

dragi úr flæði ferðamanna um heiminn. Það sem stendur auknum útflutningi hins vegar fyrir þrífum er að viðskiptakjör hafa versnað talsvert og er gert ráð fyrir að þau verði slæm út árið vegna lækkandi sjávarafurðaverðs og álverðs.

Reiknað er með að þrátt fyrir afgang á vöru- og þjónustujöfnuði verði viðskiptajöfnuður neikvæður um 2,0%. Það orsakast af því að gert er ráð fyrir að jöfnuður þáttatekna verði neikvæður um 126,9 milljarða á árinu. Taka ber fram að veruleg óvissa ríkir um útkomu þáttatekjujöfnuðar meðan endurskipulagning bankakerfisins er í gangi. Þó er ljóst að nettó vaxtagreiðslur innan jöfnuðarins munu verða þungur baggi í fyrirsjáanlegri framtíð.

Í þjóðhagsspá er reiknað með að hratt dragi úr verðbólgu árið 2009 og að hún verði 10,2% að meðaltali yfir árið en verði nálægt 3,5% í lok ársins. Verðbólga á fyrsta ársfjórðungi 2009 varð lægri en gert var ráð fyrir í uppfærðri janúarspá ráðuneytisins sem útskýrist að mestu af því að fasteignaverð lækkaði umtalsvert sem hafði áhrif á kostnað við eigin húsnæði í vísitölunni. Verðbólguþrýstingur er nánast horfinn úr hagkerfinu vegna eftirspurnarsamdráttar og aukins atvinnuleysis en eftir stendur veruleg óvissa um þróun í gengismálum. Gert er ráð fyrir að fasteignaverð lækki áfram á árinu og vegi á móti gengisáhrifum sem reiknað er með að fjari út síðar á árinu. Því er spáð að gengið verði áfram veikt út árið og lækki um 23,9% að meðaltali



Mynd 4

Hagvöxtur og landsframleiðsla á föstu verðlagi 2000-2014

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Dregur hratt úr verðbólgu ...

... þrátt fyrir veikt gengi

Tafla 2 Lykiltölur efnahagsstærða 2008–2011

Þjóðhagsstærðir		2008	2009	2010	2011
Hagvöxtur	%	0,3	-10,6	0,5	5,0
Þjóðarútgjöld	magnbr. milli ára, %	-9,3	-21,3	0,7	6,4
Viðskiptajöfnuður	% af VLF	-34,6	-2,0	0,2	-1,1
Þjóðhagslegur sparnaður	% af VLF	23,5	19,8	21,8	23,6
Vinumarkaður					
Atvinnuleysi	% af vinnuafli	1,7	9,0	9,6	7,5
Kaupmáttur tímakaups	br. milli ára, %	-4,1	-6,5	1,2	3,6
Kaupmáttur ráðst.tekna á mann	br. milli ára, %	-7,8	-11,2	-2,5	4,6
Utanríkisviðskipti					
Útflutningsframleiðsla sjávarafurða	magnbr. milli ára, %	-5,0	-0,4	2,0	0,0
Útflutningsframleiðsla stóriðju	magnbr. milli ára, %	60,6	6,8	0,5	6,3
Útflutningur alls	magnbr. milli ára, %	7,1	0,5	1,6	3,0
Innflutningur alls	magnbr. milli ára, %	-18,0	-27,9	2,4	6,1
Peninga- og verðlagsmál					
Verðbólga	%	12,7	10,2	1,6	1,9
Gengisvísitala	31. des. 1991 = 100	166,0	218,3	219,1	202,9
Stýrivextir Seðlabankans	meðaltal árs, %	15,4	11,8	4,3	4,8
Ytri skilyrði					
Hagvöxtur í OECD-ríkjum	%	0,9	-4,3	-0,1	1,5
Verðbólga í OECD-ríkjum	%	3,4	0,3	0,8	2,8
Erlent verð sjávarafurða	br. milli ára, %	0,0	-16,4	-3,5	-0,6
Erlent verð á áli	br. milli ára, %	-2,3	-44,7	8,2	6,4


Heimildir: Fjármálaráðuneytið, Hagstofa Íslands, OECD, Seðlabanki Íslands, Vinnumálastofnun. Vegna óvissu tengdri gagnasöfnun er ekki unnt að birta áætlun um hreina stöðu þjóðarþúsins.

milli ára en lækkunin skýrist af stórum hluta af grunnáhrifum frá fyrra ári. Þá er áætlað að Seðlabankinn haldi áfram því lækkunarferli stýrivaxta sem hófst í mars með stærri skrefum á árinu þannig að stýrivextir verði 11,8% að meðaltali yfir árið en tæplega 6% í lok þess. Yfir árið í heild er gert ráð fyrir að framleiðsluslaki myndist sem nemi 6,8% af framleiðslugetu en gert er ráð fyrir að sá slaki hverfi smám saman á næstu árum.

Aðlögun hagkerfisins að gjörbreyttum aðstæðum er í fullum gangi um þessar mundir. Veiking raungengis krónunnar veldur því að eftirspurn í hagkerfinu, þó minnkandi sé, hefur beinst í auknum mæli inn á við á kostnað innfluttra vara. Þannig hafa atvinnugeirar sem áður voru í beinni samkeppni við innfluttar vörur séð minni samdrátt en ella og jafnvel aukningu í umsvifum, hvort sem það er í verslun eða iðnaði. Jafnframt eru horfur á að hagkerfið verði útflutningsmiðaðra í ljósi stórbættrar samkeppnisstöðu. Engu að síður er atvinnulífið á heildina litið í mjög þröngri stöðu og þarf að takast á við afar þröng skilyrði á lánsfjármarkaði, mikinn vaxtakostnað og hratt minnkandi eftirspurn. Það útskýrir verulega aukningu atvinnuleysis síðustu mánuði en spáð er 9,0% atvinnuleysi yfir árið í heild.

Aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn gerir ráð fyrir að áhrif sjálfvirkra sveiflujafnara opinberra fjármála komi óhindruð fram á árinu 2009, sem dregur úr samdrættinum. Þannig verður gríðarlegur halli á rekstri hins opinbera á árinu, eða um 198,2 ma.kr. eða 14,1% af landsframleiðslu. Jafnframt mun halli á ríkissjóði það ár nema 177,6 ma.kr., eða 12,6% af landsframleiðslu. Halli ríkissjóðs stafar af miklum samdrætti í tekjum vegna minnkandi efnahagsumsvifa á meðan gjöld stórukast á sama tíma vegna aukinna tilfærslna. Í útreikingum

nýrrar þjóðhagsspár fjármálaráðuneytisins er gert er ráð fyrir að ný ríkistjórn grípi til frekari aðgerða til að bæta afkomu ríkissjóðs til að markmiðum efnahagsáætlunarinnar verði náð. Farin verði blönduð leið tekjuöflunar og útgjaldaniðurskurðar. Þannig er miðað við að á síðari helmingi ársins 2009 verði gripið til aðgerða til að bæta áætlaða afkomu ríkissjóðs um tæpa 20 ma.kr. það ár. Á sama hátt er gert ráð fyrir frekari aðgerðum sem bæti afkomuna um 45 ma.kr. árið 2010 og um 20 ma.kr. til viðbótar árið 2011. Sveitarfélögin eru talin skila halla upp á 12,1 ma.kr. eða 0,9% af landsframleiðslu. Til að takmarka umfang ríkisfjármála þurfti að rífa seglin í fjárlögum ársins 2009 en það hefur þau áhrif að vöxtur samneyslu verður minni en



Mynd 5

Vöxtur landsframleiðslu, þjóðartekna og þjóðarútgjalda 2000-2014

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Hægfara bati árið 2010

undanfarin ár, eða um 0,5%. Af sömu orsökum er áætlað að opinber fjárfesting dragist saman um 40,4% á árinu.

Efnahagslífið hefur liðið fyrir þá óhjákvæmilegu biðstöðu sem myndaðist við hrun bankakerfisins. Vinna við endurskipulagningu fjármálakerfisins er langt komin en hún er nauðsynleg forsenda þess að miðlunarhlutverk fjármálakerfisins verði virkt á ný. Þangað til þeirri vinnu er lokið og bankarnir endurfjármagnaðir verður staða fyrirtækja áfram með erfiðasta móti. Vaxtalækkanir Seðlabanka Íslands hjálpa til en á móti kemur óvissa varðandi gengisþróun sem kemur niður á fyrirtækjum með miklar erlendar skuldir en litlar tekjur í erlendum gjaldmiðli. Við bætist að staðan í alþjóðlegum efnahagsmálum hefur versnað talsvert síðustu mánuði og horfunar fyrir árið í ár eru dökkar. Nú sem aldrei fyrr eru efnahagshorfur hér á landi bundnar þróun á alþjóðavísu. Horfur um aðgengi að lánsfjármagni, verð á útflutningsvörum og vaxtastig eru allt þættir sem miklu ráða um hvernig til tekst við að komast upp úr niðursveiflunni sem nú á sér stað.

Árið 2010 er reiknað með að hægfara viðsnúningur eigi sér stað. Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði 0,5% yfir árið en vöxtur þjóðarútgjalda

Rammagrein 1: Fráviksspá vegna fyrirhugaðra álversframkvæmda


Í grunnspá fjármálaráðuneytisins er miðað við að áframhald verði á nokkrum stóriðjuframkvæmdum á næstu árum. Um er að ræða byggingu álvers í Helguvík, stækkun álversins í Straumsvík og tilheyrandi orkuöflunarframkvæmdir. Ekki er gert ráð fyrir byggingu álvers á Bakka við Húsavík eða tengdra orkuvera í grunnspá. Þá er ekki reiknað með öðrum meðalstórum fjárfestingarkostum, t.d. byggingu gagnavera eða kísilliðnaði, en slíkt hefur einnig komið til umræðu. Frá því að hin alþjóðlega fjármálakreppa brast á er talið að erfiðleikar á lánsfjármörkuðum hafi aukið óvissu um það hvort af þessum framkvæmdum verði. Á móti má benda á að ekkert hefur komið fram hjá viðkomandi fyrirtækjum sem bendir til að frestun eða stöðvun framkvæmda sé framundan. Miðað við mikilvægi málsins er áhugavert að uppfæra matið á því hver hin þjóðhagslegu áhrif framkvæmdanna eru líkleg til að vera.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru áætlaðar að nema 402 ma.kr. á nafnvirði á tímabilinu 2008-2015 og þar af er kostnaðurinn við stækkun álversins í Straumsvík metinn vera um 45 ma.kr. Krafturinn í framkvæmdunum verður mestur árin 2010-2012 en einnig verða miklar framkvæmdir næstu tvö ár þar á eftir.

Áætlað er að á tímabilinu 2009-2015 muni framkvæmdirnar og aukinn útflutningur auka landsframleiðsluna um 4,2% að raungildi. Á fyrri hluta tímabilsins er aukin landsframleiðsla að mestu tilkomin vegna aukinnar atvinnuvegafjárfestingar til stóriðju en á seinni hluta tímabilsins er aukin landsframleiðsla til komin vegna aukins útflutnings á áli. Miðað er við að framkvæmdirnar hafi það í för með sér að vaxtastigið verði 1-2,5 prósentustigum hærra en ella sem gerir það að verkum að einkaneysla og önnur fjárfesting verður lítillega minni en ella. Innflutningur, sem mun aukast á fyrri hluta tímabilsins vegna aukins innflutnings fjárfestingarvara, mun verða minni á seinni hluta tímabilsins vegna minni innflutnings neyslu- og fjárfestingarvara. Samtals auka framkvæmdirnar landsframleiðsluna allt tímabilið eins og sjá má á mynd 2 en það dregur úr áhrifunum í lok tímabilsins þegar stóriðju fjárfesting dregst hratt saman.


Mynd 3 sýnir að ef af framkvæmdunum verður mun hagvöxtur aukast umtalsvert á næstu árum vegna þeirra en samdráttur í fjárfestingu í lok tímabilsins auk grunnáhrifa draga úr hagvextinum á seinni hlutanum.

Atvinnuleysi dregst nokkuð saman á tímabilinu ef af framkvæmdunum verður. Áhrifin eru mest áberandi þegar framkvæmdirnar standa sem hæst árin 2010-2012 en síðan dregur úr þeim jafnt og þétt þegar líður á tímabilið þegar atvinnuleysið fer minnkandi. Samkvæmt mati fjármálaráðuneytisins á lögmáli Okun's sem sýnir tölfræðilegt samband atvinnuleysis og hagvaxtar er áætlað að fyrir hvert stig hagvaxtar hér á landi dragi úr atvinnuleysi sem hlutfall af vinnuafli um u.þ.b. 0,2 prósentustig. Gera má ráð fyrir að þar sem um vinnuafsfrekar aðgerðir er að ræða auk þess sem atvinnuleysi mun verða mikið í upphafi framkvæmda gætu áhrifin nú verið lítið eitt meiri eða sem nemur 0,25 prósentustigum.




Mynd 1
Fjárfesting í stóriðju 2008-2015

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.



Mynd 2
Verg landsframleiðsla 2007-2016

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.




Mynd 3
Áhrif framkvæmda á hagvöxt og atvinnuleysi 2008-2016

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

Út frá efnahagslegum forsendum er tímasetning framkvæmdanna óvenju góð. Ljóst er að atvinnuleysi verður mikið hér á landi á næstu árum og þau störf sem skapast við framkvæmdirnar eru því hrein viðbót við þau störf sem fyrir eru. Má gera ráð fyrir að allt upp undir 1.000 viðbótarársverk skapist við framkvæmdirnar á ári og eru þá ekki meðtalin þau fjölmörgu óbeinu störf sem myndast við framkvæmdir sem þessar. Í árferði þar sem atvinnuleysi er lítið ryðja slíkar framkvæmdir jafnan margvíslegum öðrum verkefnum til hliðar og störfin sem skapast eru því ekki hrein viðbót eins og nú mun verða. Þá mun innstreymi erlends fjármagns vegna framkvæmdanna hafa jákvæð áhrif á gengi íslensku krónunnar til styrkingar en gengi krónunnar er spáð veikur á næstu árum. Á móti kemur þá mun vaxtastigið verða hærra en ella ef af framkvæmdunum verður en þó er ekki gert ráð fyrir að vaxtastigið verði hátt hér á landi á næstu árum.

er áætlaður 0,7%. Einkaneyslu er spáð 2,5% samdrætti yfir árið í heild en að hún verði farið að taka við sér á seinni hluta ársins. Á árinu er reiknað með að kaupmáttur ráðstöfunartekna dragist saman um 9,0%. Miðað við það verður hlutur einkaneyslu í landsframleiðslu orðinn sögulega lítill, eða tæp 43% af framleiðslugetu, en undanfarin ár hefur hlutfallið verið á bilinu 55% - 60% af framleiðslugetu. Stærsta hlutann í litlum hagvexti árið 2010 má rekja til um 66% aukningar í stóriðjufjárfestingu en gert er ráð fyrir að framkvæmdir við álver í Helgúvík komist á fullt skrið á árinu. Hins vegar er gert ráð fyrir áframhaldandi samdrætti í heildarfjárfestingu þar sem fjárfesting atvinnuvega utan stóriðju mun dragast saman um 29,3% auk þess sem reiknað er með að fjárfesting í íbúðarhúsnæði dragist saman um 4,5% og fjárfesting hins opinbera dragist saman um 15% vegna aðhaldsaðgerða í samræmi við aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar. Áætlað er að samneysla vaxi um 0,3% á árinu sem einnig endurspeglar nauðsynlegar aðhaldsaðgerðir í samræmi við áætlanir um að ná tókum á skuldum hins opinbera.

Því er spáð að vöru- og þjónustuskiptajöfnuður verði áfram jákvæður og nemi 7,6% af landsframleiðslu. Það gerist þrátt fyrir aukinn innflutning vegna stóriðjuframkvæmda en áætlað er að innflutningur aukist um 2,4% á árinu. Þá er áætlað að útflutningur aukist um 1,6% en þar er gert ráð fyrir að hagstætt útflutningsgengi valdi því að útflutningur utan stóriðju og sjávarafurða aukist nokkuð. Reiknað er með að viðskiptajöfnuður nemi 0,2% af landsframleiðslu á árinu sem helgast fyrst og fremst af 104,7 milljarða króna þáttatekjuhalla. Gert er ráð fyrir að viðskiptakjör batni á árinu eftir því sem hagvöxtur glæðist lítillega á heimsvísu.



Mynd 6

Viðskiptakjaraáhrif vöru og þjónustu 1990-2013

Heimildir: Hagstofa Íslands og fjármálaráðuneytið.

Lítill og stöðug verðbólga

Hagvöxtur eykst árið 2011

Afkoma ríkissjóðs batnar

Reiknað er með að verðbólga verði 2,5% á fyrsta ársfjórðungi 2010 en fari svo minnkandi og verði 1,6% yfir árið. Þar á gengisstyrking innan ársins hlut í máli en yfir árið í heild er gert ráð fyrir að gengið veikist um 0,4% að meðaltali sem má fyrst og fremst rekja til grunnáhrifa frá árinu 2009. Í samhengi við litla verðbólgu og framleiðsluslaka sem áætlaður er að vera 6,2% er því spáð að stýrivextir verði lækkaðir enn frekar og verði 4,3% yfir árið. Í þjóðhagsspá er áætlað að atvinnuleysi nái hámarki yfir spátímabilið árið 2010 og verði að meðaltali 9,6% af vinnuafli á árinu.

Áætlað er að bati hefjist af fullum krafti árið 2011 þegar spáð er 5,0% hagvexti yfir árið. Reiknað er með því að einkaneysla taki við sér á ný og vaxi um 5,5% á árinu í samræmi við 1,4% aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna og lítilsháttar minnkun atvinnuleysis sem lækkar niður í 7,5% af vinnuafli. Spáð er 17,0% aukningu í fjárfestingu en áætlað er að almenn fjárfesting aukist, auk þess sem íbúðafjárfesting fari að aukast á nýjan leik. Samneysla verður áfram með minnsta móti en spáð er 0,4% vexti yfir árið sem helgast af aðhaldi í opinberum rekstri. Gert er ráð fyrir að afgangur á vöru- og þjónustujöfnuði

nemi 5,8% af landsframleiðslu á árinu en að halli á viðskiptajöfnuði verði 1,1% af landsframleiðslu sem helgast sem fyrr af neikvæðum þáttatekjujöfnuði. Með auknum umsvifum minnkar framleiðslulakinn í hagkerfinu í 2,5% á árinu.

Stefnt er að afkomubata í rekstri hins opinbera á hverju ári frá 2009. Árið 2010 er gert ráð fyrir áframhaldandi halla á rekstri hins opinbera sem nemur 144,4 ma.kr. og að hann verði 9,9% af landsframleiðslu. Ríkissjóður verður þar af rekinn með 123,5 ma.kr. halla, eða 8,5% af landsframleiðslu. Halli á rekstri sveitarfélaga er talinn nema 17 ma.kr., eða 1,2% af landsframleiðslu. Árið 2011 verður talsverður halli á rekstri hins opinbera, eða alls 87,8 ma.kr., sem svarar 5,7% af landsframleiðslu. Mun ríkissjóður verða rekinn með 75,2 ma.kr. halla, eða 4,9% af landsframleiðslu en sveitarfélögin með 11,4 ma.kr. halla eða 0,7% af landsframleiðslu.

Óvissuþættir í þjóðhagsspánni eru enn óvenju miklir líkt og í janúarspánni. Þótt miði í rétta átt liggur endanleg niðurstaða um mikilvæg mál sem tengjast endurreisn bankakerfisins ekki fyrir. Þá hefur ekki verið tekin ákvörðun um það hvenær gjaldeyrishöftum verður aflétt og jafnframt ríkir óvissa um hve mikil áhrif það hefur á gengi krónunnar þegar það verður gert. Aðrir óvissuþættir lúta að þróun alþjóðlegra efnahagsmála en stærð og tímasetning viðsnúnings í heimsbúskapnum getur haft töluverð áhrif á viðskiptakjör hagkerfisins, útflutning sem og aðgengi landsmanna að erlendu lánsfé.

Jákvæðar horfur til lengri tíma

Efnahagshorfur fram til 2014

Fjármálaráðuneytið hefur endurskoðað langtímaspá til ársins 2013 sem birtist í haustskýrslu Þjóðarbúskaparins 2008. Ljóst er að mikil breyting er frá þeirri spá sem þar birtist en langtímaspáin að þessu sinni litast að miklu leyti af því að hagkerfið er að ná jafnvægi úr einni dýpstu lægð sem það hefur lent í. Slík aðlögun er nokkurra ára ferli, en hún mótast að talsverðu leyti af því samkomulagi sem íslensk stjórnvöld og AGS hafa gert um stöðugan bata á afkomu ríkissjóðs. Þá ber að undirstrika að ekki er reiknað með frekari stóriðjuframkvæmdum í langtímaspánni en ákvörðun hefur verið tekin um.

Mikilvægt er að hafa hugfast að langtímaspár eru í eðli sínu ónákvæmar þar sem þær byggja á ófullkomnum upplýsingum um alla þá þætti sem geta haft mikil áhrif á efnahagsframvinduna með skömmum fyrirvara. Þá hafa þær for-

Tafla 3 Helstu hagstærðir framreikninga til 2014

<i>Árleg magnbreyting í % nema annað sé tekið fram</i>	Árleg meðaltöl		Árleg breyting			
	2005- 2008	2009- 2014	2011	2012	2013	2014
Verg landsframleiðsla	4,4	0,3	5,0	3,2	1,8	2,9
Einkaneysla	3,4	-2,1	5,5	5,2	4,1	3,9
Samneysla	3,6	0,7	0,4	0,7	1,2	1,5
Fjámunamyndun	3,0	-2,6	17,7	4,7	-6,7	4,1
Atvinnuvegir	2,0	1,4	22,8	5,1	-8,9	3,3
Íbúðarhúsnæði	3,2	-9,4	6,9	9,9	12,5	9,6
Hið opinbera	5,2	-12,7	-2,3	-3,3	-10,7	3,7
Útflutningur vöru og þjónustu	6,4	2,7	3,0	4,1	3,8	3,4
Innflutningur vöru og þjónustu	3,8	-2,0	6,1	6,2	1,9	4,7
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-23,3	-1,2	-1,1	-2,1	-1,2	-1,1
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	1,5	6,4	7,5	5,4	4,1	2,9
Verðbólga milli ára, %	7,1	3,5	1,9	2,5	2,5	2,5

sendur sem spáin byggir á mikil áhrif. Helstu forsendur þeirra framreikninga

*Hagvöxtur
einkennist af jafnvægi*

sem hér eru birtir snúa helst að eflingu íslensks fjármálamarkaðar þegar fram í sækir og að alþjóðahagkerfið taki við sér á árunum 2010-2011. Þá er reiknað með áhrifum aukins aðhalds í fjármálum ríkissjóðs á innlenda eftirspurn. Miðað er við að farin verði blönduð leið aukinnar tekjuöflunar og útgjaldaniðurskurðar þótt nákvæm áætlun um aðhald í ríkisfjármálum hafi ekki legið fyrir þegar spáin var unnin.

Hagvöxtur var 4,4% að meðaltali á tímabilinu 2005-2008. Næstu ár munu einkennast af mikilli lægð, en á árunum 2009-2011 er áætlað að hann verði um -1,7% að meðaltali á ári. Framreikningur sýnir töluverðan hagvöxt að meðaltali yfir tímabilið 2012-2014, eða um 2,6% þegar hagkerfið leitar í jafnvægi og framleiðslulakinn hverfur úr hagkerfinu. Þrátt fyrir ágætan vöxt einkaneyslu er þó reiknað með að hagvöxtur ársins 2013 verði einungis 1,8%, en það helgast af því að það ár er reiknað með að lokaáfangi framkvæmdanna í Helguvík ljúki. Einnig sýna framreikningar að þjóðarbúið leitar í auknið jafnvægi með stöðugleika í verðlagsmálum og aðlögun raungengis krónunnar. Þá mun atvinnuleysi minnka frá árinu 2011 og nálgast jafnvægisstig sitt. Afkoma ríkissjóðs mun batna verulega ár frá ári á tímabilinu, en reiknað er með að afkomubattinn verði í anda þess samkomulags sem yfirvöld gerðu við AGS í nóvember 2008, þar sem miðað var við að frumjöfnuður rekstrar ríkissjóðs, leiðréttur fyrir áhrifum hagsveiflunnar, myndi batna um sem nemur 2,5% - 3,0% af vergri landsframleiðslu á ári.

ALÞJÓÐLEG EFNAHAGSMÁL

Ástandið í alþjóðlegum efnahagsmálum hefur versnað hratt síðustu mánuði. Í samræmi við það hafa alþjóðastofnanir haldið áfram að færa niður efnahagsspár fyrir heimsbúskapinn þar sem gert er ráð fyrir að efnahagsniðursveiflan verði dýpri og vari lengur en gert hefur verið ráð fyrir hingað til. Miklar líkur eru á samdrætti í heimsbúskapnum á þessu ári en horfur eru á að hægfara efnahagsbati taki við á fyrri hluta ársins 2010.

Það sem er einkennandi fyrir þann samdrátt sem nú ríkir í heimsbúskapnum er hve hratt niðursveiflan hefur breiðst út um heimsbyggðina frá því fjármálakreppan fór að draga úr hagvexti í Bandaríkjunum og Evrópu um mitt ár 2008. Ástæðuna má rekja til þess að undanfarna áratugi hafa heimsviðskipti aukist með hverju ári með þeim afleiðingum að lönd og landssvæði eru nú bundin gagnkvæmum viðskiptatengslum í ríkari mæli en áður. Heimsviðskipti drógust saman um 20% á ársgrundvelli á síðasta ársfjórðungi 2008 og í sama mæli á fyrsta ársfjórðungi 2009. Slíkur samdráttur hefur ekki sést í að minnsta kosti fjóra áratugi. Afleiðingin er sú að verulega hefur dregið úr hagvexti þróunarlanda og nýiðnvæddra ríkja Asíu en ekki er langt síðan að gert var ráð fyrir að þau landsvæði myndu verða fyrir frekar mildum áhrifum vegna niðursveiflunnar í vestrænum ríkjum.

Hagvöxtur í heiminum neikvæður í fyrsta sinn um langt árabíl

Óvenju mikill samdráttur í heimsviðskiptum

Tafla 4 Hagvöxtur erlendis 2008-2010

%	2008	2009	2010
Heimurinn	3,2	-1,3	1,9
Evrusvæðið	0,9	-4,2	-0,4
Þýskaland	1,3	-5,6	-1,0
Frakkland	0,7	-3,0	0,4
Ítalía	-1,0	-4,4	0,4
Spánn	1,2	-3,0	-0,7
Bretland	0,7	-4,1	-0,4
Bandaríkin	1,1	-2,8	0,0
Japan	-0,6	-6,2	0,5
Rússland	5,6	-6,0	0,5
Kína	9,0	6,5	3,5
Indland	7,3	4,5	5,6
Afríka	5,2	2,0	3,9
Mið- og Suður-Ameríka	4,2	-1,5	1,6


1. Ársvöxtur vergrar landsframleiðslu á föstu verðlagi.

Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Áhrif fjármálakreppunnar gætir enn þó tímanleg og öflug viðbrögð stjórnvalda í hinum vestræna heimi hafi komið í veg fyrir algert hrun fjármálakerfisins árið 2008. Fyrirsjáanlegt var að það tæki að gæta annarrar umferðar áhrifa af versnandi hag fyrirtækja og heimila á fjármálakerfið. Fjármálafyrirtæki hafa því þurft að draga enn frekar úr útlánum og afskrifa meiri skuldir. Aðgerðir stjórnvalda víða um heim til að örva eftirspurn, bæði með sveiflujafnandi aðgerðum í ríkisfjármálum og ört minnkandi aðhaldi peningamála hefur ekki komið í veg fyrir slíka neikvæða víxlverkun milli fjármála- og efnahagsstarfsemi í ár. Þannig spáir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn 1,3% samdrætti í heimsbúskapnum árið 2009 sem yrði mesti heimssamdráttur sem sést hefur síðan í kreppunni miklu á fjórða áratug síðustu aldar. Hins vegar er nú spáð að í lok þessa árs megi gera ráð fyrir viðsnúningi á heimsvísu þegar fjármálafyrirtæki byrja að komast fram úr núverandi erfiðleikum vegna útlánatapa og eignarýrnunar.

Frá því að eftirspurn fór að dragast saman árið 2008 og hrávöruverðbólga á heimsmarkaði sprakk hefur verðbólga verið á hraðri niðurleið í heiminum. Bent hefur verið á mikilvægi þess að koma í veg fyrir að verðhjöðnun skjóti

Gert ráð fyrir hægun bata í fjármálastarfsemi




Mynd 7
Stýrivextir nokkurra landa
janúar 2005 - apríl 2009

Heimild: Reuters EcoWin.

fasteignamarkaði og versnandi aðgengi að lánsfjármagni sem olli því að heildareftirspurn fór að dragast hratt saman á seinni hluta ársins. Á fjórða ársfjórðungi 2008 dróst landsframleiðsla saman um 6,3% og á fyrsta ársfjórðungi 2009 dróst hún saman um annað eins, eða 6,1%. Ljóst er að bandaríska hagkerfið stendur frammi fyrir dýpstu efnahagslægð frá tímum kreppunnar miklu. Áhrifin hafa dreift sér út um allan heim. Evrópskt fjármálakerfi hefur orðið fyrir verulegum skakkaföllum vegna ógætilegra útlána fjármálafyrirtækja í Bandaríkjunum og jafnframt líða útflutningsdrifin lönd fyrir minnkandi eftirspurn í stærsta hagkerfi heimsins.

Bandarísk stjórnvöld hafa brugðist hratt við versnandi aðstæðum. Bandaríski seðlabankinn hefur lækkað stýrivexti nálægt núllinu og dælt lausafé inn á markaði. Með stýrivexti nálægt núlli er ljóst að svigrúm peningastefnunnar til að örva efnahagslífið með stýrivaxtataekinu er orðið takmarkað. Til að bregðast við þörfum efnahagslífsins hefur seðlabankinn haldið áfram að stækka efnahagsreikning sinn með aðgerðum sem miða að því að auka flæði lánsfjármagns í hagkerfinu. Meðfram aðgerðum seðlabankans hefur fjármálastefnu verið beitt til þess að örva efnahagslífið og virkja á ný miðlunarhlutverk fjármálafyrirtækja. Stjórnvöld hafa samþykkt aðgerðarpakka sem felur í sér innspýtingu upp á 5% af vergri landsframleiðslu árin 2009 - 2011. Í aðgerðarpakkanum felast aukin ríkisútgjöld og fjárfestingar auk skattalækkanna. Megináherslan er þó á endurskipulagningu fjármálakerfisins til



Mynd 8
3ja mánaða Libor vextir
janúar 2006 - maí 2009

Heimild: Reuters EcoWin.

að koma efnahagsreikningum fjármálafyrirtækja í betra horf. Í meginatriðum hefur ríkisvaldið aukið hlutafé í kerfislega mikilvægum bönkum en jafnframt komið á fót áætlanum sem miða að því að hreinsa efnahagsreikninga verst leiknu fjármálafyrirtækjanna með því að kaupa út eignir sem eru í slæmu ásigkomulagi, á borð við lánavöndla sem tengdust undirmáslánum.


Lílegt er að aðgerðaráætlunin komi í veg fyrir kreppu á borð við þá sem sást á fjórða áratug síðustu aldar. Nýlegar vísbendingar benda til að tekið sé að hægja á samdrættinum. Verð helstu hlutabréfavísitala hefur tekið að hækka, þótt þær séu enn um 44% frá hæsta gildi fyrir tveimur árum. Einstaka bankar hafa sýnt hagnað á fyrsta ársfjórðungi ársins 2009. Þá jókst eftirspurn um 2,2% á fyrsta ársfjórðungi þessa árs í kjölfar lækkandi verðlags og hagstæðara vaxtaumhverfis. Að sama skapi hafa áhættuálög á skuldabréfamarkaði dregist saman frá því þau náðu hámarki á haustmánuðum 2008 og einhverjar vísbendingar eru um að framleiðsla iðnfyrirtækja fari að aukast á næstu misserum. Þessar vísbendingar um viðsnúning eru þó enn ekki nægilega greinilegar til að merkja að það versta sé afstaðið. Þannig spáir

Rammagrein 2: Endurreisn lánveitinga í alþjóðafjármálakerfinu

Almennt er álitid að upphaf núverandi efnahagslægðar megi rekja til óvarkárrar útlánastefnu fjármálastofnana sem leiddi fyrst til mikils framboðs af ódýru lánsfé og ofþenslu eignaverðs og síðan til vaxandi útlánatapa og falls eignaverðs. Í kjölfarið hrundu margir bankar og aðrar fjármálastofnanir og lánastarfsemi á milli-bankamarkaði stöðvaðist. Við það dró snarlega úr framboði og eftirspurn á almennum lánamarkaði og hjól efnahagslífsins hæggðu verulega á sér. Rannsóknir AGS á kreppum og niðursveiflum fyrri tíma benda til þess að kreppur sem stafa af fjármálaerfiðleikum séu langvinnari og lífseigari en aðrar kreppur. Stjórnvöld í vest-rænum ríkjum hafa gripið til samræmdra aðgerða sem miðast við að treysta eiginfjárstöðu fjármálastofnana, staðfesta að bankainnstæður séu tryggðar og lækka vaxtakjör til að endurvekja lánastarfsemi og starfsemi í efnahagslífinu. Þrátt fyrir það hefur gengið erfiðlega að endurvekja traust á fjármálamörkuðum og koma í veg fyrir aukinn samdrátt. Nú er svo komið að stjórnvöld eru orðin verulega skuldsett og verið er að leita leiða til að endurvekja efnahagsstarfsemina. AGS og OECD hafa ráðlagt að:

- Hækka eiginfjárlutföll banka og annarra fjármálastofnana með opinberum fjárframlögum (allt að 500 ma. USD í Bandaríkjunum, 1.000 ma. USD í Evrópu utan Bretlands og um 275 ma. USD í Bretlandi).
- Grípa til sérstakra aðgerða í ríkisfjármálum til að blása lífi í efnahag aðildarríkja sinna, m.a. auka opinber útgjöld og/eða lækka skatta.

Helstu kennileiti þess að rofa taki til á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði er vöxtur í útlánum bankakerfisins. Eins og sjá má á mynd 1 hefur hægt á vaxtarhraða slíkra útlána í Evrópu og Bandaríkjunum. Það mildaði aðlögun fyrirtækja utan fjármálakerfisins að þau áttu inni lánasamninga hjá bönkum (e. credit lines) sem þau gátu nýtt sér, þótt ytri aðstæður hefðu versnað. Þetta skýrir það að á síðustu mánuðum ársins virtust bankalán til fyrirtækja aukast beggja vegna Atlantshafsins, en vaxtarhraðinn fór hins vegar hratt niður á við fram á þetta ár. Annar áhrifaþáttur er aðgengi fyrirtækja að lánum utan bankakerfisins, t.d. með útgáfu skammtímavíxla (e. commercial paper), en það hefur því sem næst þornað upp. Nú á vormánuðum er hins vegar svo komið að aðgengi fyrirtækja að bankalánum er þröngt. Þess er enn nokkuð að bíða að það rýmkest aftur, þótt eitthvað miði í áttina með að efnahagsreikningar banka verði í stakk búnir til að koma lánastarfsemi í eðlilegt horf.




Mynd 1
Ársbreyting útlána
janúar 2007 - febrúar 2009

Heimild: Reuters EcoWin.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að hagkerfi Bandaríkjanna muni dragast saman um 2,9% árið 2009. Þá gerir sjóðurinn ráð fyrir að ástandið fari að batna á fyrri hluta ársins 2010 og að á seinni hluta ársins verði hagvöxtur orðinn smávægilega jákvæður þótt hann verði að meðaltali 0% á árinu.

Áhrifa fjármálakreppunnar í Bandaríkjunum gætti fljótlega í Evrópu. Vestur-evrópsk fjármálafyrirtæki voru mörg hver með stórar stöður í undirmáslánum og öðrum fjármálagjöorningum sem urðu nær verðlausir eftir að kreppan skall á. Ríkisstjórnir í Bretlandi, Hollandi, Belgíu, Þýskalandi og Frakklandi hafa þurft að koma stórum fjármálafyrirtækjum til bjargar með innspýtingu fjármagns og auknum ríkisábyrgðum. Evrópski seðlabankinn hefur jafnframt lækkað stýrivexti, þó ekki á jafn ágengan hátt og í Bandaríkjunum. Á síðasta ársfjórðungi árið 2008 tóku erfiðleikarnir í fjármálakerfinu að hafa áhrif á efnahagsstarfsemina með auknu atvinnuleysi, minnkandi eftirspurn og minni útflutningi. Fjárfesting hefur farið lækkandi einkum íbúðafjárfesting en það á sérstaklega við um ríki á borð við Bretland, Spán og Írland þar sem fasteignabóla undanfarinna ára sprakk á síðasta ári. Ríkisstjórnir í Evrópu brugðust upphaflega margar hverjar varfærnislega við auknum vís-bendingum um samdrátt en eftir því sem liðið hefur á samdráttarskeiðið hafa viðbrögðin orðið samhæfðari og stærri í sniðum. Fyrir liggur að á



Mynd 9

Ávöxtun 90 daga ríkisvixla

janúar 2006 - apríl 2009

Heimild: Reuters EcoWin.

Allar horfur eru á því að af stóru ríkjum í Evrópu muni Bretland koma einna verst út. Það má rekja til þess að fjármálaþjónusta í Bretlandi er umfangsmeiri en í öðrum ríkjum Evrópu, enda London ein af fjármálamiðstöðvum heimsins. Að sama skapi datt botninn úr fasteignamarkaði á Bretlandseyjum sem hafði verið í mikilli uppsveiflu síðastliðin ár. Eignaverð hafa því lækkað verulega sem jafnframt dregur úr einkaneyslu. Einnig má benda á að samdrátturinn í Þýskalandi gæti orðið talverður sem má að mestu rekja til hruns í heimsviðskiptum en útflutningsgreinar vega mjög þungt í efnahag Þýskalands.

Áhrif fjármálakreppunnar á þróunar- og nýmarkaðsríki hafa verið meiri en gert var ráð fyrir. Áhrifin hafa fyrst og fremst birst í minnkandi eftirspurn eftir útflutningsvörum. Fyrir vikið hefur orðið vart við snarpan samdrátt í útflutningsháðum nýmarkaðsríkjum sem og Japan en þar varð samdráttur um 12% á árshraða í síðasta ársfjórðungi 2008. Lækkandi verð á hrávöru hefur jafnframt komið niður á ríkjum sem byggja á hrávöruútflutningi eins og í Brasilíu og Mið-Austurlöndum. Þrátt fyrir það eru vísbendingar um að hagvöxtur verði talsverður í Kína og Indlandi þó vöxturinn verði nokkuð lægri en á undanförunum árum. Í Kína hefur fjármálakreppan haft lítil bein áhrif, einkum í ljósi þess að stór hluti fjármálakerfisins er í ríkiseigu og höft á fjármagnsflutningum komu í veg fyrir að Kínverjar eignuðust mikið af ótryggari fjármálagjörningum í Bandaríkjunum og Evrópu. Þá hefur ríkisstjórn Kína eytt talsverðum fjármunum í að auka eftirspurn, sem hefur unnið á móti minnkandi útflutningstekjum. Á heildina litið spáir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn því að hagvöxtur í þróunar- og nýmarkaðslöndum verði 1,6% árið 2009 sem er talsvert minna en árið 2008 þegar hagvöxtur var 6,1%. Gert er ráð fyrir bata árið 2010 þegar hagvexti er spáð 4,0% aukningu.

Ljóst að fjármálakreppan hefur breytt efnahagslandslaginu. Ein helsta birtingarmynd þess er að skuldir hins opinbera munu vaxa umtalsvert yfir samdráttarskeiðið meðan afskriftir einkenna einkageirann. OECD spáir því að skuldir ríkja innan stofnunarinnar muni vaxa úr 75% af vergri landsframleiðslu árið 2007 í rúmlega 100% af vergri landsframleiðslu árið 2010. Skuldastaðan mun versna mest á Íslandi en einnig í Bretlandi og á Írlandi, en öll þau ríki munu njóta þess að hafa haft tiltölulega lága skuldastöðu við upphaf samdráttar. Japan verður áfram skuldsettasta ríkið með skuldir sem nema tæplega 200% af VLF.

Um þessar mundir ríkir óvenju mikil óvissa um efnahagsframvindu á heimsvísu. Alþjóðastofnanir á borð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Efnahags- og framfarastofnunina (OECD) hafa ítrekað fært niður spár sínar yfir næstu tvö ár og jafnframt undirstrikað að óvissan sé frekar niður á við en upp á við. Eins og á Íslandi felst óvissan í hinu alþjóðlega hagkerfi helst í því hversu vel tekst til við að endurvekja lánastarfsemi og eftirspurn.

Einkaneysla

Samdráttar tók að gæta í einkaneyslu fyrir mitt ár 2008 og herti verulega á honum á fjórða ársfjórðungi þegar einkaneysla dróst saman um tæp 24% að raungildi. Í kjölfar hruns bankanna og alþjóðlegrar efnahagslæggðar hafa heimilin orðið fyrir miklum fjárhagslegum skakkaföllum sem þrengja að einkaneyslugetu þeirra. Þar munar mest um lækkun á nettó eignastöðu heimilanna og kaupmætti ráðstöfunartekna. Auk þess hafa vextir hækkað umtalsvert og aðgangur heimilanna að lánsfé hefur takmarkast. Í kjölfarið hafa heimilin brugðist við með því að draga einkaneyslu saman í meira mæli en dæmi eru um í hálfra öld en gögn Hagstofunnar um einkaneyslu ná ekki lengra aftur. Að vísu hefur vöxtur einkaneyslu verið mjög mikill síðustu ár sem gerir það að verkum að nú þegar hluti þeirrar aukningar gengur til baka, a.m.k. tímabundið, er neyslustigið áfram hátt í sögulegu samhengi.

Þekkt er að þegar framtíðartekjur eru óvissar, eins og í þeirri niðursveiflu sem íslenskt efnahagslíf er nú stítt í, þá eykst varúðarsparnaður en hann felst í því að draga úr einkaneyslu umfram beina þörf og ávaxta sparnaðinn sem af því hlýst á öruggan hátt eða borga niður skuldir. Auðsáhrif af hækkun íbúðarhúsnæðis undanfarin ár eru að ganga til baka, m.a. með varúðarsparnaði og takmörkuðu aðgengi að ódýru lánsfé (sjá rammagrein 4 í Þjóðarbúskapurinn - Vorskýrsla 2008). Í þjóðhagsspánni er tekið tillit til þessara þátta og bendir flest til að sá samdráttur sem nú er orðinn að veruleika verði viðvarandi á þessu ári og langt inn á það næsta.


Samdráttur einstakra liða einkaneyslunnar er mismikill, allt eftir því hversu auðvelt er að minnka þá neyslu og hversu útgjaldafrekir þeir eru. Þannig er samdrátturinn í mat og drykk minnstur, en þar er eins og gefur að skilja minnsta svigrúmið til neysluminnkunar.

Langmestur er samdrátturinn í sölu nýrra bíla en hún er mjög háð gengi krónunnar (sjá rammagrein 4 í Þjóðarbúskapurinn Vorskýrsla 2008). Gengisfall krónunnar myndi eitt og sér duga til að skýra stóran hluta samdráttarins en fleira kemur þó til. Mikið var selt af nýjum bílum í uppsveiflunni síðustu ár þannig að fjöldi nýlegra bíla er nærri sögulegu hámarki. Ennfremur hefur akstur og akstursþörf minnkað í kreppunni vegna minni eftirspurnar í hagkerfinu og aukins atvinnuleysis. Íslensk heimili hafa sýnt mikinn sveigjanleika í fyrri hagsveiflum og má áætla að hægt sé að sleppa kaupum á nýjum bílum í einhvern tíma án þess að það leiði til umtalsverðar lífskjararýrnunar. Þeir sem missa spón úr aski sínum við það eru fyrirtæki og heimili sem hafa haft viðurværi sitt af sölu nýrra bíla. Af einstökum liðum einkaneyslunnar er heildarsamdráttur mestur í þessum lið. Á móti má gera ráð fyrir að sala varahluta og viðhald bifreiða muni aukast eitthvað á móti. Ríkissjóður hefur haft miklar tekjur af vörugjöldum og virðisaukaskatti af innflutningi bifreiða árlega um langa hríð en verður nú um sinn af þeim tekjustofni.

Í heildina er gert ráð fyrir að í viðbót við samdrátt um 7,7% árið 2008 muni samdráttur í einkaneyslu nema 24,7% árið 2009 og 2,5% 2010. Gangi þetta eftir verður heildarsamdráttur um 32,2% frá neyslustigi ársins 2007 kominn fram í árslok 2010. Samdráttur af þessari stærðargráðu kann að hafa varanleg neikvæð áhrif á hag heimilanna og ríkissjóðs nema hann sé tímabundinn. Ef spá ráðuneytisins um að einkaneysla byrji að hjarna við á seinni hluta árs 2010 rætist, má áætla að neikvæð áhrif af einkaneyslusamdrætti gangi

Meiri samdráttur aldrei sést í gögnum Hagstofu ...

... en neyslustigið er enn hátt í sögulegu samhengi



Mynd 10

Einkaneysla og kaupmáttur ráðstöfunartekna 1995-2011

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Mestur samdráttur í sölu bíla


Samdráttur í einkaneyslu tekur enda árið 2010

að mestu til baka næstu árin þar á eftir þegar staða heimilanna tekur að vænkast á ný.

Samneysla

Lítill raunvöxtur samneyslu hins opinbera á komandi árum

Samneysla hins opinbera var 360 ma.kr. á árinu 2008 og jókst að magni til um 2,8% samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands. Samneysla ríkis og almannatrygginga jókst um 3,2% að raungildi. Þar af var raunvöxtur ríkissjóðs 2,8%. Eftir mikinn vöxt samneyslu sveitarfélaga á árunum 2005-2007 var raunaukningin mun minni á sl. ári eða 2,2%.



Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að raunvöxtur samneyslu hins opinbera dragist verulega saman og verði einungis 0,5% á milli ára. Kemur það til vegna lítils vaxtar hjá bæði ríkissjóði og sveitarfélögum. Vegna niðurskurðar hins opinbera mun samneysla sveitarfélaga aðeins aukast um 0,4% að raungildi og ríkissjóðs og almannatrygginga um 0,6%, þar sem vöxtur samneyslu almannatrygginga er meiri en ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir áframhaldandi aðhaldi á næstu árum og er áætlað að samneysla hins opinbera aukist um 0,3% að magni til árið 2010 og 0,4% árið 2011. Raunaukning samneyslu ríkissjóðs og almannatrygginga verður annars vegar 0,3% og hins vegar 0,2% og sveitarfélaga 0,5% árið 2010 og 0,7% árið 2011.

Mynd 11

Samneysla hins opinbera 1999-2011


Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Hlutfall samneyslu hins opinbera af vergri landsframleiðslu mældist 24,6% árið 2008 og hefur verið nánast óbreytt frá árinu 2005. Samkvæmt spánni hækkar hlutfallið í 26,9% á yfirstandandi ári vegna mikils samdráttar í landsframleiðslu. Það lækkar aftur á næstu tveimur árum og verður 26,4% árið 2010 og 25,4% árið 2011 þar sem vöxtur samneyslu verður minni en vöxtur landsframleiðslu.

Fjárfesting atvinnuveganna

Mikill samdráttur í fjárfestingu atvinnuvega

Fjárfesting atvinnuvega nam 203,7 ma.kr. 2008 og dróst saman um 27,2% á raunvirði frá fyrra ári. Þar af dróst fjárfesting í stóriðju saman um 31,8% og almenn atvinnuvegafjárfesting um 23%. Sem fyrr hafa utanríkisviðskipti með skip og flugvélar töluverð áhrif á ofangreinda þróun en nettó útflutningur á skipum og flugvélum birtist sem neikvæð atvinnuvegafjárfesting í þjóðhagsreikningum. Árið 2008 nam neikvæð atvinnuvegafjárfesting 7,3 ma.kr. af þessum sökum (sjá rammagrein 4 í Þjóðarbúskapurinn – Haustskýrsla 2008).



Mynd 12

Fjárfesting í stóriðju sem % af VLF 2002-2014

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Á yfirstandandi ári er spáð áframhaldandi samdrætti í fjárfestingu atvinnuvega. Fyrirhugaðar álversframkvæmdir í Helguvík og tilheyrandi orkuöflunarframkvæmdir hafa tafist, enda mikil óvissa um þessar mundir og lánsfé auk þess dýrt og af skornum skammti. Á Suðurlandi eru í undirbúningi fjórar virkjanir en framkvæmd þeirra er mikilli óvissu háð. Öll leyfi liggja fyrir um framkvæmd Búðarhálsvirkjunar en erfiðlega gengur að fjármagna verkefnið. Stækkun álversins í Straumsvík er nátengd þeirri framkvæmd. Í neðri hluta Þjórsár eru fyrirhugaðar þrjár virkjanir en byggingarframkvæmdir vegna þeirra hafa ekki verið boðnar út. Þá hefur verið slegið á frest undirbúningi við Bitruvirkjun í kjölfar álits Skipulagsstofnunar á sl. ári en virkjunarkostir eru þó enn fyrir hendi við Bitru. Á Norðurlandi hefur verið

Rammagrein 3: Aðgerðir stjórnvalda í efnahagsmálum

Í kjölfar efnahagsþrenginga á Íslandi hafa stjórnvöld gripið til margvíslegra aðgerða í efnahagsmálum. Svigrúmið til aðgerða er þrengra en áður vegna óvenju mikils tekjusamdráttar og aukinna skulda ríkissjóðs en efnahagsáætlun stjórnvalda gerir ráð fyrir að halla í fjármálum hins opinbera verði snúið í afgang á fjórum árum. Þrátt fyrir það er samdráttur í rekstri hins opinbera takmarkaður árið 2009 til að milda niðursveifluna þegar hún er mest. Þá hefur verið gripið til sérstakra aðgerða í efnahagsmálum sem miðast fyrst og fremst við að hjálpa heimilum og fyrirtækjum aðlaga sig að breyttum aðstæðum. Aðgerðirnar miðast jafnframt við að lágmarka eins og unnt er aukningu útgjalda ríkissjóðs eða tekjutap sem þeim fylgir. Margar þessara aðgerða eru taldar upp hér fyrir neðan en listinn er fjarri því tæmandi.

1. Atvinnuleysisbætur:

- i. Bætur á móti hlutastarfi til að sporna gegn atvinnuleysi.
- ii. Rýmri réttur sjálfstætt starfandi einstaklinga til atvinnuleysisbóta.
- iii. Heimild til að láta atvinnuleysisbætur fylgja atvinnulausum tímabundið í nýju starfi.
- iv. Rýmri skilyrði fyrir búferlastyrkjum og biðtími felldur niður.

2. Greiðslujöfnun heimila:

- i. Greiðslujöfnun fasteignaveðlána.
- ii. Rýmkaðar heimildir Íbúðalánasjóðs til að koma til móts við lántakendur í greiðsluvanda, t.d. lengdur lánstími greiðsluferðleikalána auk þess sem sjóðurinn grípur síður til nauðungarsölu og útburðar. Lengdur greiðslufrestur vegna sölutregðu.
- iii. Rýmkaðar heimildir Íbúðalánasjóðs til útlána, m.a. til viðhalds og endurbóta á leiguíbúðum og sérþarfa fatlaðra.
- iv. Tímabundin niðurfelling á stimpilgjöldum vegna skilmálabreytinga og endurfjármögnunar fasteignaveðlána.
- v. Mildun innheimtuaðgerða hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum.
- vi. Lækkun dráttarvaxta af vanskilum opinberra gjalda.
- vii. Afnám skuldajöfnunar á barnabótum á móti ógreiddum sköttum.
- viii. Afnám skuldajöfnunar vaxtabóta á móti lánum Íbúðalánasjóðs.

3. Fjárhagslegt svigrúm heimila:

- i. Innlausn séreignarsparnaðar heimiluð við 60 ára aldur og tímabundin útgreiðsla séreignasparnaðar án tillits til aldurs.
- ii. Sérstök hækkun vaxtabóta.
- iii. Endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði aukin úr 60% í 100%, auk endurgreiðslu virðisaukaskatts af frístundahúsnæði.
- iv. Framlag vegna sumarnáms á háskólastigi.

4. Greiðslujöfnun fyrirtækja:


Ýmsar tímabundnar aðgerðir vegna aðflutningsgjalda, virðisaukaskatts og staðgreiðslu tekjuskatts í þá veru að dreifa greiðslum eða veita greiðslufrest.

5. Aðrar aðgerðir:

Í fjárlögum fyrir árið 2009 var ákveðið að hækka tekjuskatt einstaklinga um 1 prósent. Verið er að undirbúa aðgerðir í atvinnumálum, m.a. mannaflsfrekar samgönguframkvæmdir.

ráðist í töluverða fjárfestingu vegna fyrirhugaðrar orkuöflunar á svæðinu. Má telja líklegt að orkufrekar iðnaður rísi á svæðinu á næstu árum.

Þrátt fyrir nokkra óvissu er í spá ráðuneytisins gert ráð fyrir að álver rísi í Helguvík og má búast við auknum krafti í framkvæmdunum á næsta ári




Mynd 13

Almenn atvinnuvegafjárfesting sem % af VLF 2002-2014

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Mikill samdráttur í íbúðabyggingum



Mynd 14

Hlutfall húsnæðisverðs og byggingarvísitölu, 1994-2008, 2000=100

Heimildir: Fasteignaskrá Íslands og Hagstofa Íslands.

Offjárfesting undanfarinna ára veldur miklum samdrætti nú

og þær fari síðan á fullt skrið árið 2011. Að auki er gert ráð fyrir að álverið í Straumsvík ráðist í stækkun árið 2011 en fyrirhugað er að auka framleiðslugetu þess um 40 þúsund tonn á ári. Almenn atvinnuvegafjárfesting mun aftur á móti dragast mikið saman á árinu enda samdráttur í innlendri eftirspurn mjög mikill og eiginfjárstaða margra fyrirtækja hefur versnað til muna. Á næsta ári er spáð að almenn atvinnuvegafjárfesting verði áfram með minnsta móti en upp úr því má gera ráð fyrir að hún taki við sér í kjölfar lækkandi vaxta, aukins framboðs af lánsfé og vaxandi eftirspurnar.


Íbúðafjárfesting og fasteignamarkaður

Á síðastliðnu ári hafa íbúðabyggingar tekið skörpustu dýfu sem þekkt hefur frá upptöku þjóðhagsreikninga. Á árunum 2004-2007 jukust íbúðabyggingar hröðum skrefum, um 14% á ári að jafnaði. Á fyrstu þremur fjórðungum ársins 2008 drógust íbúðabyggingar saman um 17% frá sama tíma árið áður. Á fjórða fjórðungi dró áfram úr byggingarstarfsemi og nam samdráttur 38% frá sama fjórðungi árið á undan.

Til að meta byggingarstarfsemi og skoða ástand fasteignamarkaðar hverju sinni er gagnlegt að skoða þróun íbúðaverðs í samhengi við þróun byggingarkostnaðar. Hvort tveggja mótast af aðstæðum á markaði. Á undanförunum árum hafa margir þættir haft áhrif á eftirspurn og framboð húsnæðis, t.a.m. íbúa-, atvinnu- og launapróun, framboð og verð á lánsfé sem og verðþróun íbúða og byggingarkostnaðar. Á mynd 14 má sjá vísitölu sem endurspeglar hlutfallslega þróun íbúðaverðs og byggingarkostnaðar, með árið 2000 sem grunnár. Á samdráttarskeiðinu í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar lækk-

aði íbúðaverð að raungildi og jafnframt meira en byggingarkostnaður. Hin hlutfallslega vísitala náði lágmarki árið 1997 og má áætla að íbúðaverð hafi verið verulega undirverðlagt á þeim tíma. Þegar uppsveiflan hófst hækkaði íbúðaverð umtalsvert og jafnframt meira en byggingarkostnaður. Bakslag kom í þá þróun þegar netbólan sprakk um aldamótin og íbúðaverð hætti að hækka en ekki byggingarkostnaður. Eftir að bankarnir komust í einkaeigu, hófu þeir samkeppni við Íbúðalánasjóð árið 2004 um að lána fólki til íbúðarkaupa. Á sama tíma jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna mikið og íbúðaverð hækkaði langt umfram byggingarkostnað og tók vísitalan mikið stökk upp á við árið 2005. Líklega hefur aukin framleiðni í húsbyggingum átt þátt í að byggingarkostnaður hefur þróast mun hægar en fasteignaverð á undanförunum árum. Hin hlutfallslega vísitala íbúðaverðs og byggingarkostnaðar náði hámarki árið 2007 og hefur frá þeim tíma verið að ganga niður. Vísitalan á þó langt í land með að ná því hlutfalli sem hún sveiflaðist í kringum fyrir árið 2004. Jafnframt er ljóst að þessi afstæða verðhækkun hefur verið byggingarfyrirtækjum mikill hvati til að auka íbúðabyggingar eins mikið og raunin varð. Mynd 15 sýnir þróun byrjaðra íbúða, íbúða í byggingu og fullgerðra íbúða á undanförunum árum. Árið 2008 var lokið við nær 3.000 íbúðir á árinu, litlu færri en árið á undan. Hins vegar voru nær 6.500 íbúðir taldar í byggingu á öllum byggingarstigum, þ.e. rúmlega tvöfalt fleiri en lokið var við á árinu, auk þess sem byrjað var á um 3.200 íbúðum það ár. Af þessum tölum og þróun undanfarinna ára er ljóst að íbúðabyggingar hafa verið í mikilli uppsveiflu, vel umfram það sem fólksfjöldun kallar á. Því verður að ætla að á næstu 2-3 árum verði mikil samdráttur í íbúðabyggingum

Rammagrein 4: Eiginfjárlutfall íbúðareigenda



Mynd 1

Eiginfjárlutfall í íbúðarhúsnæði 1992-2009

Heimildir: Ríkisskattstjóri og eigin áætlanir.

27.000 heimili ekkert í húsnæði sínu, en 17.500 fjölskyldur skulduðu sem nam 80% eða meira. Meirihlutinn eða um 55% heimila var einhvers staðar þar á milli. Í megindrættum má segja að þeir skuldi að jafnaði meira sem allt í senn eru yngri, tekjulægri og barnfleiri.

Ef hinir skuldlausu eru undanskildir og eingöngu skoðaðir þeir sem voru með íbúðareign umfram 500 þús.kr. og íbúðaskuld umfram 500 þús.kr. í árslok 2007, áttu 73 þúsund fjölskyldur húsnæði metið á 1.830 ma.kr. en skuldir að upphæð 861 ma.kr. Við það lækkar meðalaldur þeirra sem minnst skulda og mest eiga úr 63 árum í 60 og tekjur og eignir í þeim hópi hækka mikið. Nokkuð stór hluti þeirra sem ekkert skulda eru því eldri borgarar sem hafa þó ekki eins miklar tekjur og nettóeignir og þeir sem næst þeim koma í aldri.

Eiginfjárlutfall þessara 73 þúsund fjölskyldna var 54% í árslok 2007 og áætlað um 40% í árslok 2008, og lauslega er áætlað það að verði komið í 27% í árslok 2009. Yfir undangengnar hagsveiflur hefur eiginfjárlutfallið haldist nokkuð stöðugt og má álykta að heimilin hafi talið sig gæta sömu varúðar í fjárfestingum nýliðinna ára og áður. Það sem hefur framkallað mikla lækkun á eiginfjárlutfallinu er tvennt. Annars vegar hefur íbúðaverð hækkað að nafnvirði frá því að það náði hámarki, en það hefur ekki gerst áður svo neinu nemi. Hins vegar, og sem meiru skiptir, hafa íbúðaskuldir hækkað mikið í kjölfar verðuppfærslu á höfuðstóli lánanna vegna aukinnar verðbólgu og lækkunar á gengi krónunnar, en það síðarnefnda hefur haft áhrif á gengisbundinn hluta íbúðalána.

Tafla 1 Eiginfjárlutfall í íbúðarhúsnæði


Eiginfjárhlutfall (%)	Staða í árslok 2007		Staða í árslok 2009*	
	Fjöl-skyldur	Nettó eign (ma.kr.)	Fjöl-skyldur	Nettó eign (ma.kr.)
100	27 000	600	27 000	540
90-99	4 441	169	2 520	89
80-89	7 386	213	4 083	114
70-79	7 879	176	4 723	107
60-69	7 809	143	5 068	91
50-59	7 606	108	4 903	70
40-49	6 979	75	4 977	57
30-39	6 918	54	4 955	42
20-29	6 424	34	4 686	27
10-19	5 714	17	4 405	15
0-9	4 343	4	4 423	5
minna en 0	7 493	-23	28 488	-183
alls	99 992	1.570	100 231	974
alls með skuld	72 992	970	73 231	434

*Áætlun.

Heimildir: Ríkisskattstjóri, Seðlabankinn og eigin útreikningar.

Þróunin hefur haft mikil áhrif á fjárhagslega stöðu heimilanna, en mest þeirra sem mikið skulda og lítið eiga. Til viðbótar við rýrnandi kaupmátt og aukið atvinnuleysi margra hefur aukning skulda og minnkandi íbúðaaauður áhrif til að draga úr vilja heimilanna að taka lán eða getu að fá þau. Það hefur þrengt að neyslugetu margra fjölskyldna og gert þær viðkvæmar fyrir frekari sveiflum. Aðgerðir stjórnvalda til að halda greiðslubyrði íbúðalána í skefjum er ígildi lánafyrirgreiðslu og hjálpar mörgum yfir erfiðasta hjallann. Útlit er fyrir að neyðsvigrúm margra fjölskyldna með íbúðarskuldir verður lítið næstu misserin. Séu forsendur fyrir útreikningunum réttar verða þeir sem höfðu eiginfjárlutfall undir 37% í árslok 2007 komnir í neikvætt eigið fé í árslok 2009. Í árslok 2007 voru um 7.500 heimili með um 3,1 m.kr. að meðaltali í neikvæðu eigin fé en þau verða orðin um 28.500 talsins með um 6,4 m.kr. í árslok 2009. Í heild er áætlað að meðaleign íslenskra fjölskyldna í íbúðarhúsnæði lækki úr 15,7 m.kr. í 9,7 m.kr á tveimur árum sem er 38% lækkun að nafnvirði

og 50% að raungildi. Nettó eign jókst þrátt fyrir aukna skuldsetningu þegar húsnæðisverð hækkaði. Nú hefur verðuppfærsla skulda ásamt lækkun íbúðaverðs haft áhrif til að minnka nettó eignir. Íbúðum hefur fjölgað í landinu. Þá bendir reynslan til að fasteignamarkaðurinn og skuldir heimilanna nái jafnvægi þegar tekjurnar taka að aukast á ný. Því má telja líklegt að íbúðaverð og eiginfjárlutfall fari hækkandi aftur eftir nokkur ár.



Mynd 15

Bygging íbúðarhúsa á öllu landinu 1970-2008

Heimildir: Þjóðhagsstofnun fram til 1997 en eftir það Fasteignamat ríkisins.

Velta dregst saman, einnig nafnverð og raunverð

að stöðva og geyma þær til síðari tíma. Því er nú talið að fjármunamyndun í íbúðarbyggingum dragist saman um 60% að magni til á árinu. Það þýðir að byggingamagn þessa árs verði aðeins um 30% að raunvirði af því sem mest var á árinu 2007. Á þeirri forsendu að fjármálakerfið geti aftur stigið fyrstu skrefin í átt til eðlilegrar starfsemi síðar á þessu ári, má gera ráð fyrir að samdrátturinn í íbúðarbyggingum nái botni á næsta ári en taki að lifna hægt við eftir það.

Velta og verð á fasteignamarkaði hagar sér nú svipað og á fyrri samdráttartímum. Fyrstu einkenni samdráttar á fasteignamarkaði koma fram í veltu markaðarins, þar sem hún dregst saman en nafnverð fasteigna gefur treglegar eftir. Þegar líður á samdráttartímabilið og velta hefur farið hraðminnkandi, fer nafnverðið einnig að síga niður á við og lækkar smám saman hraðar.

Raunverð fasteigna, þ.e. nafnverð að teknu tilliti til verðbólgu, lækkar einnig hratt.

Fjárfesting hins opinbera


Fjárfesting hins opinbera jókst um 1,6% að magni til árið 2008 og nam um 66 ma.kr. samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands. Þar af fóru um 34 ma.kr. til veg- og gatnagerðarframkvæmda, 25 ma.kr. í byggingar og um 7 ma.kr. til annarra framkvæmda. Fjárfesting ríkissjóðs og sveitarfélaga var nánast sú sama í krónum talið eða um 33 ma.kr. hjá hvorum aðila.

Vegna aðhaldsaðgerða ríkissjóðs og sveitarfélaga, þar sem mörgum framkvæmdum er slegið á frest, er gert ráð fyrir að fjárfesting hins opinbera dragist saman á yfirstandandi ári um 40,4% að raungildi og nemi um 44,6

ma.kr. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2009, sem lagt var fram sl. haust, var gert ráð fyrir áframhaldandi háu framkvæmdastigi ríkissjóðs en vegna verulega breyttra forsenda, í kjölfar bankahrunsins og efnahagsáætlunar stjórnvalda í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, var fallið frá mörgum áformuðum verkefnum í samþykktum fjárlögum ársins 2009. Þar má m.a. nefna vegafarmkvæmdir og framkvæmdir í heilbrigðismálum.

Fjárfestingarstig sveitarfélaga hefur verið töluvert hátt síðustu ár, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og vaxtarsvæðinu¹. Íbúavöxtur í sveitarfélögum hafa m.a. leitt til meiri fjárfestingar við skóla, leikskóla, götur og stíga og íþróttamannvirki. Mörg sveitarfélög hafa lýst vilja sínum að ráðast í mannaflsrekar framkvæmdir á árinu. Líklegt verður þó að teljast að ekki verði af

¹ Vaxtarsvæði er skilgreint sem sveitarfélög á svæðinu frá Borgarbyggð til Árborgar, Akureyrarkaupstaður, Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð.



Mynd 16

Íbúðarbyggingar sem % af VLF 1990-2008

Heimildir: Hagstofa Íslands.

Fjárfesting hins opinbera dregst verulega saman í ár

Rammagrein 5: Fjárfesting hins opinbera


Fjármunamyndun er hluti af ráðstöfunaruppgjöri þjóðhagsreikninga og hefur að jafnaði myndað um fjórðung vergrar landsframleiðslu. Fjármunamyndun skiptist í atvinnuvegafjárfestingu, fjárfestingu í íbúðarhúsnæði og fjárfestingu hins opinbera.

Undanfarin ár hefur fjárfesting hins opinbera verið minnsti hluti fjármunamyndunar en hún samanstendur að mestu af fjárfestingu ríkissjóðs og sveitarfélaga en fjárfesting almannatrygginga er lítil sem engin. Vert er að taka fram að umfjöllunin miðast við fjárfestingu hins opinbera á þjóðhagsgrunni sem er önnur framsetning en er í fjárlögum og ríkisreikningi.

Fjárfesting hins opinbera nær einkum til fjárfestingar sem notuð er til þeirrar starfsemi sem fellur undir samneyslu (sjá viðauka 2 í Þjóðarbúskapurinn – Haustskýrsla 2006). Ýmis konar byggingarframkvæmdir og önnur mannvirkjagerð, s.s. vega- og brúargerð, gatna- og holræsagerð og kaup á ýmsum véla- og tækjabúnaði, sem notast til framleiðslu samneyslu, falla hér undir. Sem dæmi má nefna að ef keypt eru tæki og búnaður eins og tölvur hjá Landspítalanum þá flokkast það undir opinbera fjárfestingu. Fjárfesting opinberra fyrirtækja, s.s. orkufyrirtækja og vatnsveitna, flokkast hins vegar með atvinnuvegum en ekki með fjárfestingu hins opinbera, sem og flugvallar- og hafnarframkvæmdir. Oft getur verið erfitt að átta sig á hvort framkvæmdir teljist til opinbera- eða einkageirans. Til að mynda flokkast bygging hátækni sjúkrahúss á lóð Landspítalans sem fjárfesting hins opinbera en tónlistar- og ráðstefnuhúsið við Austurhöfnina í Reykjavík sem atvinnuvegafjárfesting, þar sem hlutafélag í eigu ríkisins og Reykjavíkurborgar sér um framkvæmdina og er ætlunin að það standi undir a.m.k. 50% umsvifa þar.

Opinberu fjárfestingunni má gróflega skipta í tíu málaflokka samkvæmt alþjóðlega COFOG (e. *classification of functions of government*) staðlinum (sjá töflu). Þessir tíu málaflokkar skiptast svo í nokkuð marga undirflokk.


Þegar fjárfesting ríkissjóðs yfir tíu ára tímabil (1998-2007)¹ er tekin saman kemur í ljós að vegasamgöngur (undirflokkur efnahags- og atvinnumála), heilbrigðismál og menntamál eru stærstu flokkarnir og eru að meðaltali um 72% fjárfestingar ríkisins í þessum þremur málaflokkum. Í fjárfestingu sveitarfélaga vega þyngst samgöngur, menntamál og menningar-, íþróttar- og trúmál. Að meðaltali eru um 84% fjárfestingar þeirra í þessum þremur málaflokkum.



Mynd 1

Fjárfesting ríkissjóðs eftir málaflokkum 1998-2007

Heimild: Hagstofa Íslands.



Mynd 2

Fjárfesting sveitarfélaga eftir málaflokkum 1998-2007

Heimild: Hagstofa Íslands.

Hagstofa Íslands áætlar fjárfestinguna í hverjum ársfjórðungi og birtir niðurstöðuna um einum ársfjórðungi síðar. Hún er um 10% af heildarútgjöldum hins opinbera og hefur aukist um 47% að raunvirði frá árinu 1998 sem er töluvert meiri aukning en 40% raunaukning heildarútgjalda á sama tíma. Frá árinu 1998 hefur fjár-

1 Hagstofa Íslands birtir tölur um fjárfestingu hins opinbera eftir málaflokkum fyrir árið 2008 í september nk.


festing sveitarfélaga oftast verið meiri en ríkissjóðs en á síðastliðnu ári var fjárfestingin nánast sú sama hjá báðum aðilum eða um 33 ma.kr.

Fjárfesting hins opinbera er tiltölulega stór liður í efnahagsstarfsemi hér á landi samanborið við önnur lönd. Þannig hefur opinber fjárfesting á Íslandi verið að meðaltali um 4% af vergri landsframleiðslu árin 1998-2007, á meðan hlutfallið hefur verið í kringum 3% í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi og um 2% í Danmörku². Þá er hlutfallið hærra hér á landi en á meðal okkar helstu samanburðarlanda í Evrópu. Líklega má rekja mikla uppbyggingu innviða samfélagsins undanfarin ár til vaxandi efnahagsstarfsemi og fólksfjölgunar sem og stærðar landsins.

2 Heimild: Eurostat. Gögnin fyrir Svíþjóð, Finnland og Danmörk ná yfir tímabilið 1997-2007 og fyrir Noreg 2001-2007.

Fjárfesting hins opinbera lækkar sem hlutfall af VLF

öllum þessum áformum þar sem aðgangur að lánsfé er mjög takmarkaður og ýmsar framkvæmdir hafa stöðvast vegna skorts á fjármagni (sjá kaflann um Innlendan fjármálamarkað). Framkvæmdir í þeim þremur málaflokkum sem sveitarfélögin hafa fjárfest mest í undanfarin ár munu að öllum líkindum minnka, sérstaklega gatnaframkvæmdir og framkvæmdir í íþrótt- og tólmstundarmálum (sjá rammagrein 5).



Vegna nauðsynlegra aðhaldsaðgerða hjá hinu opinbera er áfram gert ráð fyrir töluverðum niðurskurði á árinu 2010 og þá sérstaklega hjá ríkissjóði. Fjárfesting sveitarfélaga verður mjög lág í krónum talið líkt og á yfirstandandi ári. Gert er ráð fyrir að fjárfesting hins opinbera dragist saman um 15% að magni til á næsta ári og verði um 38,3 ma.kr. Þá er gert ráð fyrir áframhaldandi samdrætti á árinu 2011 eða 2,3%.

Fjárfesting hins opinbera var 4,5% sem hlutfall af vergri landsframleiðslu árið 2008. Þrátt fyrir mikinn samdrátt í landsframleiðslu árið 2009 er gert ráð fyrir að hlutfallið lækki í 3,2% og fari niður í 2,6% árið 2010. Á árinu 2011 er áætlað að það verði 2,4% af landsframleiðslu og hefur hlutfallið ekki verið jafn lágt um árabil.

Mynd 17

Fjárfesting hins opinbera 1998-2011

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.


UTANRÍKISVIÐSKIPTI

Árið 2008 nam viðskiptahallinn 34,6% af landsframleiðslu sem er mun meiri halli en gert var ráð fyrir og stafar af gríðarlegum halla á jöfnuði þáttatekna, sérstaklega á fjórða ársfjórðungi. Hallinn á vöruskiptajöfnuðinum var þó ekki nema 0,4% af landsframleiðslu sem er betri niðurstaða en gert hafði verið ráð fyrir en það stafar af miklum bata á vöruskiptunum á síðustu mánuðum ársins þegar gengi krónunnar hríðféll. Hallinn á þjónustujöfnuðinum nam 2,5% af landsframleiðslu sem er einnig betri niðurstaða en spáð var en innflutt þjónusta dróst mikið saman við gengisfall krónunnar.

Verðmæti útfluttrar vöru (f.o.b.) nam 467,1 ma.kr. 2008 og jókst um rúmlega helming frá 2007. Verðmæti útflutts áls vóg þar þungt og rúmlega tvöfaldaðist þar sem framleiðslugeta Alcoa Fjarða-áls komst á fullt stig á árinu auk þess sem heimsmarkaðsverð áls var lengst af hátt á árinu og gengi krónunnar lækkaði. Verðmæti útflutts áls mun dragast töluvert saman á árinu þrátt fyrir aukinn magnútflutning og hagstætt gengi en spáð er að heimsmarkaðsverð á áli verði 45% lægra að meðaltali árið 2009 en árið 2008. Verðmæti útfluttra sjávarafurða jókst um 34% 2008 í kjölfar gengislækkunar krónunnar. Verð íslenskra sjávarafurða í erlendri mynt var hátt á árinu en tók að lækka á fjórða fjórðungi og hefur síðan haldið áfram að lækka á fyrsta fjórðungi 2009. Má gera ráð fyrir að verðmæti útfluttra sjávarafurða aukist á árinu þegar áframhaldandi gengislækkun krónunnar vegur upp umtalsverða verðlækkun í erlendri mynt. Verðmæti almenns útflutnings (að frátöldum sjávarafurðum, stóriðjuafurðum, skipum og flugvélum) jókst mjög mikið árið 2008 en samkeppnisstaða útflutningsgreinanna hefur batnað mjög við gengislækkun krónunnar. Áætlað er að almennur útflutningur haldi áfram að aukast umtalsvert árið 2009. Árið 2010 er ekki gert ráð fyrir miklum breytingum í útflutningi. Útflutningur sjávarafurða gæti aukist ef loðnuvertíðin verður viðunandi og er gert ráð fyrir því í spánni en almennum vöruútflutningi er spáð lítilsháttar samdrætti í kjölfar styrkingar á gengi krónunnar innan ársins. Árið 2011 eykst útflutningur áls en gert er ráð fyrir að fyrsta áfanga álversins í Helguvík verði lokið um mitt það ár auk þess sem búast má við aukinni framleiðslu frá álverinu í Straumsvík árið 2011.

Þrátt fyrir að verðmæti innfluttrar vöru (fob) hafi aukist um 20% árið 2008, og numið 472,7 ma.kr., dróst innflutningur saman um 17,6% að magni til það ár. Ástæðuna má rekja til mikils samdráttar í þjóðarútgjöldum og þess að verðvísitala innflutnings hækkaði gríðarlega á árinu í kjölfar gengislækkunar krónunnar og mikillar hækkunar á heimsmarkaðsverði olíu. Af einstökum undirlíðum jókst innflutningur hrá- og rekstrarvara samfara aukinni álframleiðslu en annar innflutningur vöru dróst mikið saman að magni til það ár. Hvergi var samdrátturinn meiri en í innflutningi fólksbifreiða og flutningatækja til atvinnurekstrar sem nánast stöðvaðist á fjórða ársfjórðungi. Árið 2009 er áætlað að samdráttur á þessum liðum haldi áfram. Í heild er gert ráð fyrir rúmlega 40% magnsamdrætti í almennum vöruinnflutningi á árinu og vegna grunnáhrifa verður samdrátturinn mestur á fyrstu þremur fjórðungum ársins. Sérstakur vöruinnflutningur (innflutningur fjárfestingarvara til stóriðju, innflutningur hrá- og rekstrarvara og skipa og flugvéla) dregst minna saman og er sá samdráttur að mestu til kominn þar sem ekki er spáð fyrir um verslun með skip og flugvélar sem teljast til óreglulegra liða utanríkisviðskipta og hafa ekki bein áhrif á landsframleiðsluna (sjá rammagrein 4 í Þjóðarbúskapurinn – Haustskýrsla 2008). Árið 2010 er því spáð að sérstakur vöruinnflutningur aukist nokkuð í tengslum við auknar byggingarframkvæmdir vegna álvers í Helguvík og tengdrar orkuöflunar en almennur vöruinnflutningur verður

Mikill viðskiptahalli 2008




Mynd 18

Viðskiptajöfnuður sem % af VLF 2000-2011

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Samkeppnisstaða útflutningsgreinanna batnar

Innflutningur vöru dregst mikið saman




Mynd 19

Endurfjárfestur hagnaður erlendra fyrirtækja í eigu innlendra aðila (þáttatekjur) 2005-2008

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Ísland hagkvæmur áfangastaður fyrir ferðamenn...

...en Íslendingar draga stórlega úr ferðalögum erlendis



Mynd 20

Endurfjárfestur hagnaður erlendra fyrirtækja í eigu erlendra aðila (þáttagjöld) 2005-2008

Heimild: Seðlabanki Íslands.

áfram með minnsta móti þar sem spáð er að efnahagslífið nái botni á því ári. Árið 2011 er því spáð að sérstakur vöruinnflutningur aukist enn frekar þegar umræddar stóriðjuframkvæmdir ná hámarki auk þess sem innflutningur hrá- og rekstrarvara eykst samhliða aukinni álframleiðslu. Þá er spáð að almennur vöruinnflutningur aukist hratt árið 2011 þegar gengi íslensku krónunnar verður orðið sterkara og innlend eftirspurn er tekin að aukast hröðum skrefum á ný.

Árið 2009 er spáð 34,7 ma.kr. afgangi á vöruskiptunum eða sem nemur 2,5% af landsframleiðslu en lágt verð áls og sjávarafurða í erlendri mynt kemur í veg fyrir að veik króna skili myndarlegum afgangi. Árið 2010 má gera ráð fyrir lít-

illegum halla á vöruskiptum þegar innflutningurinn eykst í kjölfar aukinnar fjárfestingar í stóriðju. Árið 2011 eykst þessi halli enn frekar þegar innlend eftirspurn eykst ásamt hefðbundnum innflutningi neysluvarnans.

Verðmæti útfluttrar þjónustu nam 188 ma.kr. 2008 og jókst um 30% á milli ára sem skýrist fyrst og fremst af gengislækkun krónunnar. Að magni til dróst útflutt þjónusta saman um 1,3% og var samdrátturinn mestur á fjórða fjórðungi ársins. Töluverð óvissa er varðandi þróun þjónustutekna á yfirstandandi ári. Ferðamennska á heimsvísu er að dragast mikið saman um þessar mundir en á móti kemur að lágt gengi íslensku krónunnar gerir Ísland að hagkvæmari áfangastað fyrir erlenda ferðamenn. Í heild eru aðilar í ferðaiðnaði nokkuð bjartsýnir á komandi sumar og bókanir vegna ferðatengdrar þjónustu hafa aukist. Því er áætlað að útflutt ferðapjónusta aukist á árinu en að önnur útflutt þjónusta sem tengist atvinnulífinu dragist saman.

Verðmæti innfluttrar þjónustu nam 224,9 ma.kr. 2008 og jókst um 14,2% á milli ára sem skýrist af samdrætti í innlendri eftirspurn og gengislækkun krónunnar. Dróst innflutt þjónusta saman að magni til um 18,8% og var samdrátturinn langmestur á fjórða fjórðungi ársins. Árið 2009 er áætlað að innflutt þjónusta dragist saman um þriðjung að raunvirði þar sem innflutt ferðapjónusta mun dragast mikið saman en Íslendingar hafa í kjölfar kreppunnar dregið stórlega úr ferðalögum erlendis. Innflutt þjónusta sem

tengist atvinnulífinu dregst einnig saman en í minna mæli. Árið 2011 er spáð að innflutt þjónusta aukist á ný vegna aukinna ferðalaga Íslendinga erlendis þegar spáð er að kaupmáttur ráðstöfunartekna landsmanna og atvinna taki að aukast á ný.


Hallinn á jöfnuði þáttatekna nam 460 ma.kr. 2008 og margfaldaðist á milli ára. Á undanförunum misserum hefur hallinn á jöfnuði þáttatekna verið að aukast jafnt og þétt í tengslum við auknar erlendar skuldir þjóðarbúsins og hærri nettó vaxtagjöld. Einnig hefur mikill taprekstur erlendra fyrirtækja í eigu innlendra aðila leitt til stóraukins neikvæðs endurfjárfests hagnaðar (sjá rammagrein 5 í Þjóðarbúskapurinn - Vorskýrsla 2008). Endurfjárfestur hagnaður, sem er sá hluti hagna-

ðar sem verður eftir hjá fyrirtækjum þegar arður hefur verið greiddur út til hluthafa, er skilgreindur sem eignaukning. Endurfjárfestur hagnaður eykur eigið fé fyrirtækis, þar til hann er greiddur út sem arður og með sama hætti leiðir taprekstur til neikvæðrar ávöxtunar og lækkunar á eigin fé. Hlutdeild innlendra aðila í hagnaði erlendra félaga er færð til þáttatekna en til þáttagjalda er talinn hagnaður erlendra aðila í starfsemi innlendra félaga. Á síðast-

liðnu ári nam tap á rekstri erlendra félaga í eigu innlendra aðila 297,1 ma.kr. sem bókfærast sem neikvæður endurfjárfestur hagnaður. Á móti nam tap á rekstri innlendra félaga í eigu erlendra aðila 115,1 ma.kr. sem bókfærast sem jákvæður endurfjárfestur hagnaður. Nettó endurfjárfestur hagnaður þjóðarbúsins var því neikvæður um 182 ma.kr. Þá hafa þáttgjöld af ávöxtun verðbréfa aukist jafnt og þétt á undanförunum árum og ber þar hæst vaxtagjöld til erlendra eigenda innlendra skuldabréfa, en þau námu 282,6 ma.kr. á síðastliðnu ári. Á móti námu vaxtatekjur til innlendra eigenda erlendra skuldabréfa einungis 31,8 ma.kr. Nettó vaxtagjöld þjóðarbúsins af verðbréfum voru því neikvæð um 250,8 ma.kr. Mikil óvissa er varðandi þróun þáttatekna á yfirstandandi ári á meðan það uppgjörstímabil sem hófst með falli bankanna gengur yfir. Ljóst er að mjög óhagstæð nettó vaxtagjöld skuldabréfa munu valda því að hallinn á jöfnuði þáttatekna verður mikill á spátímabilinu. Í þessu sambandi má nefna nýlegt mat Seðlabanka Íslands að heildarskuldir íslenskra aðila erlendis hafi numið 3.100 ma.kr. í árslok 2008, eða 220% af landsframleiðslu á meðan heildareignir þeirra námu 1.430 ma.kr. eða ríflega 100% af landsframleiðslu. Hreinar skuldir íslenskra aðila erlendis námu því um 1.670 ma.kr. eða tæplega 120% af landsframleiðslu. Varðandi áhrif endurfjárfests hagnaðar á þróun þáttatekna og -gjalda árið 2009 er erfitt að spá en til lengri tíma er litið má vænta að sá liður minnki og verði í betra jafnvægi.

Auk töluverðrar óvissu varðandi þróun þáttatekna og -gjalda á næstu misserum er einnig nokkur óvissa varðandi mat Seðlabankans á jöfnuðinum á undanförunum árum. Hefur Hagstofa Íslands bent á að sérstök ástæða sé skoða tvo liði nánar í mati Seðlabankans á þáttatekjum en það eru annars vegar tekjur og gjöld af ávöxtun hlutafjár og hins vegar meðferð á tekjum af verðbréfaeign. Varðandi fyrri liðinn hefur Hagstofa Íslands fyrirvara á meðferð Seðlabankans á verðhækkunarágóða eða -tapi við mat á hlutdeild eigenda fyrirtækja í hagnaði ársins. En í skilningi þjóðhagsreikninga á slíkur ágóði eða tap ekki að koma inn í þáttatekjur en hefur áhrif á eignastofninn til hækkunar eða lækkunar. Varðandi seinni liðinn telur Hagstofan að Seðlabankinn hafi einnig vanmetið vaxtatekjur innlendra aðila í erlendum verðbréfum og þá fyrst og fremst í verðbréfasjóðum (e. *mutual funds*). Telur stofnunin að bókfæra eigi ávöxtun slíkra sjóða líkt og um beina erlenda fjárfestingu sé að ræða en slíkt er ekki gert í mati Seðlabankans í dag. Samkvæmt þessu gæti Seðlabankinn verið að hvort tveggja að vanmeta þáttatekjurnar og ofmeta gjöldin. Sérstaklega á þetta við á árinu 2008 en Hagstofan telur líklegt að verulegt verðlækkunartap (e. *capital loss*) hafi ranglega verið fært til lækkunar á þáttatekjum sem hefði að réttu átt að koma til lækkunar á eignastofninum erlendis.

Gríðarlegur halli á jöfnuði þáttatekna árið 2008



Mynd 21


Þróun vaxtatekna og -gjalda af skuldabréfum 2005-2008

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Óvissa um mælingu á þáttatekjujöfnuði

ATVINNUVEGIR

Mörg fyrirtæki í miklum rekstrarerfiðleikum




Mynd 22

Heildarvelta atvinnuveganna 1998-2008

Heimild: Hagstofa Íslands.

Forráðamenn íslenskra fyrirtækja svartsýnir



Mynd 23

Vísitala efnahagslífsins september 2002 - mars 2009

Heimild: Capacent Gallup.


Rekstraraðstæður fyrirtækja hafa versnað mikið í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar og hruns íslensku bankanna. Þannig hefur eftirspurn eftir framleiðslu fyrirtækja almennt dregist saman. Þá hefur lækking á gengi krónunnar, hátt vaxtastig og takmörkuð geta bankanna til þess að veita lán leitt til þess að mörg fyrirtæki hafa farið í þrot. Fyrirtæki í útflutningi njóta þó góðs af bættri verðsamkeppnisstöðu og tekjur í erlendri mynt gera þeim auðveldara fyrir að greiða af erlendum lánum.

Heildarvelta atvinnuveganna samkvæmt virðisaukaskattskýrslum nam 2.683 ma.kr. árið 2008 og hefur tvöfaldast á síðastliðnum fimm árum á nafnvirði. Á milli ára var aukningin mest í framleiðslu málma og nam heildarvelta greinarnar um 180 ma.kr. á árinu og jókst um 135% á milli ára. Gert er ráð fyrir miklum samdrætti í umsvifum íslenskra fyrirtækja árið 2009 en að velta og afkoma þeirra taki hægtum bata á komandi árum.

Samkvæmt nýlegri viðhorfskönnun Capacent Gallup um stöðu og framtíðarhorfur 500 stærstu fyrirtækja á Íslandi gæti enn mjög mikillar svartsýni á horfur í íslensku efnahagslífi. Líkt og í undanföllum könnunum er vísitala efnahagslífsins í lágmarki og mælist nú 0,7 stig en vísitalan nær frá 0 þar sem allir eru neikvæðir og upp í 200 stig þar sem allir eru jákvæðir. Á haustmánuðum 2008 urðu vatnaskil í væntingum forráðamanna fyrirtækja. Fram að þeim tíma voru flestir jákvæðir um stöðu efnahagslífsins þótt væntingar um framhaldið væru blendnar. Frá þeim tíma hefur hinsvegar gætt mikillar svartsýni. Þannig telja langflestir forráðamanna fyrirtækjanna nú að aðstæður í efnahagslífinu séu frekar eða mjög slæmar og eru niðurstöðurnar svipaðar hvort sem fyrirtækin eru á höfuðborgarsvæðinu eða af landsbyggðinni. Sama á við eftir því í hvaða atvinnugrein fyrirtækin eru. Þegar forráðamenn fyrirtækjanna eru beðnir að hugsa sex mánuði fram í tímann mælist vísitala efnahagslífsins 93,4 stig, sem sýnir að aðeins fleiri telja að ástandið verði verra en betra á hausti komanda. Í síðustu könnun í desember síðastliðnum mældist vísitalan 63,4 stig fyrir sex mánuði fram í tímann. Því hefur heldur fækkað í hópi þeirra sem eru neikvæðir um framhaldið. Könnunin sýnir jafnframt að forráðamenn fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu eru eilítið minna svartsýnir á haustið en forráðamenn fyrirtækja á landsbyggðinni. Forráðamenn fyrirtækja í verslunarrekstri skera sig úr því að þar eru nokkuð fleiri sem búast við betri tíð að sex mánuðum liðnum en þeir sem telja hið gagnstæða og mælist vísitala þeirra 126,7 stig. Meðal forráðamanna fyrirtækja í sjávarútvegi mælast hinsvegar fleiri sem eru svartsýnir um ástandið að sex mánuðum liðnum en þeir sem telja að það verði betra og mælist vísitala þeirra 66,7 stig.

Verksmiðja Alcoa Fjarðaáls náði fullri framleiðslugetu á síðastliðnu ári og framleiðir nú um 350 þúsund tonn á ári. Heildarframleiðslugeta álvera sem hér starfa er því tæplega 800 þúsund tonn á ári, sem er meira en fjórföld framleiðslugeta álvera á Íslandi árið 2003. Framkvæmdir við nýtt álver Norðuráls við Helguvík eru hafnar og er áætlað

að álverið verði fullbúið árið 2015 og að framleiðslugeta þess verði þá um 360 þúsund tonn. Þá stefnir álverið í Straumsvík á að auka framleiðslu sína um 40 þúsund tonn á ári og verður framleiðslugeta þess þá 220 þúsund tonn á ári. Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir þessum framkvæmdum í Helguvík og Straumsvík og að stækkuninni í Straumsvík verði lokið árið 2013. Miðað við umsóknir um losunarheimildir má jafnframt búast við að álver Alcoa á Reyðarfirði, Fjarðaál, og álver Norðuráls á Grundartanga auki framleiðslu sína um 30-40 þúsund tonn hvort á næstu árum. Þar sem ákvarðanir um slíka stækkun liggja ekki fyrir er ekki gert ráð þeim í spá fjármálaráðuneytisins. Ef ofangreindar framkvæmdir ganga eftir má hinsvegar áætla að heildarframleiðslugeta áliðnaðarins á Íslandi verði um 1.270 þúsund tonn á ári árið 2015. Þá er ekki talin með möguleg bygging álvers Alcoa á Bakka við Húsavík og tengdra orkuframkvæmda, en mikil óvissa tengist þeirri framkvæmd.



Mynd 24

Þróun heimsmarkaðsverðs á áli 1995-2017

Heimildir: EcoWin Reuter og eigin spá.

Heimsmarkaðsverð á áli hefur sveiflast mikið á undanförunum misserum. Verðið náði hámarki á miðju ári 2008 en hefur hríðfallið í kjölfar gríðarlegs eftirspurnarskells á álafurðum frá því að hin alþjóðlega fjármálakreppa brast á. Ljóst má vera að útflutningsverðmæti greinarinnar hér á landi verður lægra en áður hafði verið gert ráð fyrir þrátt fyrir að gengislækkun krónunnar vegi þarna upp á móti. Á móti þessu vegur að verð súrálís hefur jafnan fylgt heimsmarkaðsverði á áli sem dregur úr aðfangakostnaði. Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að verð á áli hækki jafnt og þétt á næstu árum og í samræmi við spár alþjóðastofnana, sem eru í samræmi við framvirk verð á London Metals Exchange markaðnum. Eftir árabíl hækkingu álverðs, kemur hið lága heimsmarkaðsverð á áli sér illa fyrir orkuviðnaðinn hér á landi í þeim tilfellum þar sem samningar kveða á um að raforkuverð til álvera séu tengd heimsmarkaðsverði á áli.


Heimsmarkaðsverð á áli hríðfellur

Rekstrarskilyrði sjávarútvegsins voru blendin á síðastliðnu ári. Lágt gengi íslensku krónunnar og hátt verð íslenskra sjávarafurða í erlendri mynt gerði það að verkum að íslenskir útgerðarmenn hafa sjaldan eða aldrei fengið eins hátt verð fyrir afurðir sínar. Á móti hafði gengið áhrif á að auka erlendar skuldir sjávarútvegsfyrirtækja í krónum talið. Þá hækkaði rekstrarkostnaður útgerðarinnar umtalsvert í kjölfar mikillar hækkunar olíuverðs en olía er næst stærsti kostnaðarliður útgerðar á eftir launakostnaði. Þótt aflinn hafi dregist saman varð samdrátturinn ekki eins mikill og gert hafði verið ráð fyrir vegna mikillar makrílveiði síðastliðin sumar. Makríll er tiltölulega ný nytjategund í íslenskri lögsögu og hefur ekki enn verið gefinn út kvóti á hann. Þó má gera ráð fyrir að svo verði haldi hann áfram að ganga inn í íslenska lögsögu og verður kvótinn þá væntanlega byggður á aflareynslu. Mikill samdráttur varð í kolmunnaveiðum á síðasta ári. Áhrif á afkomu greinarinnar eru þó ekki í beinu hlutfalli við það þar sem kolmunnaveiðar eru kostnaðarsamari en t.d. loðnuveiðar þar sem skip sem veiða kolmunna nota þung flöttroll sem krefjast meiri olíu. Á fyrsta fjórðungi yfirstandandi árs hefur heildaraflinn dregist saman um 15% frá því á síðastliðnu ári og þar af veiddust aðeins um 15 þúsund tonn af loðnu á nýliðinni vertíð sem er hrún í þeirri grein. Á móti kemur að veiðar á okkar helsta nytjafiski þorski hafa gengið vel en gefinn var út viðbótaraflamark á þorsk í janúar síðastliðnum og er heildaraflamark á yfirstandandandi fiskveiðiári 160 þúsund tonn.

Rekstrarskilyrði sjávarútvegsins blendin

Loðnuvertíðin brást

Í kjölfar hinnar alþjóðlegu efnahagslæggðar hefur eftirspurn eftir dýrari sjávarafurðum dregist saman í okkar helstu viðskiptalöndum. Mun erfiðar gengur nú en áður að selja okkar helstu afurðir og birgðir hafa safnast upp. Þó eru vísbendingar um það að birgðir hafi dregist saman nú á undanförunum vikum



Mynd 25

Verðvísitala sjávarafurða í erlendri mynt 1995-2017

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Verð íslenskra sjávarafurða í erlendri mynt lækkar mikið

Gjaldþrotum fyrirtækja fjölga

Ferðaiðnaðurinn nýtur góðs af lágu gengi krónunnar

eftir að verð íslenskra afurða tók að lækka í erlendri mynt. Verð ferskra botnfiskafurða hefur lækkað mest og hefur verð á ferskum þorski til að mynda lækkað um u.þ.b. þriðjung frá fyrsta fjórðungi 2008. Verð landfrystra afurða hefur einnig lækkað mikið en þó minna en verð á mjöli og lýsi hefur aftur á móti hækkað. Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að verð íslenskra afurða í erlendri mynt muni enn lækka en þó er gert ráð fyrir að mesta lækkunarhrinin sé yfirstaðin. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að gengi íslensku krónunnar verði áfram lágt sem mun reynast sjávarútveginum vel.

Gjaldþrotum fyrirtækja hefur fjölgað að undanfögnu. Alls urðu 748 fyrirtæki gjaldþrota árið 2008 en á fyrstu 3 mánuðum ársins 2009 er fjöldinn 259 samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Árið 2008 urðu flest gjaldþrot í fyrirtækjum í verslun, bæði heildsölu og smásölu, alls 166. Í byggingarstarfsemi urðu 150 fyrirtæki gjaldþrota. Í báðum þessum greinum eru gjaldþrot um það bil helmingur af fjölda fyrirtækja sem stofnuð voru á árinu. Í ár hafa flest fyrirtæki orðið gjaldþrota í byggingarstarfsemi, samtals 63 á meðan 47 verslunarfyrirtæki hafa sætt sömu örlögum. Í ljósi mikils samdráttar innlendrar eftirspurnar og stöðnunar á fasteignamarkaði má búast við áframhaldandi erfiðleikum í þeim greinum. Gjaldþrot fyrirtækja í veitinga- og gistihúsarekstri eru þegar orðin nær helmingur af því sem varð í heild árið 2008. Þá hafa 14 fjármálafyrirtæki orðið gjaldþrota á fyrstu 3 mánuðum ársins en í þessum flokki urðu gjaldþrotin í heild 20 árið 2008.


Rekstraraðstæður fyrirtækja eru um margt erfiðar um þessar mundir. Fyrirtæki búa enn við háa vexti af lánsfé og takmarkaða getu bankanna til veita þeim lán. Bankastarfsemi hefur að miklu leyti gengið út á að lengja í eða endurskipuleggja lán til fyrirtækja í ljósi verulega skertrar greiðslugetu í kjölfar mikils samdráttar í eftirspurn eftir framleiðslu þeirra. Þá hefur mikil ásókn fyrirtækja í erlend lán á undanfögnu árum komið illa við efnahagsreikninga þeirra eftir mikla veikingu krónunnar ásamt því að eignaverð hefur lækkað umtalsvert. Á móti því að verulega sjái á efnahags- og rekstrarreikningum fyrirtækja vega nokkrir þættir. Í miklu atvinnuleysi hefur aðgengi fyrirtækja að hæfu starfsfólki batnað á kjörum sem eru hagstæðari vinnuveitendum en áður. Einnig hafa stjórnvöld fyrir sitt leyti komið til móts við þessar erfiðu aðstæður með því að liðka til um fyrirkomulag varðandi skil á opinberum gjöldum. Þá hefur verið heimilað að fá endurgreiddan allan virðisaukaskatt vegna viðhaldsvinnu á byggingarstað í þeim tilgangi að auðvelda slíkar framkvæmdir og reynt hefur verið að draga ekki meira úr opinberum framkvæmdum en brýn nauðsyn ber til (sjá einnig rammagrein 3). Lágt raungengi íslensku krónunnar nú hefur leitt til þess að samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja er betri en hún var meðan gengi krónunnar var hærra. Þetta eru fyrirtæki að reyna að notfæra sér en hinn alþjóðlegi samdráttur í efnahagssumsvifum gerir það að einhverju leyti erfiðara. Þó sýna nýlegar tölur að útflutningur er að aukast í nokkrum greinum. Hið sama á við um innlenda samkeppnisframleiðslu. Staða hennar hefur batnað og því hafa tækifæri skapast á að vinna til baka markaðshlutdeild eða bæta afkomu sem hið háa raungengi undanfarinna ára dró úr. Þá nýtur ferðaiðnaðurinn góðs af lágu gengi krónunnar og erlendir ferðamenn notfæra sér nú í auknum mæli hagstæð kjör hér á landi. Ferðamennska er þó að dragast mjög mikið saman á alþjóðavísu en fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands á fyrstu fjórum mánuðum ársins dróst saman um 2,8%. Tekjur af hverjum ferðamanni eru þó mun meiri en áður og eru talsmenn ferðaiðnaðarins almennt bjartsýnir á komandi sumari.

VINNUMARKAÐUR


Í ársbyrjun 2009 töldust landsmenn vera 319.368 og hafði fjölgað um tæplega fjögur þúsund á einu ári eða 1,2%. Á vinnualdri (16-74 ára) töldust rétt tæp 230 þúsund og í þeim hópi hafði fjölgað um 1,3%. Sú fjölgun var að stærstum hluta hjá konum því þeim fjölgaði um 2,1% meðan körlum á vinnualdri fjölgaði um 0,6%. Erlendir ríkisborgarar voru rúmlega 24 þúsund í upphafi árs og hafði fjölgað um tæplega þúsund manns. Það dró úr fjölguninni að tæplega þúsund erlendir ríkisborgarar fengu íslenskan ríkisborgararétt á árinu 2008. Erlendum körlum fækkaði um 300 meðan erlendum konum fjölgaði um tæplega 1.300. Þrátt fyrir það er hlutfall kvenna meðal erlendra ríkisborgara 42,5% sem er lágt í alþjóðlegum samanburði. Það sem af er árinu 2009 hafa tæplega 2.300 manns flutt af landi brott á meðan 1.550 hafa flutt til landsins, sem er fækkun um 770 manns.

Þjóðinni fjölgað enn

Erlendir ríkisborgarar



Íslenskir ríkisborgarar



Mynd 26 sýnir þróunina eftir ríkisfangi og kyni. Árið 2008 fluttu jafn margir erlendir karlar að og frá landinu meðan aðfluttar erlendar konur voru fleiri en brottfluttar. Fleiri íslenskir ríkisborgarar fóru en komu á árinu og ekki var mikill munur á kynjunum í því efni. Í ár hafa tvöfalt fleiri erlendir karlar farið en komið meðan erlendum konum er enn að fjölga. Ef brottflutningur íslenskra ríkisborgara heldur áfram eins og hann var á fyrsta ársfjórðungi stefnir í meiri heildarbrottflutning á árinu en undanfarin ár. Þá hefur brottflutningurinn venjulega verið mestur á fjórða ársfjórðungi en öðrum tímum ársins og þá í tengslum við flutninga fólks til námsdvalar erlendis. Mögulegt er að núverandi efnahagsþrengingar leiði til aukins brottflutnings Íslendinga á næstu árum. Á móti gætu sambærileg vandkvæði á vinnumörkuðum erlendis gert fólki erfiðara um vik að flytja erlendis. Búferlaflutningar á fyrsta ársfjórðungi 2009 eru að lang stærstum hluta fólk á starfsaldri og er brottflutningur Íslendinga meiri en erlendra ríkisborgara. Gert er ráð fyrir að fækkun á vinnumarkaði vegna búferlaflutninga gæti numið um 3.000 manns árið 2009 sem leiðir til þess að breyting á heildarfjölda á vinnumarkaði verður lítil. Þetta er í samræmi við það sem fjármálaráðuneytið hefur gert ráð fyrir í spám sínum hingað til.

Mynd 26
Búferlaflutningar milli landa 2008-2009

Heimild: Hagstofa Íslands.


Aðfluttar konur fleiri en brottfluttar

Álíka margir íslenskir og erlendir ríkisborgarar flutt burt

Vinnumagn

Þróun á vinnumarkaði hefur verið í brennidepli umræðunnar um efnahagsmál á undanförunum mánuðum. Atvinnuleysi hefur aukist hraðar en dæmi eru um og fjöldi atvinnulausra og hlutfall þeirra af vinnuafli er mun meira en áður eru dæmi um. Í vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands (VMK)¹ fyrir fyrsta ársfjórðung 2009 kemur fram að þá teljast 165.500 manns hafa verið starfandi. Það er fækkun um 8.500 manns eða 4,9% frá sama ársfjórðungi fyrir

¹ Rétt er að minna á að tölur VMK eru byggðar á úrtaki og því háðar óvissu sem er misjafnlega mikil eftir því hversu hátt hlutfall af heildarfjölda á vinnumarkaði viðkomandi stærð er. Jafnframt er þess ekki að vænta að þeim tölum beri saman við upplýsingar sem byggjast á öðrum gögnum. Þetta á til dæmis við um atvinnuleysi.



Mynd 27
Ársvöxtur vinnumagns
1. ársfj. 2006 - 1. ársfj. 2009

Heimildir: Vinnumarkaðskannanir
Hagstofu Íslands.

Vinnumagn dregst saman

Atvinnuleysi meira hjá körlum og yngra fólki

Um 4.200 manns hafa horfið af vinnumarkaði ...

... aðallega til náms

ári. Breyting á meðalvinnutíma er einnig sláandi því hún nemur 1,9 klukkutímum á viku en það er 4,7%. Samtals leiðir þetta til þess að unnið vinnumagn á fyrsta ársfjórðungi í ár, mælt með þessum hætti, reynist vera 9,3% minna en á sama ársfjórðungi 2008 (sjá mynd 27).

Þeim sem voru í fullu starfi á fyrsta ársfjórðungi 2009 fækkaði um 9.700 á milli ára á meðan þeim sem voru í hlutastörfum fjölgaði um 1.300. Þetta endurspeglar að margir hafa orðið að hlíta því að starfshlutfall þeirra hefur verið minnkað en á móti hafa þeir fengið atvinnuleysisbætur að hluta. Vinnutími fólks í fullu og hlutastarfi hefur minnkað álíka mikið, um 3%.

Á fyrsta ársfjórðungi 2009 fækkaði starfandi fólki á höfuðborgarsvæðinu um 3,9% frá fyrra ári og vinnutími dróst saman um 3,8% sem leiðir til þess að vinnumagn þar minnkaði um 7,5% frá sama fjórðungi á fyrra ári. Utan höfuðborgarsvæðisins fækkaði starfandi fólki á sama tíma um 6,8% og vinnutími dróst saman um 6,5% sem þýðir að samdráttur í vinnumagni utan höfuðborgarsvæðisins nam 12,7%.

Fækkun starfa er svo til öll hjá körlum. Starfandi karlar voru 8,5% færri á fyrsta ársfjórðungi nú í ár en fyrir ári og vinnutími þeirra var 4,8% minni en þá. Vinnumagn karla hefur því dregist saman um 13%. Starfandi konum fækkaði hinsvegar um 0,5% á sama tímabili og vinnutími þeirra dróst saman um 3,4%. Samdráttur í vinnumagni kvenna er því um 3,9% sem skýrist að langmestu leyti af lækkingu meðalvinnutíma þeirra.

Samdrátturinn á vinnumarkaði hefur komið þyngst niður á yngstu þátttakendum. Starfandi á aldrinum 16-24 ára hefur fækkað um 3.600 manns sem er 13,3% frá sama tíma á fyrra ári. Þarna er að ræða 42% af fækkun starfandi í heild. Vinnutími hópsins dróst jafnframt saman um 7% og vinnumagn þeirra minnkaði því um fimmtung. Fyrir tveimur árum voru tveir af hverjum þremur í þessum aldurshópi starfandi en einungis helmingur nú. Starfandi á aldrinum 25-54 ára hefur fækkað um 4,5% og vinnutími þeirra minnkað um 5,7% frá fyrra ári. Vinnumagn þessa hóps hefur því dregist saman um 10% milli ára. Samdrátturinn hefur snert elsta hópinn (55-74 ára) minnst. Starfandi hefur fjölgað örlítið á fyrsta ársfjórðungi 2009 frá fyrra ári og vinnutíminn dróst mun minna saman en hjá öðrum aldurshópum. Vinnumagn þessa hóps dróst því saman um aðeins 0,6% frá sama ársfjórðungi í fyrra.

Atvinnuþáttaka


Atvinnuþáttaka, þar sem taldir eru saman þeir sem eru í starfi og þeir sem eru atvinnulausir en í starfsleit, hefur breyst nokkuð að undanförunu. Nánar er fjallað um þróun atvinnuleysis í sérstökum kafla hér fyrir aftan. Frá fyrsta ársfjórðungi 2008 hefur atvinnuþáttaka í heild dregist saman um 1,5% af heildarfjölda 16-74 ára eða alls um 4.200 manns. Þetta er sá hópur sem var á vinnumarkaði þá en er utan hans nú. Atvinnuþáttaka karla hefur minnkað um 2,2 prósentur meðan samsvarandi tala hjá konum er 0,6 enda hefur samdrátturinn í störfum hingað til snert þær minna en karlana. Breytingin á atvinnuþáttöku er mest hjá yngsta hópnum en þáttaka þeirra hefur fallið um 7,8 prósentur. Nokkur fjölgun, eða um 1.500 manns, hefur orðið í þessum hópi og að teknu tilliti til hennar má reikna með því að þáttaka þessa hóps hafi lækkað um 3.600 manns samanborið við sama ársfjórðung í fyrra. Líkleg skýring er að margir hafi ákveðið að fara í nám vegna atvinnuástandsins. Jafnframt er ljóst að allnokkur fjöldi sem stundaði vinnu með námi fyrir ári hefur ekki möguleika á því lengur. Hinsvegar er ekki að finna vísbendingar í VMK um að fólk á efri árum hafi ákveðið að draga sig út af vinnumarkaði og fara á eftirlaun, að minnsta kosti ekki ennþá.

Rammagrein 6: Þjóðhagsstærðir og vinnuafli

Hagsveiflur hafa mikil áhrif á vinnumarkað en þau áhrif geta verið mismikil eftir upp- runa hagsveiflunnar. Sú niðursveifla sem nú gengur yfir íslenskt efnahagslíf kemur sterkast fram í einkaneyslu annars vegar og fjármunamyndun hins vegar en komið hefur verið til móts við samdrátt í eftirspurn við stjórn ríkisfjármála árið 2009 með því að leyfa tekjuafkomu ríkissjóðs að snúast í mikinn halla. Í þjóðhagslíkani fjármálaráðuneytisins er spáð fyrir um vinnu- magn í heild og atvinnuleysishlutfall. Þar er ekki nægilega mikil sundurliðun til að meta áhrif ólíkra eftirspurnarþátta á einstaka greinar á vinnumarkaði. Til að nálgast þau eru gögn um þróun eftirspurnar fyrri ára skoðuð til að meta áhrif þeirra á einstakar starfsgreinar. Í kjölfar þess mikla samdráttar sem átt hefur sér stað og hefur komið fram í ákveðnum starfsgreinum er áhugavert að meta hver verður líkleg þróun á vinnumarkaði miðað við þróun efnahagsstærða í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins.


Könnun á samhengi þjóðhagsstærða og vinnuafslnotkunar einstakra atvinnugreina leiðir í ljós að hægt er að notast við þær fyrrnefndu við mat á breytingum vinnuafsls í sumum greinum en ekki öðrum. Þannig hefur verið gerð athugun á sambandi einkaneyslu og vinnuafslnotkunar í þeim greinum sem helst tengjast henni¹ og er niðurstaðan sýnd á mynd 1. Einkaneysla er samsett úr neyslu íslenskra heimila hér á landi og erlendis en að sjálfsögðu hefur neysla Íslendinga erlendis engin áhrif á eftirspurn eftir vinnuafli hér á landi. Á sama hátt telst neysla er- lendra ferðamanna hér á landi ekki til einkaneyslunnar heldur til útflutnings á vöru og þjónustu. Sú neysla hefur hins vegar áhrif á vinnumarkaðinn í þeim greinum sem tengjast einkaneyslunni mest. Reynt er að leiðrétta gögn um einkaneyslu fyrir slíkum breytingum á samsetningu hennar. Til dæmis nam sá hluti einkaneyslu Íslendinga sem fór fram erlendis árið 2008 um 10,7% af allri einkaneyslu á meðan út- gjöld erlendra manna hér á landi námu 7,1% einkaneysluútgjalda það ár. Í þjóðhagsreikningum eru útgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi dregin frá einkaneysluuppgjöri sem óskiptur liður og færð til tekna í utanríkisviðskiptum. Frá haustmánuðum 2008 hefur það nú gerst að neysla Íslendinga erlendis hafa dregist hratt saman á meðan útgjöld út- lendinga hér á landi hafa aukist.

Það samband sem myndin sýnir er $y = 0,0 + 0,62x$, þar sem x er breyting einkaneyslu frá fyrra ári en y breyt- ing vinnuafsls í einkaneyslugreinum. Þetta þýðir að ef einkaneysla breytist um 1% breytist vinnuafslnotkun í einkaneyslugreinunum um 0,62%. Fylgnistuðull er $R^2 = 0,51$. Þótt sambandið mætti vera sterkara gefur það tilefni til þess að spá fyrir um breytingu á vinnuafli í þeim greinum sem um er að ræða út frá áætlaðri breytingu á einkaneyslu. Í því samhengi þarf einnig að athuga áhrif ýmissa annarra mögulegra skýringarþátta, sem geta verið breytilegir. Má þar nefna framleiðni, en hún er oft breytileg þegar efnahagslífið skiptir um gír, þar sem



Mynd 1
Ársbreytingar - einkaneysla að frádregnum útgjöldum Íslendinga erlendis en viðbættum útgjöldum útlendinga hérlandis 1999-2008

Heimild: Hagstofa Íslands.



Mynd 2
Fjármunamyndun og mannfli við mannvirkjagerð 1992-2008

Heimild: Hagstofa Íslands.

¹ Þær atvinnugreinar sem teknar eru með í þessari greiningu eru: Verslun og viðgerðarþjónusta, hótél- og veitingahúsarekstur, samgöngur og flutningar, fjármálaþjónusta og tryggingar og þjónusta við atvinnurekstur ýmiss konar.


mælt vinnsluvirði (eða annar mælikvarði á framlag til landsframleiðslu) og vinnumagn breytast umtalsvert en ekki endilega samtímis. Sögulega séð hefur breyting á vinnutíma haft minni áhrif á breytingar á vinnumagn en breytingar á vinnuafli. Hvað úrtakið í greinum þeim sem hér eru taldar til einkaneyslugreina varðar er um að ræða mat, sem háð er skekkjumörkum. Í sumum greinanna sem teljast til þjónustu er um starfsemi að ræða sem tengist einkaneyslu á meðan aðrar greinar eru tengdar starfsemi sem tengist fjármunamyndun, t.d. arkitektar og verkfræðingar. Þá eru enn önnur þjónustustörf tengd útflutningi, t. d. sölustarfsemi og hluti fjármálaþjónustu.

Að teknu tilliti til þeirra fyrirvara sem hér hafa verið nefndir má áætla breytingu á fjölda starfandi í viðkomandi greinum út frá breytingu á einkaneyslu samkvæmt þjóðhagsspá. Í þeirri spá sem hér er kynnt er gert ráð fyrir að einkaneysla í ár verði 25% minni en í fyrra. Þrátt fyrir mikinn samdrátt er gert ráð fyrir að hærra hlutfall einkaneyslu fari fram innanlands í ár en í fyrra og að neysla ferðamanna, sem talin er til útflutnings, aukist einnig umtalsvert. Af þeim sökum má gera ráð fyrir að þessir þættir jafni hvorn annan út hvað þróun einkaneyslu varðar. Miðað við ofangreint tölfræðisamband má því reikna með að vinnuaflsnotkun einkaneyslugreina dragist saman um 15% sem jafngildir því að störfum í tengslum við einkaneyslu fækki um 10.000 til 11.000 manns árið 2009. Reikna má með að stór hluti af þeim samdrætti sé nú þegar kominn fram.

Sams konar athugun var gerð á sambandi fjármunamyndunar og mannafla við mannvirkjagerð. Hér á hið sama við og um einkaneyslugreinar að ekki er beint samband á milli mannaflans og fjármunamyndunarinnar af ýmsum orsökum. Að vísu vinnur mestur hluti mannafla við mannvirkjagerð að fjármunamyndun en hún er ekki fólgin í mannvirkjagerð einvörðungu. Nægir að nefna kaup á skipum og flugvélum erlendis frá. Samband fjármunamyndunar í mannvirkjagerð og tengdrar vinnuaflsnotkunar er veikara en samband einkaneyslu og tengdrar vinnuaflsnotkunar. Þá fæst betra samband með eins árs tölfræði á vinnuaflsnotkun. Því til viðbótar er augljóst af mynd 2 að fjármunamyndunin hefur ekki fylgt vinnuafli í mannvirkjagerð undanfarin tvö ár. Á meðan tölur sýna gríðarlega vinnuaflsnotkun árið 2008 er talið að fjármunamyndun hafi minnkað verulega. Það ósamræmi gefur tilefni til að ætla að öll kurl séu ekki komin til grafar hvað fjármunamyndun í landinu varðar þau ár. Mögulega má skýra hluta fráviksins í breytti samsetningu verkefna sem unnið er að, en vinnuaflsnotkun var mun meiri í fyrra en árin þar á undan. Eins og fram kemur í kafla um vinnumarkað er talið að 18% þeirra sem störfuðu við mannvirkjagerð í fyrra séu nú orðnir atvinnulausir. Þá hefur nokkur fjöldi erlendra starfsmanna þar að auki horfið af landi brott. Engu að síður er ljóst að mannaflanotkun í mannvirkjagerð hefur ekki dregist jafn mikið saman og fjármunamyndunin. Raunar er það svo að starfsmönnum við mannvirkjagerð tók fyrst að fækka umtalsvert í nóvember í fyrra.

Atvinnuleysi

Atvinnuleysi hefur vaxið hraðar að undanförunu en nokkur dæmi eru um hér á landi. Þá virðist framvindan vera ólík því sem áður hefur gerst. Venjan er



sú að í upphafi samdráttar draga atvinnurekendur að segja upp fólki eftir því sem kostur er, vænt anlega vegna þess verðmætis sem fólgið er í mannauði fyrirtækja, í þeirri von að samdrátturinn gangi hratt yfir. Líklegt er talið að mörg fyrirtæki hafi í ljósi alvarlegra áfalla í fjármála- og efnahagslífinu ákveðið að draga saman mannafla í skyndingu.

Í samræmi við fyrri spár fjölg- aði atvinnulausum hægt og bít- andi fram eftir árinu 2008 og í lok september töldust þeir um 2.500 á landinu öllu. Eftir hrun bankakerfisins hefur þeim síð- an fjölgað látlaust og voru at- vinnulausir orðnir 16.800 í lok mars 2009 og tæplega 18.000

í lok apríl. Þetta þýðir að 80 manns hafa skráð sig atvinnulausa á hverjum degi að jafnaði frá því í lok september í fyrra. Hluti þess fólks sem skráð er atvinnulaust er ekki algerlega án atvinnu heldur hefur það orðið að sætta sig

Mynd 28
Atvinnuleysi eftir greinum


Heimildir: Vinnuálastofnun, Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

við skert starfshlutfall sem það fær bæt看 fyrir að hluta. Sá hópur var rúmlega 3.000 í lok mars. Atvinnulausum körlum hefur fjölgað um 9.500 frá lokum september til loka mars meðan konum á atvinnuleysisrá hefur fjölgað um 4.800. Hlutfallslegt atvinnuleysi karla taldist 10,2% í mars en hjá konum var hlutfallið 7,2%.

Á mynd 28 er sýnt hvernig atvinnulausum eftir atvinnugrein hefur fjölgað frá því í lok september 2008. Fjölmennasti hópur atvinnulausra er úr mannvirkjagerð þar sem yfir 3.000 hafa orðið atvinnulausir. Hlutfallslegt atvinnuleysi er miðað við fjölda starfandi í viðkomandi grein árið 2008 í vinnumarkaðskönnunum og það telst nú um 18% í mannvirkjagerð. Mannaflokkun í mannvirkjagerð hefur mjög tengt fjármunamyndun og er samdráttur í henni mun meiri en sem þessu nemur, til dæmis er spáð 47% samdrætti í ár. Fækkun starfa í iðnaði telst vera nær 1.700 og atvinnuleysi yfir 11%. Sá samdráttur tengist einnig samdrætti í fjármunamyndun. Í verslun og viðgerðum hafa tapast yfir 2.600 störf og reiknast atvinnuleysi þar rúm 11%. Í flokknum ýmsar þjónustugreinar hefur störfum fækkað um 1.850 og telst atvinnuleysi þar nú tæplega 10%. Hlutfallslegt atvinnuleysi telst um 13% í samgöngum og hefur störfum þar fækkað um 1.500. Yfir 600 störf hafa tapast í gistinga- og veitingahúsarekstri og þar er atvinnuleysið 10%. Ofantaldar greinar tengjast samdrætti í einkaneyslu meira en aðrar en fjallað er sérstaklega um samhengi þjóðhagsstærða við vinnuafslötkun einstakra atvinnugreina í rammagrein 6.

Á mynd 29 má sjá hversu mjög hefur fjölgað á skrá Vinnumálastofnunar yfir atvinnulausa. Þar sést að enda þótt hægt hafi á fjölgun atvinnulausra undanfarna tvo mánuði fjölgar þeim enn mikið. Hlutfallsleg fjölgun atvinnulausra milli mánaða var lengst af mun meiri hjá körlum en konum en á síðustu mánuðum hefur nokkuð dregið saman. Enn missa þó tveir karlar vinnu fyrir hverja eina konu sem bætist á skrár yfir atvinnulausa.

Í nýrri þjóðhagsspa fjármálaráðuneytisins er reiknað með því að atvinnulausum haldi áfram að fjölga en að dragi úr fjölguninni. Hlutfallslegt atvinnuleysi eykst því áfram og mun ná hámarki á næsta ári en þá er reiknað með því að það verði 9,6%. Þá gerir spáin ráð fyrir því að störfum taki að fjölga á ný og atvinnuleysið gangi til baka.



Mynd 29
Fjöldi atvinnulausra á skrá
Vinnumálastofnunar í lok
mánaðar
mars 2008 - apríl 2009

Heimild: Vinnumálastofnun.

Atvinnuleysi aukist örar og meira en dæmi um

Atvinnulausum fjölgað mest í mannvirkjagerð

LAUN OG RÁÐSTÖFUNARTEKJUR


Nær allir kjarasamningar nú til endurskoðunar

Kjarasamningar allflestu launþega voru lausir á árinu 2008. Ríkisstjórnin liðkaði fyrir samningum ASÍ og Samtaka atvinnulífsins í febrúar 2008 með yfirlýsingu um margvíslegar ráðstafanir í skatta- og bótamálum. Samningur ASÍ og SA átti að framlengjast sjálfvirkt frá mars 2009 til loka nóvember 2010 að uppfylltum skilyrðum um þróun verðlags og kaupmáttar launa. Aðrir aðilar vinnumarkaðarins s.s. ríki og sveitarfélög tóku mið af þessum samningi. Fljótlega varð ljóst að litlar líkur voru á að forsendur fyrir sjálfvirkri framlengingu myndu halda. Því kom ekki á óvart að önnur stéttarfélög sömdu til skamms tíma eða framlengdu gildandi kjarasamninga lítið breytta fram á árið 2009. Í febrúar 2009 ákváðu ASÍ og SA að fresta endurskoðun kjarasamnings síns til loka júní en vinna að undirbúningi hennar fram að því. Ákvæði um lágmarkslaun og lengingu orlofs skyldu þó taka gildi 1. mars. Viðbúðið er að framvinda endurskoðunar kjarasamninga taki mið af stefnu nýrrar ríkisstjórnar í efnahagsmálum. Oftar en ekki hafa aðstæður á vinnu- markaði verið þannig að samtök launþega hafa getað sett fram kröfur um launahækkun til að samningar náist eða verði framlengdir. Í gildandi kjarasamningi höfðu samningsaðilar upphaflega metið kostnaðarauka launagreiðanda af launabreytingarákvæðum samningsins mjög hóflegan. Þróun launa á almennum markaði að undanförunu hefur hins vegar verið á þann veg að kostnaðarauki atvinnulífsins af því að efna samningana hefur verið mun meiri en ætlað var. Við núverandi aðstæður í efnahagslífinu er staða launþega veikari og launagreiðendur hafa gefið í skyn að ekki sé fært að efna samninginn með óbreyttum launalið og jafnvel nefnt þörf á lækkingu launa.

Kjarasamningar nær allra ríkisstarfsmanna runnu út 31. mars síðastliðinn. Ekki hefur verið samið á ný og verður varla gert fyrr en mynd fer að koma á samninga á almennum markaði í júní. Starfsmenn sveitarfélaga eru með lausa samninga frá 1. september 2009 að undanskildum grunnskólakennurum sem eru með lausa samninga frá 1. júní 2009. Að ofangreindu er ljóst að nær allir launþegar eru nú þegar með kjarasamninga lausa, í uppnámi eða við það að renna út.

Laun margra dragast saman eða standa í stað

Vegna skertrar greiðslugetu atvinnulífsins má ætla að launahækkningar verði litlar eða engar. Áherslan verður að líkindum á að standa vörð um atvinnustigið og launakjör hinna lægst launuðu. Það felur í sér að ekki verður af hálfu stéttarfélaga gengið svo hart að skertri greiðslugetu atvinnulífsins að störf tapist af þeim völdum. Í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að lægstu laun hækki eitthvað en að litlar eða engar hækkningar verði ofar í launastiganum. Miðað við það er áætlað að launavísitala 2009 hækki um 3,3% frá fyrra ári.



Mynd 30

Launapróun 2000-2009


Heimildir: Hagstofa Íslands og Vinnumálastofnun.

Árið 2008 jukust ráðstöfunartekjur í krónum á meðan kaupmáttur þeirra dróst verulega saman vegna aukinnar verðbólgu. Árið 2009 má ætla að samdráttur í kaupmætti ráðstöfunartekna verði umtalsverður þrátt fyrir hækkun persónuafsláttar í upphafi ársins. Ástæðurnar er nokkrar. Lítila eða engra launahækkana er að vænta á árinu. Þá er atvinnuleysi orðið mikið og í flestum tilfellum hefur það áhrif til að draga verulega úr frekari hækkun ráðstöfunartekna. Nokkur hluti þeirra sem misst hafa vinnuna hefur haldið í nám og eru því ekki á atvinnuleysisbótum en finna væntanlega fyrir minni ráðstöfunartekjum vegna þess. Til viðbótar þessu eru margir með skert starfshlutfall eða vinna minni yfirvinnu. Allt ber þetta að sama brunni: vinnumagn er talsvert minna en verið hefur og það þýðir að

Verðbólga lækkar hratt

Verðbólga hefur hjaðnað hratt það sem af er árinu 2009 eftir að hafa hækk- að mikið árið 2008 vegna lækkunar á gengi krónunnar. Innleiðing gjald- eyrishafta í kjölfar hruns bankanna styrkti gengi krónunnar, þótt hluti þeirrar styrkingar hafi nýverið gengið til baka. Nú er fyrirséð að verðbólga dragist hratt saman á árinu sem má rekja til grunnáhrifa vísitölunnar og hratt minnk- andi verðbólguþrýstings.

Mikil lækkun á gengi krónunnar var ráðandi þáttur í verðbólguþróun síðast- liðins árs. Innfluttar vörur samanstanda af tæplega 40% af vísitölu neyslu- verðs og hafa breytingar á gengi komið hratt fram í verðbólgutölum samfara



Mynd 32

Verðbólga 2000-2011

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands og eigin spá.

Verðbólga lág og stöðug snemma árs 2010

gengisveikingu. Gengi krónunnar veiktist um rúmlega 16% í mars 2008 þegar vaxtamunur á gjaldeyrisskiptamarkaði hvarf og aftur um 34% frá september til desember þegar bankarnir hrundu. Fyrir vikið jókst verðbólga hratt fram eftir síðasta ári og náði hámarki í janúar 2009 þegar hún varð 18,6%. Á móti þessari þróun kom að það dró úr hækkun á húsnæðislið vísitölunnar og tók hann að lækka þegar leið á árið.

Verðbólga hefur lækkað hratt það sem af er árinu 2009 en það má annars vegar rekja til þess að húsnæðisliður vísitölunnar fór að lækka hraðar en áður hefur sést, og hins vegar vegna hagstæðrar gengisþróunar í upphafi ársins. Það sem eftir lifir árs er fyrirséð að verðbólga dragist hratt saman. Hraðminnkandi einka- neysla, aukið atvinnuleysi og mikill framleiðsluslaki hafa valdið því að und- irlliggjandi verðbólguþrýstingur hefur horfið úr hagkerfinu.

Eini verðbólguvakinn sem eftir stendur eru innfluttar vörur sem sveiflast eftir þróun gengis krónunnar. Áhrif gengisfallsins vegna hruns bankakerfisins síðastliðið haust eru enn til staðar þó þau muni fjara út á næstu mánuðum að því gefnu að gengið veikist ekki verulega frá núverandi stöðu. Veiking á gengi krónunnar í mars og apríl 2009 mun lengja þann tíma sem gengisáhrifin fjara út, einkum í innfluttum vörum sem hafa háan veltuhraða, á borð við matvörur og eldsneyti. Veruleg óvissa ríkir um gengisþróun krónunnar en hins vegar er ljóst að mikill samdráttur einkaneyslu hefur takmarkað svigrúm viðskiptalífsins til að velta gengislækkunum af fullum þunga í verðlag.

Lækkun á húsnæðislið vísitölunnar hefur, það sem af er ári, vegið upp verð- hækkunar á innfluttum vörum. Gert er ráð fyrir að húsnæðisliðurinn haldi áfram að lækka út árið en óvissan um umfang lækkunarinnar er umtalsverð þar sem verðmyndun á húsnæðismarkaði er orðin mjög ógegnsæ vegna hruns í veltu og aukinnar tíðni skiptasamninga í fasteignaviðskiptum.

Á þessu ári mun verðbólga mæld á tólf mánaða grundvelli lækka verulega, bæði vegna ofangreindra þátta en einnig vegna grunnáhrifa frá árinu 2008. Á síðasta ári tók vísitala neysluverðs tvö áberandi stór stökk, hið fyrra í apríl og hið síðara frá og með októbermánuði. Í apríl 2009 hvarf fyrra stökkið úr tólf mánaða takti verðbólgunnar og lækkaði hún þá úr 15,6% í 11,9%. Í október verður svipuð hreyfing þegar síðara stökkið hverfur úr tólf mánaða mælingu verðbólgunnar. Grunnáhrifin vega saman við þróun verðbólgunnar á þessu ári og yfir árið 2009 er því spáð að verðbólga verði 10,2% að meðaltali yfir árið.


Snemma á árinu 2010 er því spáð að verðbólga nái verðbólguþrýstingum Seðlabankans en gert er ráð fyrir að á árinu verði lítil sem enginn verðbólgu- þrýstingur. Spáð er að framleiðsluslaki verði áfram töluverður m.a. vegna

Þess að atvinnuleysi verður umtalsvert og gert er ráð fyrir að gengi krónunnar verði í stöðugum en hóflegum styrkingarfasa. Yfir árið í heild er því spáð að verðbólga verði 1,6% að meðaltali. Gert er ráð fyrir svipaðri þróun verðbólgu árið 2011. Það ár er gert ráð fyrir að töluverður framleiðslulaki verði enn til staðar í kerfinu sem mun ná að halda verðbólguþrýstingi niðri þrátt fyrir vaxandi umsvif í hagkerfinu. Því er spáð að verðbólga árið 2011 verði 1,9% að meðaltali.

Gjaldeyrismarkaður með krónuna varð fyrir verulegu áfalli í kjölfar bankahrunsins í október 2008. Gengi krónunnar veiktist um 23% í september og október þegar bankarnir féllu og millibankamarkaður með gjaldeyri lagðist af. Til að halda gjaldeyrisviðskiptum gangandi kom Seðlabanki Íslands á fót tilboðsmarkaði með gjaldeyri á sama tíma. Í lok nóvember voru tímabundin gjaldeyrishöft innleidd í samræmi við efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Í kjölfarið var millibankamarkaður með gjaldeyri opnaður á ný. Með höftunum var lokað fyrir fjármagnsflutninga að mestu leyti, fyrir utan að leyft var að færa fjármagn til landsins til fjárfestinga og þá var leyft að greiða vexti af erlendum lánum. Um leið voru viðskipti vegna inn- og útflutnings gefin frjáls á ný. Höftin komu í veg fyrir að innlendir og erlendir aðilar gætu fært fjármagn úr íslenskum verðbréfum og innstæðum yfir á erlenda reikninga. Eftir stendur að fjárfestar, einkum erlendir, eru fastir með umtalsvert fjármagn á Íslandi.

Gjaldeyriskreppan í október og höftin sem voru innleidd í kjölfar hennar ollu því að velta á gjaldeyrismarkaði minnkaði verulega en heildarvelta á öðrum ársfjórðungi 2008 var samtals 2.843 milljarðar en á fyrsta ársfjórðungi 2009 var veltan komin niður í 11,4 milljarða. Fyrir vikið er verðmyndun á gjaldeyrismarkaði byggð á veikum grunni.

Innleiðing gjaldeyrishafta gerir alla spágerð um þróun á gengi krónunnar mun erfiðari en áður var. Við það bætist að ekki liggur fyrir hvenær hægt verður að aflétta gjaldeyrishöftunum en það er að mörgu leyti háð því hvernig hægt verður að leysa úr þeim vanda að inni í hagkerfinu er mikið af erlendu fjármagni, einkum í eigu erlendra aðila, sem verður líklega fært úr krónum í erlenda gjaldmiðla við fyrsta tækifæri. Yfirvöld hafa leitað leiða til að ná samkomulagi við þá aðila sem byggist á því að koma í veg fyrir stórfelldan fjármagnsflotta og gengislækkun þegar gjaldeyrishöftum verður aflétt. Á þessu ári er gert ráð fyrir að gengi krónunnar verði áfram veikt í ljósi þess að vaxtagreiðslur af verðbréfum, sem heimilt er að flytja úr landi, verða umtalsverðar. Einnig hefur borið á því að gjaldeyrisviðskiptum hafi ekki skilað sér í þeim mæli sem vænst var en hægt hefur verið að nálgast krónur á erlendum mörkuðum. Það hefur valdið því að í raun hefur myndast tvöfaldur gjaldeyrismarkaður en gengi krónunnar á erlendum markaði hefur jafnan verið talsvert veikara en gengi innanlands. Af því tilefni var hert á gjaldeyrishöftunum í byrjun apríl en af sögulegri reynslu má gera ráð fyrir að fleiri tilvik geti komið upp þar sem reynt er að komast í kringum gjaldeyrishöft. Því er spáð að gengi krónunnar veikist um 23,9% að meðaltali á árinu 2009 sem má að hluta rekja til grunnáhrifa frá árinu 2008. Árið 2010 er gert ráð fyrir að gengi krónunnar styrkist innan ársins en að meðaltali haldist gengið nær óbreytt eða veikist um 0,4%. Árið 2011 er gert ráð fyrir að gengið styrkist um tæplega 8% eftir því sem hagvöxtur tekur við sér. Þar sem raungengi krónunnar hefur veikst umtalsvert og spáð er að afgangur myndist í utanríkisviðskiptum á komandi árum er miðað við að hægfara styrking verði á raungengi krónunnar yfir spátímabilið, þannig að það endurspegli betur jákvæða þróun utanríkisviðskipta.



Mynd 33
Gengisvísitala og raungengi
janúar 2000 - janúar 2012


Heimildir: Seðlabanki Íslands og eigin spá.

Veruleg óvissa um gengishorfur

Ríkissjóður

Halli á rekstri
ríkissjóðs 2008

Afkoma ríkissjóðs á árinu 2008 liggur nú í stórum dráttum fyrir. Þegar leið á árið varð ljóst að efnahagsumsvif þjóðarbúsins yrðu minni en undanfarin ár sökum þeirrar alþjóðlegu fjármálakreppu sem geisaði. Við þau miklu umskipti sem urðu á síðasta ársfjórðungi ársins lá fyrir að afkoma ríkissjóðs yrði verri en áður hafði verið reiknað með, bæði vegna minni tekna og meiri útgjalda. Vaxtagjöld hafa aukist með auknum skuldbindingum



Mynd 34

Tekjujöfnuður ríkissjóðs 1998-2011

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Tekjur drógust saman

Gríðarleg aukning
tilfærsluútgjalda

ríkissjóðs og útgjöld til atvinnuleysisbóta hafa einnig aukist mikið. Í heild er tekjuafkoman neikvæð sem nemur 16,9 ma.kr. eða 1,2% af landsframleiðslu. Er hér um að ræða mikinn viðsnúning frá fyrri árum, en árin 2005-2007 var ríkissjóður rekinn með miklum afgangi, eða 4,5% af landsframleiðslu að meðaltali. Þessar tölur eru á þjóðhagsreikningagrunni og hér ber að viðhafa hinn venjulega fyrirvara að ekki er um nákvæmlega sömu tekju-, gjalda- og afkomuhugtök að ræða og í framsetningu fjárlaga. Í fjárlögum ársins 2008 var gert ráð fyrir umtalsverðum afgangi, á grundvelli spár um að magnaukning landsframleiðslu yrði 1,2%, samdráttur í þjóðarútgjöldum næmi 4,8% og einkaneysla drægist saman um 0,9%. Reyndin varð hins vegar að landsframleiðsla jókst um 0,3%

og þjóðarútgjöld drógust saman um 9,3%, þar af einkaneysla um 7,7%. Í efnahagsáætlun sem stjórnvöld gerðu í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) er miðað við markmið um afkomu frumjöfnuðar (tekjujöfnuður án fjármagnsjöfnuðar) í því skyni að snúa ríkissjóði úr halla í afgang á næstu árum. Með frumjöfnuði er hægt að meta áhrif ákvarðana og framkvæmda sem ríkisstjórn tekur hverju sinni. Á nýliðnu ári nam frumhalli ríkissjóðs 12,3 ma.kr., eða 0,8% af landsframleiðslu.

Alls námu heildartekjur ríkissjóðs um 465 ma.kr. Tekjurnar jukust um 10 ma.kr. milli ára, en raunbreyting samsvarar 8,8% lækkun milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu tekjur 31,7% eftir að hafa verið í hámarki þrjú ár þar á undan, eða á bilinu 34,9 til 35,3%. Er hér jafnframt um að ræða mestu raunlækkun milli ára frá því að sambærilegar mælingar hófust, en áður hafði raunlækkun mest numið 4% árið 1993.

Útgjöld á árinu námu 482 ma.kr. sem er 6,5% raunaukning frá fyrra ári og kemur í kjölfar 8,8% raunhækkunar árið 2007. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu þau 32,9%. Það sem helst olli aukningunni var vöxtur í samneyslu, tilfærsluútgjöldum og fjármunamyndun sem kom til móts við minnkandi efnahagsumsvif.

Tafla 5 Fjármál ríkissjóðs 2007-2011

Í milljörðum króna	2007	2008	Spá		
			2009	2010	2011
Heildartekjur	454,3	464,6	397,7	429,0	473,8
Heildarútgjöld	402,9	481,5	575,3	552,6	549,0
Tekjuafkoma	51,4	-16,9	-177,6	-123,5	-75,2
<i>Hlutfall af landsframleiðslu (%)</i>					
Heildartekjur	34,9	31,7	28,3	29,5	30,6
Heildarútgjöld	31,0	32,9	40,9	38,0	35,5
Tekjuafkoma	3,9	-1,2	-12,6	-8,5	-4,9

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Minni efnahagssumsvif hafa í för með sér að tekjur ríkissjóðs minnka verulega á komandi árum, þar sem þær breytast meira en hagsveiflan segir til um. Árið 2009 er gert ráð fyrir að þjóðarútgjöld muni dragast saman um 21,3% og einkaneysla um 24,7%. Tekjur munu því dragast verulega saman og nema um 398 ma.kr., eða um 28,3% af landsframleiðslu. Gjöld munu aukast og verða alls 575 ma.kr., eða sem nemur 40,9% af landsframleiðslu. Vöxtur útgjalda stafar af auknum tilfærslum og auknum vaxtagjöldum ríkissjóðs vegna aukinnar útgáfu ríkisbréfa og vaxtagjalda vegna yfirtekinna krafna Seðlabankans. Ef litið er til frumjöfnuðar, þar sem vaxtagjöld og –tekjur eru undanskilin, er afkoman neikvæð sem nemur 117 ma.kr. eða 8,3% af landsframleiðslu.

Til að stemma stigu við auknum útgjöldum ríkissjóðs með það að markmiði að halda hallanum í skefjum er samneysluvexti haldið í lágmarki. Fjárfesting ríkissjóðs er áætluð 32 ma.kr. á árinu og lækkar hún að raunvirði frá árinu 2008.

Næstu ár er miðað við að ríkissjóður nái markmiðum þeim sem sett voru fram um ríkisfjármálin í efnahagsáætlun stjórnvalda í samstarfi við AGS síðastliðið haust. Þannig er ráðgert að innleiða aðgerðir sem miða að því að frumhalli verði 53,4 ma.kr. árið 2010 eða 3,7% af landsframleiðslu. Þó verður enn til staðar halli á tekjujöfnuði sem nemur 124 ma.kr. eða 8,5% af landsframleiðslu. Árið 2011 er spáð að frumjöfnuður ríkissjóðs verði orðinn jákvæður og afgangurinn nemi tæpum 7 ma.kr. Tekjujöfnuður í heild á því ári verður enn neikvæður um 75 ma.kr. eða 4,9% af landframleiðslu.

Eins og sjá má í töflu 6, hefur orðið mikil breyting á efnahag ríkissjóðs. Áætlað er að skuldir ríkissjóðs, sem voru um 23% af landsframleiðslu árið 2007 verði orðnar tæplega 103% af landsframleiðslu í lok árs 2009. Aukningin er bæði í erlendum og innlendum skuldum. Hreinar skuldir ríkissjóðs, þ.e. heildarskuldir að frádregnum kröfum vegna veittra lána og hreinum skammtímakröfum, námu 4,4% af landsframleiðslu árið 2007 en eru nú áætlaðar rúm 60% í árslok 2009. Séu eignir í formi hlutafjár, eignarhluta og stofnfjár taldar með öðrum peningalegum eignum ríkissjóðs, var hrein staða hans jákvæð um 18% af landsframleiðslu árið 2007 en áætlað að hún verði orðin neikvæð um 13% árið 2009. Í viðaukatöflu 13 bls. 75 er birt nánara yfirlit um eignir og skuldir ríkissjóðs og skýringar í neðanmáli. Athygli er vakin á því að bætt hefur verið við töfluna upplýsingum um hlutafé, eignarhluta og stofnfé á eignahlið ríkissjóðs og hrein staða er nú birt á tvennu formi; með og án þeirra eigna.

Lítill vöxtur í samneyslu og samdráttur í fjárfestingu

Hallinn minnkar á komandi árum

Tafla 6 Eignir og skuldir ríkissjóðs 2005-2009

	2005	2006	2007	Áætlun	
				2008	2009
<i>Í milljörðum króna</i>					
Innlendar skuldir	110,7	117,4	156,7	614,3	816,8
Erlendar skuldir	85,4	175,2	154,4	317,8	668,3
Samtals skuldir	196,1	292,5	311,0	932,1	1.485,1
Eignir	274,7	437,8	549,8	932,3	1.277,3
Hreinar skuldir	59,7	49,8	57,4	381,0	874,9
Hrein staða að teknu tilliti til eigna	78,6	145,2	238,8	200,0	-207,8
<i>Hlutfall af landsframleiðslu (%)</i>					
Innlendar skuldir	10,5	9,8	11,7	38,6	57,4
Erlendar skuldir	8,6	14,1	11,7	16,6	45,3
Samtals skuldir	19,2	23,9	23,4	55,3	102,7
Eignir	26,4	36,5	41,5	57,4	89,4
Hreinar skuldir	6,2	3,9	4,4	22,9	60,7
Hrein staða að teknu tilliti til eigna	7,2	12,6	18,2	2,1	-13,3

Heimild: Fjármálaráðuneytið

Rammagrein 7: Sjálfbærni skulda ríkissjóðs

Skuldir ríkissjóðs hafa aukist til mikilla muna eftir að margvíslegar skuldbindingar féllu á hann vegna hruns bankakerfisins. Ríkissjóður hefur tekið á sig töp vegna veðlána og verðbréfalána bankakerfisins, lagt til fjármuni til að endurreisa bankakerfið og gengið í ábyrgðir vegna innstæðureikninga íslensku bankanna erlendis. Til viðbótar þarf ríkissjóður að taka lán til að greiða fyrir mikinn hallarekstur á komandi árum í kjölfar kröftugrar niðursveiflu í efnahagslífinu. Í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) hefur ríkissjóður fengið lán hjá nágrannaríkjum og lánaðinu hjá AGS til að styrkja gjaldeyrisforða Seðla-bankans. Áætlað er að heildarskuldir ríkissjóðs í árslok 2009 nemi tæplega 103% af landsframleiðslu en að hreinar skuldir verði tæplega 61% af landsframleiðslu. Búist er við að endurheimt eigna bankakerfisins muni þegar fram líða stundir lækka þá tölu umtalsvert. Útgjöld ríkissjóðs vegna greiðslna á vaxtakostnaði og inn á höfuðstól eru áætluð á bilinu 6,0% til 7,0% af landsframleiðslu á næstu árum. Stefnt er að því að ríkissjóður skili hratt batnandi afkomu á næstu árum þannig að tekjuafgangur leiði til þess að skuldirnar í heild verði komnar í um 95% af landsframleiðslu í lok ársins 2013.

Til lengri tíma litið þarf ríkissjóður að skila rekstrarafgangi til að lækka skuldir með greiðslu árlegra vaxtagjalda og afborgana inn á höfuðstól lána. Því til viðbótar hafa ytri aðstæður mikil áhrif á framvindu skuldastöðunnar í hlutfalli við landsframleiðslu. Við aðstæður mikils hagvaxtar og lágs raunvaxtastigs lækkar skuldahlutfallið og skuldirnar verða léttbærari. Á móti eykst skuldahlutfallið ef hagvöxtur er lítill og vextir háir. Í verstu tilfellum getur myndast skuldakreppa þar sem lánveitendur hækka ávöxtunarkröfu sína eða hætta að veita lán. Til að minnka hættu á slíku er afar mikilvægt að sjálfbærni ríkissjóðs sé tryggð með trúverðugri fjármálastjórn sem miðar markvisst að lækkingu skulda á komandi árum. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess hve skuldir ríkissjóðs hafa aukist mikið og er í raun útgangspunktur í efnahagsáætlun stjórnvalda í samstarfi við AGS. Í þessari grein er farið yfir skilgreiningu á sjálfbærni skulda og teknar fyrir þrjár sviðsmyndir um mögulega þróun á komandi árum.


Heildarskuldir á nafnverði á tímabili t , B_t , er hægt að skilgreina með eftirfarandi jöfnu 1,

$$B_t = (1 + R_t)B_{t-1} - D_t \quad (1)$$

þar sem B_{t-1} eru heildarskuldir fyrra tímabils, D_t er frumjöfnuður ríkissjóðs (þ.e. heildarjöfnuður að frádregnum fjármagnsjöfnuði) og R_t eru nafnvextir skulda hins opinbera á tímabili t .

Raunskuldir í hlutfalli við landsframleiðslu, má skilgreina sem b_t/Y_t , þar sem $b_t = B_t/P_t$, P_t er verðlag og Y_t verg landsframleiðsla. Þróun raunskulda má þá lýsa með mismunajöfnu (e. *difference equation*) 2,

$$\frac{b_t}{Y_t} = (1 + \rho_t) \frac{b_{t-1}}{Y_{t-1}} - \frac{d_t}{Y_t} \quad (2)$$



Mynd 1
Ytri aðstæður og árangur í rekstri ríkissjóðs 1994–2008

Heimildir: Hagstofa Íslands og fjármálaráðuneytið.

tekjustig er samband raunvaxta og hagvaxtar mikilvægt atriði við mat á sjálfbærni skuldanna yfir tíma. Samkvæmt hagfræðikenningum er líklegt að raunvextir verði jafnir hagvexti til lengri tíma litið, þ.e. að ρ verði sem næst núlli. Á mynd 1 má sjá þróun ρ_t á Íslandi

Ef verðbólga (π_t) og hagvöxtur (y_t) eru lágar stærðir má skrifa (ρ_t) sem mismun á raunvöxtum og hagvexti með jöfnu 3,

$$\rho_t = R_t - \pi_t - y_t = r_t - y_t \quad (3)$$

þar sem r_t eru raunvextir skulda ríkissjóðs á tímabili t .

Jafna 2 lýsir því hvort hlutfall raunskulda af landsframleiðslu haldist takmarkað eða vaxi úr hófi fram. Ef b_t/Y_t helst stöðugt eða minnkar er sagt að skuldirnar séu sjálfbærar.

Til viðbótar við upphaflegt skulda- og tekjustig er samband raunvaxta og hagvaxtar mikilvægt atriði við mat á sjálfbærni skuldanna yfir tíma. Samkvæmt hagfræðikenningum er líklegt að raunvextir verði jafnir hagvexti til lengri tíma litið, þ.e. að ρ verði sem næst núlli. Á mynd 1 má sjá þróun ρ_t á Íslandi

yfir tímabilið 1994-2008 en þá var það að meðaltali 0, þegar frumjöfnuður ríkissjóðs Íslands var að meðaltali 1,8% af landsframleiðslu. Myndin sýnir jafnframt að það er neikvætt samband á milli ytri aðstæðna og frumjöfnuðar, sem dregur fram þá mikilvægu staðreynd að $\rho < 0$ gerir það auðveldara að framkalla jákvæðan frumjöfnuð en $\rho > 0$ gerir það erfiðara. Með

öðrum orðum, lágt raunvaxtastig stuðlar að meiri hagvexti og bættri afkomu ríkissjóðs. Þá hefur það bein áhrif til að lækka skuldahlutfallið þegar landsframleiðslan (nefnarinn í hlutfallinu) vex hraðar yfir tímann eða gengið styrkist.

Ef ráðgert er að lækka skuldir úr 95% af landsframleiðslu í 60% á 30 árum þarf að skila 1,2% frumjöfnuði á ári ef $\rho = 0$. Sambandið milli ρ og árlegrar frumjöfnuðarkröfu yfir tímabilið nemur margfeldinu af ρ og meðal skuldastöðunni. Ef $\rho < 0$ þá léttist greiðslubyrðin og að sama skapi þyngist hún ef $\rho > 0$. Aðrar forsendur sem unnið er með má sjá í töflu 1.

Áætlanir fjármálaráðuneytisins gera ráð fyrir að árið 2013 verði brúttó skuldir ríkissjóðs orðnar um 95% af landsframleiðslu. Mikil óvissa fylgir mati á skuldastöðunni. Til viðbótar er þó nokkur óvissa tengd mati á afkomu ríkissjóðs á komandi árum en hún byggir á spá um þróun efnahagsmála. Eftirfarandi sviðsmyndir sýna hver krafan á frumjöfnuð ríkissjóðs þarf að vera til að hægt sé að lækka skuldir í 60% af landsframleiðslu á 30 árum. Í þessu sambandi má nefna að hámark heildarskulda aðildarríkja ESB samkvæmt Maastricht-skilyrðunum er 60% af landsframleiðslu.


Á mynd 2 sést að til að ná settu skuldamarkmiði að 30 árum liðnum, þarf frumjöfnuður sem hlutfall af landsframleiðslu að vera 1,2% að meðaltali á tímabilinu 2014-2043. Til samanburðar má nefna að ríkissjóður Svíþjóðar hefur að markmiði að skila afgangi á frumjöfnuði sem nemur 1% af landsframleiðslu. Grunnæmið bendir til nokkuð viðráðanlegrar stöðu ef forsendur standast.

Í fráviksdæmi með jákvæðari þróun er hagvöxtur meiri og vextir lægri sem leiðir til lægra ρ gildis en í grunnæmi. Jafnframt veldur sterkara gengi í upphafi tímabilsins því að skuldahlutfallið árið 2013 lækkar frekar. Við þær aðstæður er hægt að ná settu marki jafnvel þótt frumjöfnuður sé neikvæður um 0,6% af landsframleiðslu að meðaltali yfir tímabilið. Mögulega mætti þá hraða endurgreiðslu. Í fráviksdæmi með neikvæðri þróun, þar sem gert er ráð fyrir minni hagvexti á tímabilinu, hærri vöxtum og veikara gengi hækkar krafan um afgang á frumjöfnuði í 3,2% af landsframleiðslu að meðaltali yfir tímabilið. Ríkissjóður ætti samkvæmt því að geta staðið undir skuldum sínum miðað við grunnæmið og jafnvel nokkuð neikvæðari þróun. Verði þróunin hinsvegar eins og kemur fram í neikvæða fráviksdæminu þyrfti að grípa til umtalsverðra aðgerða, sem fælu í sér að auka annaðhvort frumjöfnuð ríkissjóðs eða hagvöxt. Við þær aðstæður mætti teygja úr endurgreiðslu.

Ljóst má vera að verulegu máli skiptir að hagvöxtur í landinu verði mikill á komandi árum, að vaxtakjörin sem ríkissjóði standa til boða eða að gengið verði sem hagstæðust. Það er því mikilvægt að gripið sé til aðgerða sem dragi ekki varanlega úr framleiðslugetu hagkerfisins. Annars er hættu á að neikvætt ferli myndist þar sem ρ hækkar sem eykur síðan kröfuna um stærri frumjöfnuð til að skuldastaða ríkissjóðs haldist sjálfbær. Sú staða myndi krefjast þess að skattar yrðu hækkaðir og/eða útgjöld skorin niður enn frekar, en hvort tveggja hefur bein áhrif til að draga úr hagvexti. Sú staða myndi skila sér í enn hærri ρ gildi og það leiða til hærri ávöxtunarkröfu og svo koll af kalli. Til að minnka hættuna á ferli neikvæðrar vixlverkunar, sem erfitt gæti reynst að ráða við, er mikilvægt að vel takist til við áform um lækun skulda á næstu árum til að treysta stöðir ríkissjóðs til frambúðar.

Tafla 1 Lækun skulda í 60% af VLF árin 2014 - 2043

Forsendur	Grunndæmi	Jákvæð þróun	Neikvæð þróun
Árafjöldi	30	30	30
Hagvöxtur	3	4	2
Gengisþróun (til 2013)	0 (óbreytt)	-30 (styrking)	30 (veiking)
Raunvextir	3	2	4
ρ	0	-2	2
Skuldir 2013 (% af VLF)	95	85	105
Frumjöfnuður (% af VLF)	1,2	-0,6	3,2



Mynd 2 Nauðsynlegur frumjöfnuður til að ná heildarskuldum sem hlutfall af landsframleiðslu í 60% á 30 árum 2014-2043

Heimild: Eigin spá.


Sveitarfélög

Tekjuhalli sveitarfélaga yfir 9 ma.kr. árið 2008

Sveitarfélögin skiluðu 9,1 ma.kr. tekjuhalla á árinu 2008, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands, eftir að hafa verið með tekjuafgang þrjú ár í röð. Nam hallinn 0,6% af vergri landsframleiðslu. Tekjur sveitarfélaga voru 13,1% af landsframleiðslu og jukust einungis um 3,5% að nafnvirði á milli ára á meðan gjöld sveitarfélaga jukust um 13,3% og voru 13,7% af landsframleiðslu. Töluvert var um endurgreiðslur vegna gatnagerðargjalda og sölu byggingarréttar á sl. ári sem kom fram í lægri tekjum og hærri gjöldum.

Þá var fjárfesting sveitarfélaga nánast sú sama að krónutölu og árið á undan og raunvöxtur samneyslu þeirra var 2,2% á milli ára.

Árið 2009 er gert ráð fyrir að tekjuhalli sveitarfélaga verði um 12,1 ma.kr. sem er um 0,9% af landsframleiðslu. Samkvæmt spánni munu tekjur dragast saman um 7% frá fyrra ári. Útsvarstekjur munu dragast saman samhliða auknu atvinnuleysi og tekjur af gatnagerðargjöldum og byggingarleyfum, sem vegið hafa þungt í tekjum sveitarfélaga undanfarin ár, munu minnka mikið. Þá er gert ráð fyrir lækkun vaxtatekna á milli ára. Gjöld sveitarfélaga munu einnig dragast saman á yfirstandandi ári en þó minna en tekjur eða um 5,2%. Nauðsynlegt er fyrir sveitarfélögin að hagræða í rekstri þar sem



Mynd 35

Tekjujöfnuður sveitarfélaga 1998-2011

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

tekjutilfærslur og vaxtabyrði þeirra aukast. Af þeim sökum m.a. er gert ráð fyrir litlum raunvexti samneyslu sveitarfélaga og miklum samdrætti í fjárfestingu þeirra, en einnig vegna þess að erfitt er að fjármagna framkvæmdir um þessar mundir (sjá kafla um innlendan fjármálamarkað á bls. 50).

Á árinu 2010 er gert ráð fyrir að gjöld vaxi hraðar en tekjur og að fjárfesting verði áfram tiltölulega lítil og vaxtabyrði mikil. Tekjuhallinn mun því versna það ár og nema um 17 ma.kr. eða 1,2% af landsframleiðslu. Á árinu 2011 er gert ráð fyrir að staða sveitarfélaga batni og að tekjuhalli þeirra nemi um 11,4 ma.kr. eða 0,7% af landsframleiðslu.

Sveitarfélög þurfa að hagræða í rekstri

Hið opinbera

Hið opinbera er samsett af reikningum ríkissjóðs, sveitarfélaga og almanna-trygginga. Afkoma hins opinbera var slæm á liðnu ári í samræmi við afkomu undirgeiranna. Tekjujöfnuður hins opinbera var neikvæður sem nam 17,2 ma.kr. á árinu, eða 1,2% af landsframleiðslu. Ef litið er til frumjöfnuðar var afkoman neikvæð um 12,7 ma.kr. eða 0,9% af landsframleiðslu.

Gjöld hins opinbera námu alls 654 ma.kr. og hækkuðu um 5,4% að raungildi milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu gjöld 44,6%.

Staða hins opinbera versnar til muna

Tafla 7 Fjármál hins opinbera 2007-2011

Í milljörðum króna	Spá				
	2007	2008	2009	2010	2011
Heildartekjur	623,5	636,4	553,6	583,2	637,4
Heildarútgjöld	552,8	653,5	751,8	727,5	725,2
Tekjuafkoma	70,7	-17,2	-198,2	-144,4	-87,8
Hlutfall af landsframleiðslu (%)					
Heildartekjur	47,9	43,4	39,4	40,1	41,2
Heildarútgjöld	42,5	44,6	53,5	50,1	46,9
Tekjuafkoma	5,4	-1,2	-14,1	-9,9	-5,7

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Rammagrein 8: Um hagsveifluleiðréttu tekjuafkomu

Afkoma ríkissjóðs er nátengd umsvifum efnahagslífsins hverju sinni. Þetta á bæði við um umtalsverðan hluta gjalda, þar sem t.d. bætur eru háðar atvinnu- og tekjustigi, en sérstaklega um tekjur ríkissjóðs. Í þessu tilliti er reynt að meta stöðu hagsveiflunnar hverju sinni og ganga þjóðhagsspár jafnan út á að áætla hver framvinda hagsveiflunnar verður til skemmri og meðallangs tíma. Með hagsveiflu er átt við frávik landsframleiðslunnar frá framleiðslugetu hagkerfisins sem er það framleiðslustig sem talið er samræmast jafnvægi í hagkerfinu. Þegar landsframleiðslan er meiri en framleiðslugetan myndast spenna í kerfinu og henni fylgir hátt atvinnustig sem leiðir jafnan til launaskriðs og verðbólguþrýstings. Þegar hið gagnstæða gerist býr hagkerfið við framleiðslulaka, sem einkennist af auknu atvinnuleysi og hægari launa- og verðbreytingum. Beinir skattar á borð við tekjuskatt einstaklinga verða þannig fyrir áhrifum af hagsveiflunni. Óbeinir skattar á borð við virðisaukaskatt verða einnig fyrir áhrifum hagsveiflunnar í gegnum breytingar á innlendri eftirspurn samhliða breytingum í kaupmætti.

Til að fá skýra mynd af undirliggjandi stöðu ríkisfjármálanna er stuðst við hagsveifluleiðréttu afkomu, þar sem leiðrétt er fyrir áhrifum hagsveiflunnar á tekjur og gjöld ríkissjóðs. Með aðferðafræði OECD er hagsveifluleiðrétt afkoma fengin með eftirfarandi hætti.

$$b^* = \left[\left(\sum_{i=1}^K T_i (Y^*/Y)^{\varepsilon_{t_i,y}} \right) - G (U^*/U)^{\varepsilon_{g,u}} + X \right] / Y^*$$

Hér stendur b^* fyrir hagsveifluleiðréttan tekjujöfnuð, T_i táknar skattstofn i , Y^* framleiðslugetu, Y verga landsframleiðslu, G gjöld, U^* stendur fyrir jafnvægisatvinnuleysi, U táknar mælt atvinnuleysi og X eru aðrar tekjur en skatttekjur ásamt nettó fjármagnsjöfnuði. Þá táknar $\varepsilon_{t_i,y}$ teygni skattstofns i gagnvart framleiðsluspennu og $\varepsilon_{g,u}$ táknar teygni gjalda gagnvart atvinnuleysi. Markmiðið með því að leiðréttu fyrir áhrifum hagsveiflunnar á tekjur og gjöld er að greina annars vegar þann hluta afkomunnar sem háður er hagsveiflunni og hins vegar þá afkomu sem ríkissjóður ætti að skila miðað við jafnvægisástand í hagkerfinu.

Breyting á b^* á milli ára, þ.e. breyting kerfislægrar afkomu, mælir þau áhrif sem ríkisfjármálin hafa á eftirspurnarstig í hagkerfinu umfram sjálfvirka sveiflujöfnun. Þannig segir jákvæð breyting á milli ára til um að aðhald ríkisfjármála sé að aukast með neikvæðum áhrifum á eftirspurn í hagkerfinu – og öfugt ef breytingin í b^* er neikvæð á milli ára. Þegar skuldir ríkissjóðs eru miklar og vaxtagreiðslur eru stór hluti gjaldanna er gagnlegt að skoða hagsveifluleiðréttan frumjöfnuð (e. primary balance), en þá er liðurinn X/Y^* dreginn frá b^* .


Óvissan tengd þessari leiðréttingu er þó nokkur og sérstaklega á tímum mikilla breytinga í því hagkerfi sem verið er að lýsa. Snýr sú óvissa bæði að matinu á teygnistikum tekna og gjalda sem og matinu á framleiðslugetu hagkerfisins. Þá er einnig mikilvægt að horfa til breytilegrar samsetningar landsframleiðslunnar þar sem einstaka undirlíðir fela í sér mun meiri skattheimtu en aðrir. Taka má þá djúpu niðursveiflu sem íslenska hagkerfið er nú í, og spáð er að muni vara um nokkurt skeið, sem dæmi. Þannig er spáð að einkaneysla muni dragast saman um 24,7% árið 2009. Þar sem flestir óbeinir skattar eru mjög háðir hreyfingum í einkaneyslu er líklegt að þeir muni einnig dragast mikið saman. Á móti þessu vegur að innflutningur fylgir einnig þróun einkaneyslunnar og mun því einnig dragast verulega saman. Fyrir vikið verður samdrátturinn í landsframleiðslunni mun minni en í einkaneyslunni, eða 10,6%, og tekur mat á framleiðsluspennu mið af því. Ef horft er framhjá áhrifum breytilegrar samsetningar hagvaxtarins er hætta á að framleiðsluspennan ein og sér leiði til vanmats á áhrifum efnahagsframvindunnar á tekjumissi ríkissjóðs. Sé jafnframt ekki tekið fullt tillit til þessara þátta við hagsveifluleiðréttinguna er líklegt að tekjumissirinn komi fram eins og um tilslökun ríkisfjármála umfram sjálfvirka sveiflujöfnun á tekjuhlíð afkomunnar sé að ræða, sem alla jafnan fengist með lækkun skatta.

Teygnistíkunum, sem gefa til kynna hversu næmir einstakir tekjuliðir eru fyrir hagsveiflunni, má lýsa með eftirfarandi hætti:

$$\varepsilon_{t_i,y} = \varepsilon_{t_i,t_i} \varepsilon_{t_i,y}$$

Jafnan segir að næmni hvers skatts fyrir hagsveiflunni sé margfeldi teygni skattsins gagnvart þeim stofni sem hann reiknast af annars vegar og teygni stofnsins gagnvart hagsveiflunni hins vegar.

Líkt og fjallað var um í Þjóðarbúskapurinn - Vorskýrsla 2008 er áætlað að teygni tekjuskatts einstaklinga gagnvart hagsveiflunni liggi á ákveðnu bili. Það kemur til vegna áhrifa samspils persónuafsláttarins og flatrar skattprósentu á skattbyrði launamanna. Þannig hafa örar breytingar á tekjum þau áhrif að stærri hluti þeirra færast yfir eða undir skattleysismörkin og teygnin verður meiri. Þegar tekjur eru stöðugar er teygnin minni og stefnir á gildið einn með hækkandi tekjum. Á sama hátt má færa rök fyrir því að teygni veltuskatta gagnvart framleiðslubílinu sé meiri en ella þegar innlend eftirspurn dregst mikið saman líkt og nú er að gerast. Þá benda athaganir ráðuneytisins til þess að þeir undirlíðir einkaneyslunnar sem hafa sterka fylgni við þróun ráðstöfunartekna




Mynd 1
Hagsveifluleiðrætt tekjuafkoma ríkissjóðs 2000-2014

Heimild: Fjármálaráðuneytið.

ríkissfjármálanna og breytingum á henni á milli ára. Eins og sjá má á mynd 1 er gert ráð fyrir hratt batnandi tekjuafkomu ríkissjóðs á komandi árum vegna aðgerða stjórnvalda til að styrkja stöðu hans. Þar að auki má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist enn frekar þegar hagnóxtur tekur að aukast.

skili meiri tekjum í ríkissjóð en aðrir liðir. Þetta á sérstaklega við um varanlegar neysluvörur og bifreiðar sem eru í efra VSK-þrepinu auk þess sem aðflutningsgjöld af bifreiðum hafa verið umtalsverð. Þannig er fyrir séð að samdráttur í ráðstöfunartekjum og mikil veiking krónunnar leiði til þess að neysla á slíkum vörum minnki til mikilla muna. Það þýðir að vægi þeirra vöruflokka sem eru í lægra VSK-þrepinu í útgjöldum heimilanna eykst. Til að leiðrætta fyrir þessum áhrifum þurfa teygnistíkarnir, bæði fyrir beina og óbeina skatta, sem beitt er við hagsveifluleiðrættunguna, að vera mun hærri nú um stundir en áður eigi að fást rétt mynd af undirliggjandi stöðu frumjöfnuðar



Mynd 36
Tekjujöfnuður hins opinbera 1998-2011

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Heildartekjur námu 634 ma.kr. og drógust saman um 9% að raungildi sem er mesta raunlækkun þeirra um árabíl. Námu heildartekjur sem hlutfall af landsframleiðslu aðeins 43,5% sem er það lægsta frá árinu 2003.

Áætlað er að tekjuhalli hins opinbera nái hámarki árið 2009 og nemi alls 198 ma.kr. eða 14,1% af landsframleiðslu. Árið 2010 og 2011 er gert ráð fyrir bata og hallinn muni nema 144 ma.kr. og 88 ma.kr., eða 9,9% og 5,7% af landsframleiðslu. Árið 2009 er áætlað að halli á frumjöfnuði hins opinbera nemi 130 ma.kr. eða 9,3% af landsframleiðslu en minnki árið 2010 í 65 ma.kr., eða 4,5% af landsframleiðslu. Árið 2011 er spáð að 4,6 ma.kr. afgangur verði á frumjöfnuði eða 0,3% af landsframleiðslu.

Í þessum áætlunum er reiknað með að gripið verði til aðgerða sem gera muni ríkissjóði kleift að bæta afkomu sína og lækka skuldastöðuna eins og nánar er fjallað um hér á eftir og í rammagreinum 7 og 8.

Kerfislæg afkoma


Með kerfislægri afkomu er átt við tekjur og gjöld hins opinbera þegar undanskilin eru hagsveifluáhrif sem byggjast á mælingum á framleiðsluspennu, teygnimati helstu skattstofna á tekjuhliðinni og útgjöldum tengdum atvinnuleysi á gjaldahliðinni (sjá rammagrein 8). Mælingar á hagsveifluleiðrætti tekjuafkomu nýtast við mat á áhrifum fjármálastjórnar á efnahagslífið til skamms tíma og sjálfbærni opinberra fjármála þegar horft er lengra fram í tímann. Tekið skal fram að orðin kerfislægur og (hag)sveifluleiðrættur merkja hið sama hvað varðar ofangreinda aðferðafræði. Bæði orðin eru notuð þegar fjallað er um efnið hér, enda á hvort um sig sér hliðstæðu í ensku, í orðunum structural (kerfislægur) og cyclically adjusted (sveifluleiðrættur eða hagsveifluleiðrættur).

Árið 2008 mældist framleiðsluspenna 2,9% af framleiðslugetu en hún var að meðaltali 3,1% á árunum 2005-2007. Á sama tíma og tekjur ríkissjóðs jukust verulega gætti aðhalds í útgjöldum, sérstaklega í fjárfestingum ríkissjóðs.


Af þeim sökum var ríkissjóður rekinn með umtalsverðum kerfislægum afgangi árin 2004-2007. Árið 2009 er reiknað með miklum viðsnúningi í framleiðslubili (mæld framleiðslugeta að frádreginni landsframleiðslu) þannig að framleiðsluslaki myndist sem nemi 6,8% af framleiðslugetu. Þá er gert ráð fyrir að slakinn byrji að minnka árið 2010 og verði 6,2% það ár og 2,5% árið 2011. Í framhaldi af því er gert ráð fyrir að kerfislæg afkoma ríkissjóðs árin 2008-2011 verði neikvæð. Áætlað er að halli á kerfislægum tekjujöfnuði ríkissjóðs hafi numið 2,5% af landsframleiðslu í fyrra og nái hámarki í ár þegar hann verður 6,9% af landsframleiðslu. Spáð er að hallinn minnki síðan og verði 4,8% af landsframleiðslu árið 2010. Stafar þessi þróun af auknum útgjöldum ríkisins til að mæta samdrætti í þjóðarútgjöldum auk minnkandi tekna ríkissjóðs. Mælingar á kerfislægri afkomu sýna að tekjujöfnuður ríkissjóðs hefur verið sveiflujafnandi í nýafstaðinni uppsveiflu og er því spáð að hann verði það áfram á komandi árum. Til lengri tíma litið er kerfislæg tekjuafkoma ríkissjóðs metin vera nálægt jafnvægi miðað við að gripið verði til aðgerða í samræmi við það sem kveður á um í efnahagsáætlun stjórnvalda í samstarfi við AGS, en þar er gert ráð fyrir að sveifluleiðréttur frumjöfnuður ríkissjóðs verði lítið eitt meiri árið 2009 en árið 2008 en að hann batni síðan sem nemur 2-3 prósentustigum af landsframleiðslu á ári frá árinu 2010.

Bati á sveifluleiðréttum frumjöfnuði ríkissjóðs 2010

Afkoma ríkissjóðs



Afkoma hins opinbera



Árið 2008, er gert er ráð fyrir að sveifluleiðréttur frumhalli hafi numið 2,6% af landsframleiðslu en að hann versni lítið eitt á þessu ári og verði 2,8% af landsframleiðslu og að þá verði botninum náð og að batinn á sveifluleiðréttum frumhalla nemi 2,7% af landsframleiðslu á milli árunna 2009 og 2010.

Mynd 37

Hagsveifluleiðrétt afkoma ríkissjóðs og hins opinbera 2000–2011

Heimildir: Hagstofa Íslands og fjármálaráðuneytið.

Árin 2005-2007 skilaði afkoma sveitarfélaga hóflegum afgangi sem studdi við framlag ríkissjóðs til að auka afgang í tekjujöfnuði hins opinbera þau ár. Þannig var kerfislæg afkoma hins opinbera í heild jákvæð sem nam 3,3% af vergri landsframleiðslu árið 2005, 4,8% árið 2006 og 2,2% árið 2007.


Árið 2008 snerist tekjuafkoma sveitarfélaga, eins og ríkissjóðs, í halla upp á 0,6% af landsframleiðslu. Áætlað er að hagsveifluleiðrétt afkoma hins opinbera hafi verið neikvæð á liðnu ári sem nemur 3,2% af landsframleiðslu. Gert er ráð fyrir að kerfislægur halli verði á afkomu hins opinbera á þessu ári og næstu árum, samhliða verri afkomu ríkissjóðs og sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að sveifluleiðrétt afkoma hins opinbera verði neikvæð sem nemur 6,7% af landsframleiðslu á þessu ári og 5,8% árið 2010.

Gert er ráð fyrir að sveifluleiðréttur frumhalli hins opinbera hafi numið 3,2% af landsframleiðslu í fyrra en batni á næstu árum og verði 2,2% af landsframleiðslu á þessu ári og 0,5% af landsframleiðslu árið 2010.

PENINGAMÁL

Lækkunarferli stýrivaxta hafið

Stýrivextir Seðlabanka Íslands eru nú 13% og hafa lækkað um 5 prósentustig frá því þeir fóru hæst í hækkunarferlinu sem hófst í maí árið 2004. Á undanförunum árum hafa verðbólga og mikil framleiðsluspenna í hagkerfinu kallað á mikið peningalegt aðhald, en þrátt fyrir háa stýrivexti hefur 12 mánaða verðbólgan verið yfir þolmörkum markmiðs Seðlabankans frá september 2005 ef undan eru skildir tveir mánuðir á árinu 2007 þegar áhrifa lækkunar virðisaukaskatts á matvæli gætti enn í vísitölu neysluverðs.



Mynd 38

Vaxtaþróun 2001–2009

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mikill slaki og lítil verðbólga draga úr þörf á peningalegu aðhaldi

Því verðbólguuskeiði sem ríkt hefur undanfarin ár má að miklu leyti skipta í tvennt, annarsvegar tímabil vaxandi innlands eftirspurnarþrýstings og hinsvegar tímabil gengislækkunar. Frá árinu 2004 mátti rekja verðbólguna að miklu leyti til innlands eftirspurnarþrýstings sem kom fram í mikilli hækkun húsnæðisverðs í kjölfar breytinga á húsnæðislánamarkaðinum og mikilli launahækkun samhliða minnkandi atvinnuleysi. Á þeim tíma styrktist gengi krónunnar við mikið innstreymi erlends fjármagns til landsins í tengslum við stóriðjuframkvæmdir og útgáfu erlendra aðilla á skuldabréfum í íslenskum krónum. Hélt sú þróun aftur af verðbólgu en mikill viðskiptahalli myndaðist. Á árunum 2006 og 2007 þegar óróleika varð vart á alþjóðlegum fjármálamörkuðum varð

gengi krónunnar sveiflukenndara. Árið 2008 urðu þrengingar á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum stöðugt meiri og tók gengi krónunnar þá samfellda dýfu og innlend eftirspurn tók að dragast hratt saman. Við það stöðvaðist hækkun húsnæðisverðs og þegar líða tók á árið fór það að lækka. Vandí innlendirar peningamálastefnu við að stemma stigu við mikilli framleiðsluspennu var að mestu fólgin í frjálsu alþjóðlegu flæði fjármagns sem leiddi til mikils framboðs af erlendu lánsfé hér á landi sem gerði heimilum og fyrirtækjum kleift að sneiða hjá hinu háa innlenda vaxtastigi. Í mörgum tilfellum var um talsverða gengisáhættu í slíkum lánnum að ræða. Þegar framboð erlends lánsfjár dróst saman jókst virkni hins háa stýrivaxtastigs Seðlabankans mjög mikið og höfuðstóll gengisbundinna lána hækkaði mikið. Þrátt fyrir að hömlur væru settar á gjaldeyrismarkaðinn í nóvember var talið ráðlegt að hafa vextina háa enn um sinn vegna óvissu um gengi krónunnar og þróun verðbólgunnar.

Í mars hóf Seðlabankinn að lækka stýrivexti, úr 18% í 17%, eða um eitt prósentustig, en atvinnuleysi var þá tekið að aukast hröðum skrefum sem benti til að framleiðsluspenna væri að hverfa hratt út úr hagkerfinu. Við það tækifæri lýsti bankinn því yfir að ætlunin væri að draga varlega úr peningalegu aðhaldi fyrst í stað vegna viðkvæmni efnahagsreikninga heimila og fyrirtækja fyrir frekari veikingu gengisins.

Seðlabankinn hefur lýst því yfir að verðbólguþolmið hafi verið vikið til hliðar tímundið á meðan óvissa ríkir um gengi krónunnar og líkur eru á fjármagnsflóttu úr landi. Aðgerðir bankans miða þannig að því að lækka vexti án þess að það grafi undan stöðugleika í gengi krónunnar, sem hefur leitt til þess að stýrivextir hafa líklega haldist hærrí en aðstæður á innlendum markaði gefa tilefni til. Þannig hefur hægt verulega á launahækkunum, dregið hratt úr verðbólgu og atvinnuleysi aukist mikið, en slíkt bendir til að innlendir verðbólguþrýstingur fari hratt þverrandi. Þá er líklegt að húsnæðisverð haldi áfram að lækka að nafnvirði og miðað við það er ekki útilokað að verðbólga mælist undir 1% neðri þolmörkum verðbólguþolmiðs bankans í lok ársins 2009. Væntingar um lága verðbólgu og mikill framleiðsluslaki gefa því tilefni til að ætla að lækkun stýrivaxta verði hröð á komandi mánuðum.

Í samræmi við ofangreint er í nýrri þjóðhagsspá reiknað með að stýrivextir haldi áfram að lækka út árið og verði að meðaltali 11,8% á árinu. Á næsta ári er því spáð að stýrivextir verði komnir á nokkuð lágt stig, eða 4,3% og grundvallast sú spá á því að verðbólga verði 1,6% að jafnaði yfir árið auk þess sem framleiðsluslaki í hagkerfinu verði áfram mikill. Töluvert mun draga úr framleiðsluslaka á árinu 2011 og er reiknað með að stýrivextir taki þá að hækka lítillega þannig að peningastefnan verði hlutlausari en á árinu á undan. Óvissan í þessari spá er mikil og snýr hún helst að því hver þróun gengis krónunnar verður þegar hömlum verður létt af fjármagnsflutningum og með hvaða hætti það fer fram. Einnig er umtalsverð óvissa tengd endurreisn bankakerfisins og hversu kraftmikið það verður að miðla sparnaði landsmanna í arðbær og atvinnuskapandi verkefni. Þá er mikil óvissa um framtíð peningamálastjórnar á Íslandi og með hvaða hætti hún verður. Í því samhengi ræður líklega miklu hvaða ákvarðanir verða teknar varðandi hugsanlega aðild Íslands að ESB með upptöku evru þegar fram líður. Ljóst er að ákvarðanir í þeim efnum geta haft áhrif á innlenda peningamálastjórn löngu áður en þær koma til framkvæmda.


*Gengi krónu og
gjaldeyrishöft
helsti óvissuþáttur
stýrivaxtaspar*

INNLENDUR FJÁRMÁLAMARKAÐUR

Á undanförunum árum hefur innlendir fjármálamarkaður orðið nátengdari hinum alþjóðlega fjármálamarkaði. Þetta má bæði rekja til breytinga í landslagi fjármálamarkaðarins í kjölfar einkavæðingar ríkisbankanna og aðstæðna á erlendum fjármálamörkuðum á fyrri hluta þessa áratugar,

þar sem mikið framboð af fjármagni á góðum kjörum bauð upp á mikla sókn áhættusækinna fyrirtækja. Erlendir aðilar hófu jafnframt að taka stöður í íslenskum verðbréfum og gefa út krónubríf. Það jók innflæði fjármagns til landsins og styrkti gengi íslensku krónunnar ásamt því að auka framboð fjármagns með lækkun vaxta á millibankamarkaði.

Með aukinni erlendri skuldsetningu innlendra aðila varð innlent fjármálalíf háðara tiltrú erlendra aðila á íslensku efnahags- og fjármálalífi og þróuninni á alþjóðlegum fjármálamarkaði. Ör vöxtur íslensku viðskiptabankanna erlendis og stærð þeirra í hlutfalli við landsframleiðsluna ýtti undir þá skoðun meðal erlendra lánveitenda og greiningaraðila að lánshæfi bankanna ætti að



Mynd 39

OMX16 Úrvalsvisitalan janúar 2009 - apríl 2009

Heimild: Kauphöll Íslands.

Kaflaskil á alþjóðavísu við fall Lehmann Brothers

Fjármögnunarkostir íslensku bankanna lokuðust á alþjóða- vettvangi

meta í ljósi þess að þeir væru kerfislega mikilvægir. Sú staða var talin draga úr áhættunni sem fólgin var í lánveitingum til þeirra. Þessi sýn var ekki einungis tengd íslensku fjármálalífi, heldur má segja að hún hafi viðgengist gagnvart stórum fjármálastofnunum í flestum þróuðum hagkerfum. Miðað við nokkuð eðlilegar aðstæður á alþjóðlegum fjármálamörkuðum var jafnframt talið að íslensk stjórnvöld gætu fjármagnað þrautarvörn þeim til handa í erlendum gjaldmiðlum ef svo ólíklega færi að þess þyrfti. Þann 15. september 2008 urðu hins vegar kaflaskil í þróun á hinum alþjóðlega fjármálamarkaði þegar bandaríski fjárfestingarbankinn Lehmann Brothers varð gjaldþrota eftir að þarlend stjórnvöld ákváðu að koma bankanum ekki til bjargar. Áhættumat á mörkuðum breyttist samstundis, lánsfé á millibankamarkaði þurrkaðist nánast upp og áhættuálagið rauk upp. Í kjölfar þess var skorið á lánalínur til íslenskra banka sem taldar höfðu verið ábyggilegar og að fjármögnun þeirra væri tryggð fram á næsta ár. Það ástand hrinti af stað atburðarás, með umdeildri aðkomu breskra stjórnvalda, sem leiddi til greiðsluþrots íslensku viðskiptabankanna. Þrátt fyrir að ytri aðstæður hafi ráðið úrslitum um örlög bankanna vegur það þungt að vöxtur þeirra á hinum sameiginlega evrópska markaði var þegar á reyndi án viðunandi þrautarvarna í erlendum gjaldmiðli. Í því sambandi er vert að hafa í huga að strax um vorið 2008 reyndust stjórnvöld nágrannaríkjanna annarra en Norðurlandanna óviljug að veita íslenskum stjórnvöldum lán til að efla gjaldeyris- og þrautarvaraforða. Þrátt fyrir að gjaldeyrisvaraforði íslenskra stjórnvalda væri hlutfallslega mikill í alþjóðlegum samanburði, reyndist það fjarri því að vera nóg, og íslensku viðskiptabankarnir urðu því alfarið háðir markaðsfjármögnun einmitt þegar slíkir fjármögnunarkostir þornuðu upp alþjóðlega.


Sú þróun sem var frá miðjum áratugnum og einkenndist af miklum útlánavexti til fyrirtækja og heimila snerist við í kjölfar hruns bankanna. Gögn um þróun útlána ná einungis fram til loka september 2008 og því er ekki hægt að meta áhrif af falli bankanna í október á þróun útlána frá þeim tíma. Á þeim tíma voru þó komnar fram vísbendingar um að hægja hefði tekið á útlánaaukningunni, sem er í samræmi við það að á fyrri hluta síðasta árs dró verulega úr aðgengi íslensku bankanna að erlendu lánsfé. Aðgengi heimila og fyrirtækja að erlendum lánum dróst því mikið saman um leið og þau stóðu í auknum mæli frammi fyrir takmörkuðum lánskostum með háum innlendum vöxtum.

Fall bankanna hafði einnig mikil áhrif á eignastöðu aðila á fjármálamarkaði. Auk þess að vega þungt í OMXI15 Úrvalsvísitölunni vógu þeir þungt í eignasöfnum annarra skráðra félaga á íslenskum markaði. Eftir fall bankanna og afskráningar nokkurra annarra fjármálafyrirtækja útbjó Kauphöllin nýja Úrvalsvísitölu, OMXI6. Samanstendur hún af fimm rekstrarfyrirtækjum auk Færejabanka. Össur og Marel vega þungt í nýju úrvalsvísitölunni. Upphafsgildi hennar var 1.000, en í lok apríl stóð hún í tæpum 650 stigum.

Í kjölfar hruns bankanna jókst eftirspurn eftir ríkis tryggðum skuldabréfum mikið. Fyrst í stað lækkaði ávöxtunarkrafa verðtryggðra íbúðabréfa mikið, sem var til marks um bæði auknar verðbólguvæntingar vegna mikillar veikingar krónunnar og flóttu fjárfesta í öruggari verðbréf. Eftir að ávöxtunarkrafan hafði verið nokkuð stöðug í upphafi ársins tók hún að hækka umtalsvert í febrúar og er enn mun hærrí en í upphafi árs, sérstaklega á bréfum í styttri enda vaxtarófsins. Er ávöxtunarkrafan nú á áþekku róli og hún var megnið af árinu 2007 þegar raunvextir óverðtryggðra bréfa voru mjög háir. Má skýra þessa háu ávöxtunarkröfu verðtryggðra bréfa að nokkru leyti með því að verðbólguvæntingar hafa lækkað án tilsvareandi lækkunar nafnvaxta. Ætla má að þegar stýrivextir taka að lækka enn frekar muni það hafa áhrif til lækkunar ávöxtunarkröfunnar. Niðurfærsla Íbúðalánasjóðs á útgáfuáætlun sinni um 8-14% fyrir þetta ár ætti einnig að styðja við þá þróun.


Hvað óverðtryggðu ríkisbréfin varðar, eru nokkrir þættir sem hafa vegist á. Á styttri enda vaxtarófsins hefur mikil eftirspurn þeirra bréfa haldið ávöxtunarkröfunni talsvert undir því stigi sem búast hefði mátt við ef einungis hefði verið horft til stýrivaxta. Þá hefur óvissa um afléttingu gjaldeyrishafta líklega áhrif á ávöxtunarkröfuna á styttri endanum, en búast má við nokkrum söluprýstingi og hækkun kröfunnar verði þegar þeim verður aflétt. Þá hefur mikil lánsfjárpörf ríkissjóðs einnig áhrif á þróunina. Fyrirséður er mikill halli á rekstri ríkisins á næstu árum sem búist er við að verði að mestu fjármagnaður á innlendum markaði. Á sama tíma hefur kauphliðin á markaðnum veikst og má þar nefna áhrif minnkandi atvinnutekna, aðallega vegna aukins atvinnuleysis, á eftirspurn lífeyrissjóða eftir skuldabréfum. Veikari eftirspurn samhliða auknu framboði gæti þannig stuðlað að hærri ávöxtunarkröfu en ella hefði orðið samhliða lækkun stýrivaxta.

Einn mikilvægasti óvissuþátturinn í nýrri þjóðhagsspá er hversu burðugt innlent fjármálakerfi verður á komandi misserum. Töf hefur orðið á gerð nýrra efnahagsreikninga stóru viðskiptabankanna og á meðan standa þeir á tiltölulega veikum fótum. Óvissan um styrk fjármálakerfisins er því mikil og er líklegt að hún vari þar til endanlegir efnahagsreikningar nýju bankanna liggja fyrir og samkomulag hefur náðst við kröfuhafa um skuldbindingar vegna hruns bankakerfisins. Í nýrri þjóðhagsspá er reiknað með því að fjármálakerfið muni innan spátímans styrkjast og ná að styðja við starfsemi fyrirtækja í landinu. Þar leikur lækkun stýrivaxta lykilhlutverk. Það verður að teljast ein af grunnforsendum þess að viðsnúningur verði og hagkerfið taki að rísa úr þeirri lægð sem spáð er að muni ríkja fram á næsta ár.



Mynd 40
Ávöxtunarkrafa verðtryggðra íbúðabréfa júlí 2004 - mars 2009

Heimild: Seðlabanki Íslands.



Mynd 41
Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa júlí 2008 - apríl 2009

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Endurreisn bankakerfisins lykilatriði í viðsnúningi hagþróunar á næstu misserum

VIÐAUKI 1 BÓKHALD REIKNILÍKANS FYRIR OPINBER FJÁRMÁL

Fjármálaráðuneytið hefur nú tekið upp ársfjórðungslegt QMM þjóðhagslíkan Seðlabankans við þjóðhagsspágerð sína sem kemur í stað eldra líkans, IceMod, sem byggist á árlegum gögnum. Hið nýja líkan er mun meðfærilegra en hið eldra. Það inniheldur færri jöfnur og gagnaraðir og því tekur skemmri tíma að uppfæra og keyra líkanið. Þá er auðveldara að uppfæra líkan á ársfjórðungsgrunni með mánaðarlegum gögnum og slíkt líkan ætti að vera betur til þess fallið að spá fyrir um viðsnúninga í hagsveiflunni (sjá rammagrein 1 í Þjóðarbúskapurinn – Haustskýrsla 2008). Helsti ókostur QMM líkansins fyrir vinnu fjármálaráðuneytisins er að opinberi geirinn er afar einfaldur og býr að óbreyttu ekki yfir nægjanlegri sundurliðun fyrir starfsemi ráðuneytisins. Í ljósi þarfa Seðlabankans er þetta skiljanlegt, þar sem fyrst og fremst er horft til áhrifa breytinga opinberra fjármála í heild á eftirspurnarstig í hagkerfinu og þar með verðbólguþróun við vaxtaákvarðanir bankans. Fjármálaráðuneytið gerir ítarlega spá fyrir tekjur, gjöld og afkomu hins opinbera í heild, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga. Markmiðið er að sjá hver áhrif hins opinbera í heild, ríkis og sveitarfélaga eru á hagkerfið, þ.e. hvort verið sé að örva eða draga úr umsvifum efnahagslífsins. Það krefst líkans sem greinir á milli undirgeira hins opinbera. Að undanfögnu hefur farið fram vinna við að setja upp afkomulíkan fyrir hið opinbera í heild sem mætir þörfum ráðuneytisins. Bókhaldskerfi sem til staðar var um fjármál hins opinbera í IceMod var kortlagt og búið til sambærilegt jöfnukerfi í hliðarlíkani við QMM. Jafnframt hafa undanfarin ár verið unnar viðamiklar rannsóknir á efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins við að endurbæta spájöfnur og tekjulíkan ráðuneytisins. Þess ber að geta að afkomulíkanið er byggt á gögnum á þjóðhagsreikningagrunni og að því leyti frábrugðið framsetningu fjárlaga eða fjárhagsáætlana sveitarfélaga. Nokkur munur er á tekju- og gjaldahugtökunum á þessum mismunandi bókhaldsgrunnum, eins og sjá má í töflu 1, en með kortlagningu á helstu liðunum sem því valda hefur vandamálið verið leyst. Líkanið er uppsett þannig að byrjað er neðan frá í sem mestri sundurliðun fyrir undirliði hins opinbera. Þannig er afkomunni spáð frá grunni með spá fyrir hvern og einn undirþátt. Sú aðferðafræði styrkir spágerðina í heild verulega.

Tafla 1 Fjármál ríkissjóðs eftir bókhaldsgrunnum 2007

Ma.kr.	Greiðslugrunnur	Rekstrargrunnur	Þjóðhagsgrunnur
Tekjur	453	486	454
Gjöld	370	397	403
Afkoma	83	89	51


Heimildir: Hagstofa Íslands og fjármálaráðuneytið.

Afkoma hins opinbera í heild samanstendur af heildartekjum og -gjöldum. Tekjur hins opinbera eru samanlagðar tekjur ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga með leiðréttingu fyrir tilfærslum á milli þessara aðila. Vega þar þyngst tilfærslur ríkisins til almannatrygginga og í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

$$\text{tekjur hins opinbera} = \text{tekjur (ríki + sveitarfélög + almannatryggingar)} \\ - \text{tilfærslur milli opinberra aðila}$$

Heildartekjum ríkissjóðs er skipt í þrennt; skatttekjur, vaxtatekjur og aðrar tekjur. Skatttekjur ríkisins samstanda af tekjuskatti einstaklinga og fyrirtækja, fjármagnstekjuskatti, eignarsköttum, tryggingargjaldi, virðisaukaskatti og afgangslíð sem nefnist aðrir skattar og inniheldur að mestu vörugjöld og aðra veltuskatta.

Við gerð tekjuspár fyrir ríkissjóð er vinnuferlinu skipt í tvennt. Annars vegar er um að ræða skammtímaspá sem nær yfir líðandi ár og hið næsta, þar sem notaðar eru fyrirbyggjandi innheimtuupplýsingar og unnið með talsvert mikla sundurliðun gagna. Hins vegar er um að ræða langtímaspá sem byggist einkum á þjóðhagsspá. Upphafspunktur langtímatekjuáætlunar byggist á skammtímaáætlunni. Líkanið fyrir skatttekjur ríkissjóðs er til dæmis byggt upp frá grunni, þar sem einstökum skattstofnum er spáð sem síðan koma saman í bókhaldsjöfnu og mynda heildarskatttekjur ríkissjóðs.



Mynd 1
Þróun virðisaukaskatts og þjóðarútgjalda 1998-2008

Heimildir: Hagstofa Íslands og fjármálaráðuneytið.

Skatttekjur ríkissjóðs eru afar háðar efnahagsástandi og er langtímaáætlun tekna ríkissjóðs því byggð á spá um framvindu helstu efnahagsstærða. Sem dæmi má nefna að spá um landsframleiðslu hefur áhrif á tekjuskatt heimila í gegnum launabróun og atvinnustig. Þannig hafa aukin umsvif í hagkerfinu í för með sér aukna eftirspurn eftir vinnuafli sem leiðir alla jafna til hærri launa. Verðbólguþrá hefur jafnframt áhrif á spá um tekjuskatt heimila í gegnum persónuafsláttinn, en verðtrygging hans þýðir að meiri verðbólga dregur úr tekjum ríkissjóðs. Virðisaukaskattur er annað dæmi um tekjur sem fylgja þjóðhagsstærðum á nokkuð stöðugan hátt, en mikil einkaneysla og íbúðafjárfesting leiða til meiri virðisaukaskattstekna eins og sjá má á mynd 1.

Óvissa í spám um tekjur ríkissjóðs og annarra opinberra aðila er meiri eftir því sem óvissuþættir um efnahagsþróunina eru fleiri og þyngri hverju sinni. Söguleg frávik í tekjuspám skýrast einnig af breytingum á efnahagsstefnu stjórnvalda og ófyrirséðum atburðum.

Heildartekjur sveitarfélaga samanstanda af útsvari, fasteignasköttum, vaxta-tekjum, framlagi úr Jöfnunarsjóði og afgangslíð sem nefnist aðrar tekjur. Þá samanstanda heildartekjur almannatrygginga að langmestu leyti af framlögum úr ríkissjóði.

Gjöld hins opinbera samanstanda af gjöldum undirgeiranna þriggja leiðrétt fyrir innbyrðis tilfærslum. Heildargjöldin samanstanda af samneyslu, vaxtagjöldum, framleiðslustyrkjum, tekjutilfærslum, öðrum gjöldum og fjármagnstilfærslum. T.a.m. kemur meirihluti tekna almannatrygginga fram á gjaldahlið ríkissjóðs, í formi sjúkra- og lífeyristrygginga sem og atvinnuleysisbóta. Jafnframt koma framlög til Jöfnunarsjóðs sveitafélaga inn sem tekjur þeirra. Gjöldin eru ytri breytur í líkaninu og háð ákvörðunum stjórnvalda hverju sinni og er, að undanskildum atvinnuleysisbótum, ekki spáð beint út frá þjóðhagsforsendum líkt og gildir um tekjurnar.

Samsetningu heildarútgjalda hins opinbera má sjá í eftirfarandi jöfnu:

$$gjöld\ hins\ opinbera = gjöld\ (ríki + sveitarfélög + almannatryggingar) - tilfærslur\ milli\ opinberra\ aðila$$

Í viðaukatöflu 10 er að finna skiptingu tekna hins opinbera eftir sköttum á tekjur og eignir (beinum sköttum), sköttum á framleiðslu og innflutning (óbeinir skattar), vaxtatekjum og öðrum tekjum. Skattar á tekjur og eignir eru greiddir af skattskyldum aðilum. Undir slíka skatta flokkast tekjuskattur einstaklinga og lögaðila, tryggingargjald, eignarskattur og fjármagnstekjuskattur. Skattar af framleiðslu og innflutningi greiðast af öðrum en þeim sem skattskyldir eru. Þannig falla virðisaukaskattur og ýmsir aðrir skattar undir þann flokk. Vaxtatekjur og aðrar tekjur bætast við og mynda heildartekjur hins opinbera. Að auki bætast tekjur af sölu vöru og þjónustu við tekjuhlið hins opinbera, en sá liður kemur einnig fyrir gjaldamegin og hrein áhrif á afkomuna því engin.

VIÐAUKI 2 UM STOFNANAUMGJÖRÐ HAGSTJÓRNAR

Skipulag hagkerfis skiptir miklu máli fyrir árangur efnahagsstarfseminnar. Stofnanaumgjörð ríkja er hluti af hagskipulaginu og hefur m.a. áhrif á framkvæmd og árangur hagstjórnar. Framkvæmd hagstjórnar fer að mestu fram í gegnum stjórn peningamála og fjármála. Stofnanaumhverfi þessara arma hagstjórnar er nokkuð ólíkt. Á undanförunum áratugum hefur þróunin verið sú að seðlabankar sem framkvæma peningastefnuna, sem oftast gengur út á að halda verðbólgu lágri og stöðugri með beitingu stýrivaxta, hafa öðlast aukið sjálfstæði við þá framkvæmd. Öðru máli gegnir um stjórn ríkisfjármála. Þótt ríkisfjármálin hafi áhrif á stöðugleika og vöxt landsframleiðslunnar, snúa þau einnig að útfærslu lýðræðislegra ákvarðana um öflun skatta og ráðstöfun almannagæða. Því er talið mikilvægt að stjórn þeirra sé í höndum lýðræðislega kjörinna ríkisstjórna. Þótt stefnumörkun fjármálastjórnar sé á forræði framkvæmdavaldsins er endanleg ákvörðun um útgjaldaheimildir og breytingar á skattkerfinu í höndum löggjafarvaldsins. Til að varpa skýrara ljósi á tilhögun framkvæmdar ríkisfjármálastefnunnar, er hér á eftir gerð grein fyrir nýlegri rannsókn OECD á stofnanaumgjörð opinberra fjármála í aðildarríkjum þess og framkvæmd þessara mála á Norðurlöndunum.

Rannsókn OECD leiddi í ljós að stofnanaumgjörð ríkisfjármála er í flestum tilvikum á þann veg að fjármálaráðuneyti sjá um framkvæmd fjárlagagerðar og alla áætlanagerð henni tengdri.

Í um 60% hinna 97 ríkja sem könnunin náði til er hagspárvinna fyrir fjárlagagerð í höndum fjármálaráðuneytis viðkomandi ríkis. Svipað hlutfall er í OECD-ríkjunum. Á Norðurlöndunum þ.e. í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Norgei og Svíþjóð, fer slík vinna að langmestu leyti fram í fjármálaráðuneytum ríkjanna.

Tafla 1 Gerð efnahagslegra forsendna fjárlaga

%	Norðurlönd	OECD	Öll ríki
Fjárlagastofnun	0	10	5
Fjármálaráðuneyti ¹	100	57	61
Forsætisráðuneyti	0	3	1
Sjálfstæð ríkisstofnun	0	10	7
Einkaaðilar	0	7	2
Annað	0	13	24

1. Fjármálaráðuneyti Bandaríkjanna, Póllands og Kóreu útbúa forsendur með öðrum stofnunum.
Heimild: OECD International Database of Budget Practices and Procedures.

Á undanförunum árum hefur áhersla á gagnsæi og aðhald við framkvæmd fjárlaga aukist. Hluti af þeirri þróun felst í því að setja opinberum fjármálum tölusett markmið, svokallaðar fjármálaþættir (e. *fiscal rules*) varðandi vöxt útgjalda og umfang skulda. Markmiðið er að tryggja sjálfbærni opinberra fjármála. Á tekjuhlið fjárlaga hefur tilhneiging verið merkjanleg í átt til aukins eftirlits með efnahagslegum forsendum sem lagðar eru til grundvallar áætlun tekna hins opinbera, en framkvæmd þess er mjög breytileg eftir ríkjum.

Í fyrrnefndri könnun OECD kom fram að í 44% tilfella er gerð úttekt á efnahagslegum forsendum en hlutfallið er 0% á Norðurlöndunum. Á Norðurlöndunum er brugðist við ofangreindu eftir öðrum leiðum eins og að birta upplýsingar um þróun þjóðhagsspáa og mat á nákvæmni þeirra. Þá eru til staðar sjálfstæðar álitsgefandi stofnanir eins og „vitringaráð“ í Danmörku og „fjármálaráð“ í Svíþjóð.

Tafla 2 Gerð úttektar á efnahagslegum forsendum fjárlaga

%	Norðurlönd	OECD	Öll ríki
Engin sjálfstæð úttekt á efnahagslegum forsendum	100	56	56
Sjálfstæð nefnd eða svipað fyrirkomulag	0	10	5
Ríkisendurskoðun	0	10	7
Löggjafinn eða stofnun á vegum löggjafans	0	10	10
Annað	0	14	22

Heimild: OECD International Database of Budget Practices and Procedures.

Framkvæmd þessara mála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndunum er áþekk en þau hafa öll á að skipa efnahagsskrifstofum sem leysa úr margvíslegum sambærilegum verkefnum. Hér er á eftir er dregin upp mynd af starfsemi efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneyta Norðurlandanna.

1. Norðurlöndin hafa öll efnahagsskrifstofur í fjármálaráðuneytum sínum

Í flestum ríkjum heims eiga fjármálaráðuneyti það sammerkt að bera stjórnarsýslulega ábyrgð á framkvæmd ríkisfjármálastefnunnar. Mikilvæg verkefni á því sviði eru falin efnahagsskrifstofum ráðuneytanna til úrlausnar. Fjármálaráðuneyti Norðurlandanna, þ.e. í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, eiga það sammerkt að hafa efnahagsskrifstofur sem leysa úr margvíslegum en áþekktum verkefnum.

2. Starfsemi hagdeilda fjármálaráðuneyta er hliðstæð starfi hagdeilda seðlabanka

Efnahagsskrifstofur fjármálaráðuneyta á Norðurlöndum eru sambærilegar hagdeildum seðlabanka ríkjanna. Viðfangsefni beggja eru á sviði hagstjórnar en hagdeildir seðlabankanna fást við framkvæmd stjórnar peningamála meðan starfsemi efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytanna miðast við framkvæmd stjórnar opinberra fjármála. Ýmsar ástæður eru fyrir því að hagdeildir eru mikilvægar fyrir stjórn peningamála og stjórn ríkisfjármála og er það rakið hér að neðan.

3. Vinna við þjóðhagsforsendur er nátengd áætlanagerð og ákvarðanatöku við ríkisfjármálin

Til að undirbúa gerð fjárlaga og langtímaáætlunar ríkissjóðs framkvæma efnahagsskrifstofur þjóðhagsspár og gefa út sérstakar þjóðhagsskýrslur. Í tengslum við það eru gögn um fjármál ríkissjóðs uppfærð og gerð áætlun og langtímaspá fyrir tekjur, gjöld og afkomu ríkissjóðs, sem og skuldastöðu ríkissjóðs, og fylgst með framgangi þeirra mála. Til viðbótar því gera efnahagsskrifstofur rannsóknir á áhrifum hagskipulags á atvinnustig, jöfnuð og velferð. Í því sambandi eru gjarnan til skoðunar breytingar á skattkerfum ríkjanna, fyrirkomulagi opinbers rekstrar, fjárfestingu eða skuldsetningu hins opinbera.

4. Þjóðhagsspá og tekjuáætlun eru metin í heildstæðu samhengi

Ástæða þess að hagdeildir eru til staðar í fjármálaráðuneytum en ekki utan þeirra er vegna þeirrar hagkvæmni og skilvirkni sem því fylgir. Efnahagsskrifstofur vinna náið með öðrum skrifstofum fjármálaráðuneytanna, hagstofum ríkjanna og öðrum stofnunum um þessi mál. Það að hafa þjóðhagsspár og áætlun um tekjur, gjöld og afkomu á einni hendi, styrkir mat á stöðu og horfum í opinberum fjármálum, áætlanagerðina, rannsóknir, stefnumótunarvinnu og ákvarðanatöku. Í dag eru hagspár og tekjuspár ríkissjóðs orðnar það samofnar að ekki verður auðveldlega greint á milli. Þannig hafa hagspár afgerandi áhrif á spár um tekjur hins opinbera en jafnframt hafa aðgerðir í opinberum fjármálum, bæði á útgjalda- og tekjuhlið, áhrif á hagspána. Dýnamískt ferli af því tagi felur í sér að hagspár, tekjuspár og áætlanir um fjárlagaútgjöld þurfa að vera metnar í heildstæðu samhengi. Það sama á við um hagspár vegna stjórnar peningamála, en þar snýr áætlanagerðin að samspili þjóðhagsstærða, vaxta og verðbólgu.

5. Efnahagsskrifstofur sjá um alþjóðlegt samstarf varðandi stjórn ríkisfjármála

Efnahagsskrifstofur Norðurlandanna taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi, sem hefur það markmið að miðla reynslu og þekkingu á sviði hagstjórnar og undirbúa þátttöku fjármálaráðherra á vettvangi Norðurlandanna, EFTA, ESB, OECD og AGS. Þar eru einnig ræddar samanburðarrannsóknir sem alþjóðastofnanir framkvæma í samstarfi við aðildarríkin. Alþjóðlegar stofnanir og matsfyrirtæki eru talin gegna mikilvægu hlutverki við hlutlægt mat og benda á áherslur í hagstjórn og hagskipulagi sem eru til þess fallnar að stuðla að efnahagslegu jafnvægi og auka velferð íbúanna til lengri tíma.

Þessi lýsing er ekki tæmandi en hún gefur til kynna að Norðurlöndin séu sammála um mikilvægi þess að hafa góða getu til að sinna efnahags- og ríkisfjármálum innan fjármálaráðuneytanna. Starfsemi efnahagsskrifstofanna miðast við að sinna ofangreindum verkefnum af fagmennsku sem er forsenda trúverðugleika.

Hér á eftir er gerð ítarlegri grein fyrir megin verkefnum efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneyta Norðurlandanna með áherslu á það sem líkt er eða ólíkt með starfsemi þeirra í einstökum ríkjum.

Þjóðhagsspár

Allar efnahagsskrifstofur fjármálaráðuneyta á Norðurlöndum eiga það sammerkt að gera þjóðhagsspár tvisvar til þrisvar sinnum á ári sem hluta af áætlanagerð ríkissjóðs. Við þá vinnu starfrækja skrifstofurnar þjóðhags- og önnur reiknilíkön. Víðast er unnið að því að þróa slík líkön og aðferðafræði eða aðhæfa að þörfum fjármálaráðuneytanna. Niðurstaða þeirrar vinnu er kynnt í þjóðhagsskýrslum sem framlag til opinberrar umræðu um stöðu og horfur í efnahagslífinu.

Opinber fjármál

Tekju- og útgjaldaspár eru myndaðar sem hluti af hagspá efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneyta Norðurlandanna. Við gerð þeirra er tekið tillit til þróunar skatttekna hins opinbera, verðlags og veltu á mörkuðum. Greining á stöðu og horfum í efnahagsmálum er nátengd tekjuáætlun og -spá þar sem þróun tekna af einstökum skattstofnum á sér skírskotun í þróun þjóðhagslegra undirliða. Þannig er mat á þróun og horfum í efnahagsmálum lykill að tekjuforsendum fjárlaga og langtímaáætlunar. Sama á við um hagsveiflutengda liði útgjalda eins og tilfærsluútgjöld. Hagspárnar mynda jafnframt þjóðhagsforsendur þær sem lagðar eru til grundvallar fimm ára langtímaáætlun fyrir tekjur, gjöld og afkomu ríkissjóðs og hins opinbera í heild. Um leið hafa langtímaáætlanir mótandi áhrif á gerð áætlana til skemmri tíma. Í Finnlandi, Danmörku og Svíþjóð er langtímastefna í opinberum fjármálum mótuð í samstarfi við ESB-ríkin á grundvelli sáttmálans um stöðugleika og hagvöxt (e. *stability and growth pact*). Megináhersla þar er að tryggja sjálfbærni fjármála hins opinbera og stöðugan vöxt efnahagslífsins. Í langtímaáætlun Noregs er spáð fyrir um stóra útgjaldaliði eins og heilbrigðis- og lífeyrismál en einnig er gerð spá til 50-60 ára sem tengist stjórnun olíusjóðsins.

Hagstjórn

Efnahagsskrifstofur fjármálaráðuneyta á Norðurlöndunum gegna ráðgefandi hlutverki við mótnun stefnu í opinberum fjármálum sem ríkisstjórn og þing taka ákvörðun um. Í fjárlögum hvers árs er sérstakur kafli um hagstjórnarstefnu sem hæfir aðstæðum hverju sinni. Mikilvægur þáttur í því er að meta áhrif fjármála hins opinbera á þjóðarhag. Áætlun um tekjuafkomu ríkissjóðs er fengin með tekju- og gjaldaáætlun, sem m.a. er byggð á þjóðhagsspá. Jafnframt er sveifluleiðrétt tekjuafkoma reiknuð út í tengslum við þjóðhagsspána. Það gefur tilefni til að meta áhrif opinberra fjármála á efnahagslífið, sem er grunnur að hagstjórninni. Stjórn ríkisfjármála er því nátengd gerð hagspár. Í Svíþjóð eru birtar spár sem byggja á stefnu sem þegar hefur verið mörkuð og tilkynnt en sænska ríkið vinnur eftir fjármálareglu sem miðar að því að

skila tekjuafgangi sem er að meðaltali 1% af landsframleiðslu á ári. Í Noregi er hlutverk fjármálaráðuneytisins nokkru víðtækara en á Íslandi og gengur út á að samhæfa efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, en innan þess ramma felst opinber fjármálastjórn.

Rannsóknir á hagskipulagi

Efnahagsskrifstofur fjármálaráðuneyta Norðurlandanna vinna m.a. með skattaskrifstofum ráðuneytanna við að meta áhrif skattbreytinga á vinnuframboð, sparnað, tekjudreifingu og sjálfbærni ríkisfjármála. Undantekning er í Danmörku þar sem er sérstakt skattaráðuneyti. Í Danmörku leggur efnahagsskrifstofan mat á kerfisbreytingar (e. *structural reforms*) sem tryggja að fjármálastefna til lengri tíma verði sjálfbær hvað skuldir hins opinbera varðar. Í Noregi er mat á sjálfbærri umhverfisþróun framkvæmt af efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem samhæfir jafnframt stefnuna á því sviði fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Í Finnlandi er hagrannsóknarstofnun, ETLA, sem framkvæmir margar slíkar rannsóknir.

Alþjóðlegt samstarf

Efnahagsskrifstofur fjármálaráðuneyta Norðurlandanna bera ábyrgð á alþjóðlegum samskiptum um efnahagsmál og hagstjórn á vettvangi OECD, AGS, Norðurlandanna, EFTA og ESB ríkja. Efnahagsskrifstofur fjármálaráðuneyta Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar eru jafnframt meginengiliðir stjórnvalda við ESB varðandi samræmingu efnahagsstefnunnar (e. *policy coordination*). Hvað varðar alþjóðlegt samstarf um aðra þætti stjórnar opinberra fjármála fer sú vinna fram í náinni samvinnu við fjárlagaskrifstofur og skattaskrifstofur ráðuneytanna. Í Svíþjóð og Danmörku eru einnig sérstakar Alþjóðamála-skrifstofur sem koma inn á þessi mál þótt faglega samstarfið fari fram á efnahagsskrifstofunum.

Hlutlægt mat utanaðkomandi aðila

Á öllum Norðurlöndunum eru OECD, AGS og matsfyrirtækin talin veita mikilvægt aðhald í ríkisfjármálum. Í Finnlandi, Danmörku og Svíþjóð veitir Evrópusambandið einnig aðhald í árlegum jafnvægis- og hagvaxtarskýrslum fyrir ríkin. Í Danmörku er starfrækt sjálfstætt „vitringaráð“ sem greinir opinber fjármál og önnur efnahagsmál og heyrir undir efnahags- og viðskiptaráðuneytið (d. *Økonomi- og Erhvervsministeriet*). Það ráðuneyti hefur þó ekki með hagspár að gera en sér um ýmsar hagrannsóknir sem ekki tengjast ríkisfjármálum. Í Svíþjóð er fjármálaráð sem fjallar um sambærileg mál. Þau hafa þó ekki hlutverk við framkvæmd stjórnar ríkisfjármála en geta tjáð sig um það hvernig yfirvöldum tekst til við að ná yfirlýstum markmiðum fjármálastefnunnar.

Töfluviðauki

Tafla 1	Þjóðhagsyfirlit	60
Tafla 2	Utanríkisviðskipti	61
Tafla 3	Þróun þjóðhagsspár fyrir árin 2009–2011	62
Tafla 4	Landsframleiðsla	63
Tafla 5	Tekjur, verðlag og gengi	66
Tafla 6	Fiskafli	67
Tafla 7	Fjármunamyndun eftir atvinnugreinum	68
Tafla 8	Vísbendingar um þróun einkaneyslu	69
Tafla 9	Greiðslujöfnuður við útlönd	70
Tafla 10	Tekjur og gjöld hins opinbera	72
Tafla 11	Tekjur og gjöld ríkissjóðs	73
Tafla 12	Tekjur og gjöld sveitarfélaga	74
Tafla 13	Eignir og skuldir ríkissjóðs	75
Tafla 14	Skuldir og kröfur opinberra aðila	76

Viðaukatafla 1: Þjóðhagsyfirlit 2008-2011

	Milljarðar króna á verðlagi hvers árs				Magnbreyting frá fyrra ári (%) ¹			
	Brb.	Spá			Brb.	Spá		
	2008	2009	2010	2011	2008	2009	2010	2011
1. Einkaneysla	793,8	667,6	665,3	719,9	-7,7	-24,7	-2,5	5,5
2. Samneysla	360,0	378,9	383,8	392,3	2,8	0,5	0,3	0,4
Ríkissjóður og almannatryggingar	235,3	247,8	250,8	255,9	3,2	0,6	0,3	0,2
Sveitarfélög	124,7	131,1	133,0	136,4	2,2	0,4	0,5	0,7
3. Fjármunamyndun	350,4	259,8	292,6	343,4	-21,8	-36,3	11,6	17,7
Atvinnuvegafjárfesting	203,7	178,4	218,2	265,8	-27,2	-26,4	21,4	22,8
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	80,9	36,8	36,1	39,8	-23,1	-60,1	-4,5	6,9
Fjárfesting hins opinbera	65,8	44,6	38,3	37,8	1,6	-40,4	-15,0	-2,3
4. Neysla og fjárfesting alls	1 504,3	1 306,4	1 341,8	1 455,7	-9,2	-21,6	0,8	6,4
5. Birgðabreytingar ²	3,3	-1,9	0,2	0,6	0,1	0,5	0,0	0,0
6. Þjóðarútgjöld, alls	1 507,6	1 304,4	1 342,1	1 456,2	-9,3	-21,3	0,7	6,4
7. Útflutningur vöru og þjónustu	655,1	712,9	743,2	730,7	7,1	0,5	1,6	3,0
8. Innflutningur vöru og þjónustu	697,6	611,0	632,6	640,4	-18,0	-27,9	2,4	6,1
9. Verg landsframleiðsla	1 465,1	1 406,4	1 452,7	1 546,5	0,3	-10,6	0,5	5,0
10. Jöfnuður þáttatekna	-460,5	-126,9	-104,7	-104,5
11. Rekstrarframlög	-4,6	-3,3	-3,3	-3,3
12. Viðskiptajöfnuður (7.-8.+10.+11.)	-507,6	-28,3	2,6	-17,5
13. Vergar þjóðartekjur (9.+10.)	1 004,6	1 279,5	1 348,0	1 442,1	-28,9	21,7	2,4	5,6
14. Viðskiptakjaraáhrif ³	-3,3	-4,4	0,4	-0,3
15. Vergar þjóðartekjur með viðskiptakjaraáhrifum	-32,1	17,3	2,8	5,3
16. Viðskiptajöfnuður (% af VLF)	-34,6	-2,0	0,2	-1,1

Skýringar:

- Miðað við fast verðlag ársins 2000.
- Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.
